


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Grímsnesið góða










# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FIMMTUDAGUR

1. júlí 2010 — 152. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




**Heiðarleiki í fyrsta sæti**

*Gunnar Hersveinn skrifar bók um tólf gildi þjóðfundar.*

**tímamót 36**

**Hvatningarlag fyrir afa**

*Hilmar Tryggvi Finnsson var fjórtán ára þegar hann samdi hvatningarlag fyrir lamaðan afa sinn.*

**fólk 62**



**Bjarni til Akureyrar**

*Markahæsti leikmaður N-1 deildarinnar er farinn frá FH til Akureyrar.*

**sport 56**

**veðrið í dag**




**RIGNING** á landinu í dag og verður mesta úrkoman á Suðausturlandi og Austfjörðum. Það verður strekkingsvindur víða um land en hvassviðri eða jafnvel stormur með suðurströndinni.

**VEÐUR 4**



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**ÓLAFUR ELÍASSON OG HARPA** Listamaðurinn Ólafur Elíasson, sem hannaði glerhjúp tónlistarhússins Hörpu, er nú hér á landi og fylgist með framkvæmdum. Ólafur segir að þótt þeir sem hafi haft frumkvæði að byggingu hússins séu illa liðnir eftir hrunið verði menn að horfa á notagildi byggingarinnar. **Sjá síðu 20.**

# Fimmtíu milljarðar færast á neytendur

**Eftirlitsstofnanir telja ófært að miða við samningsvexti þegar myntkörfulán verða endurreiknuð og mælast til að Seðlabankavextir verði viðmiðið. Samtök neytenda fordæma tilmælin og segja þau á skjön við lög um neytendavernd.**

**EFNAHAGSMÁL** Kostnaður fjármálastofnana vegna endurmats gengistryggðra lána gæti lækkað um allt að 50 milljarða króna ef farið verður eftir tilmælum Seðlabanka Íslands (SÍ) og Fjármálaeftirlitsins (FME), segir Gunnar Þ. Andersen, forstjóri FME. Hann miðar við verstu niðurstöðu frá sjónarhóli fjármálakerfisins, en Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra sagði í viðtali við Fréttablaðið nýlega að hugsanlegt væri að 100 milljarðar féllu á hið opinbera.

Seðlabankinn og FME létu þau boð út ganga til fjármálafyrirtækja í gær að þau skuli endurreikna gengistryggð lán með hliðsjón af lægstu vöxtum sem nú gilda á lánamarkaði. Ekki verði miðað við upphaflega vexti lánanna. Samtök neytenda kalla útspilið stríðsyfirlýsingu og segja stjórnvöld verja fjármálafyrirtækin á kostnað fólksins í landinu.

Tilmælin eru rökstudd með því að aðgerðin eyði óþolandi óvissu sem trufli stöðugleika fjármálakerfisins. Það sé þeirra lögboðna skylda að bregðast við.

Ríkisstjórnin sendi frá sér tilkynningu þar sem kemur fram að hún virði sjálfstæði SÍ og FME. Dómstólar komi þó til með að eiga síðasta orðið varðandi ágreining um myntkörfulánin.

Viðskiptaráðherra segir um tilmæli að ræða sem segi ekkert um endanlega niðurstöðu málsins. Verði lánin hins vegar endurreiknuð út frá samningsvöxtum sé stór hluti af eigin fé bankanna undir. Það sé aðalatriðið. Hann segir þó ekki hættu á því að þeir „færu aftur á hliðina“ yrði það niðurstaða dóms. Hið opinbera, almenningur, myndi síðan fá reikninginn að stærstum hluta.

Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, telur niðurstöðu Hæstaréttar skýra og samningsvextir skuli standa. „Mér finnst þetta mjög hæpið og sé ekki á hvaða lagagrundvelli þessi ákvörðun er tekin. Heimilin eiga að njóta vafans.“

Samtök fjármálafyrirtækja brugðust við í gær með yfirlýsingu. Þar segir að óvissu hafi verið eytt, og gefur það til kynna að tilmælunum verði fylgt, enda segja þeir sem gagnrýna tilmælin að þau séu klæðskerasniðin að vilja fjármálageirans.

Friðrik Ó. Friðriksson, formaður Hagsmunasamtaka heimilanna, segir tilmælin aðför að dómi Hæstaréttar. Verið sé að verja fjármálakerfið og tilmælin séu á skjön við öll lög um neytendavernd.

Hæstiréttur dæmdi gengistryggingu lána ólögmæta 16. júní síðastliðinn. Til að setja umfang málsins í samhengi er fjöldi þeirra sem eru með verðtryggð lán og kaupleigusamninga vegna bifreiðakaupa um 48 þúsund manns. **- shá /** **sjá síðu 16**

Ólafur Arnalds í London:

## Flytur eigin lög með sinfóníu

**FÓLK** Tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds frumflytur nýjustu plötu sína í einni af þremur bestu tónleikahöllum Bretlands, The Bridgewater Hall í Manchester, í kvöld. Hann hefur útsett lög plötunnar fyrir sinfóníuhljómsveit og segir magnað að hlusta á svo færa hljóðfæraleikara spila lögin sín.

Það var tónlistarstjórinn André de Ridder sem fékk Ólaf til að spila en hann er frægur fyrir að útsetja lög fyrir Gorillaz og Radiohead. Á sömu tónleikum flytur gítarleikari Radiohead, Johnny Greenwood, eitt verk en hann er einmitt lærður víóluleikari. **- áp /** **sjá síðu 62**










**SPURNING DAGSINS**



*Anna, verður þetta mat hagan-lega unnið?*

„Já, þetta verður rokk og ról í fínum kjól."

Anna Hildur Hildibrandsdóttir er framkvæmdastjóri ÚTÓN og talsmaður verkefnis sem sett hefur verið á fót um að meta hagræn áhrif tónlistar, kvikmynda og annarra skapandi greina á Íslandi.



**Á KIRKJUÞINGI** Leikmenn og lærðir sitja kirkjuþing.

Boðað til aukakirkjuþings:

# Ræða framhald á niðurskurði

**KIRKJUMÁL** Krafa ríkisins á hendur þjóðkirkjunni um níu prósenta niðurskurð fjárframlaga verður rædd á aukakirkjuþingi á laugardag. Fram kemur í tilkynningu að kirkjuþing hafi í nóvember í fyrra samþykkt tímabundna 169 milljóna króna lækkun framlags frá ríkinu. Framlagið byggir á samningi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar.

Kirkjan hafi talið að lækkunin myndi aðeins gilda út árið 2010. „Af hálfu ríkisvaldsins hefur komið fram að brýn þörf sé á frekari niðurskurði á árinu 2011 og þykir því rétt að kalla eftir afstöðu nýkjörins kirkjuþings til málsins." - gar

Tónleikahald til Reykjavíkur:

# Færðir í Hljómskálagarðinn

**MENNING Samtökin Inspired by Iceland boða til tónleika í Hljómskálagarðinum klukkan 20 í kvöld. Upphaflega átti að halda tónleikana, sem bera heitið Iceland Inspires, að Hamragörðum undir Eyjafjöllum, en sökum stormviðvörunar og rigningar var ákveðið að færa tónleikahaldið í samráði við veðurfræðinga.**

**Búist er við allt að 12 metrum á sekúndu og mikilli vætu undir Eyjafjöllum í kvöld, en veður á að vera stilltara innan höfuðborgarsvæðisins, þótt búast megi við rigningu.** - sv

Sex milljarða krafa Glitnis á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni til sýslumanns:

# Fékk eignir Jóns Ásgeirs kyrrsettar

**DÓMSMÁL** Glitnir fékk fyrir sex vikum kyrrsetningu á eignir Jóns Ásgeirs Jóhannessonar hér á landi. Krafa Glitnis á hendur Jóni Ásgeiri er sex milljarðar króna en umræddar eignir eru metnar á samtals 197 milljónir króna.

Sýslumaðurinn í Reykjavík samþykkti kröfu Glitnis um kyrrsetninguna 20. maí síðastliðinn. Enginn mætti fyrir hönd Jóns Ásgeirs þegar kyrrsetningarkrafan var tekin fyrir hjá embættinu. Fulltrúar þess leituðu þá til lögmanns sem starfaði fyrir Jón í svokölluðu Baugsmáli. „Haft var samband við Gest Jónsson hrl. sem kvaðst ekki vera umboðsmaður gerðarþola í kyrrsetningarmáli þessu," segir í gerðarbók.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**

Meðal kyrrsettu eignanna eru fasteignir á Laufásvegi, Vatnsstíg og Hverfisgötu, jörðin Á í Skagafirði og sumarhús Jóns Ásgeirs og eiginkonu hans við Þingvallavatn. Þá eru kyrrsettir nokkrir bílar, meðal annars tveir Range Rover jeppar, Hummer jeppi og Bentley fólksbíll. Einnig var gerð kyrrsetning í tveimur bankareikningum með samtals um 3,7 milljóna innistæðum og í eignarhluta Jóns Ásgeirs í eignarhaldsfélaginu Þú Blásól ehf.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hafa dómstólar hins vegar fellt úr gildi fyrri ákvörðun sýslumannsins um að kyrrsetja eignir Jóns Ásgeirs á grundvelli kröfu tollstjórans fyrir hönd skattrannsóknarstjóra. - gar

Bönkum settar reglur:

# ESB setur kaupaukum hömlur

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Nýjar reglur Evrópusambandsins, sem ganga í gildi á næsta ári, takmarka þann kaupauka sem stjórnendur banka geta fengið greiddan.

Samkvæmt reglunum geta stjórnendurnir einungis fengið þriðjung kaupaukans greiddan strax, en restin bíður þangað til ljóst þykir að bankinn hafi staðist væntingar.

Þetta eru fyrstu takmarkanir sem nokkurs staðar hafa verið settar á greiðslur kaupauka til stjórnenda banka. - gb

# Sigraðist á sorginni í skóm látinnar móður

**Guðrún Guðmundsdóttir heiðraði minningu látinnar móður sinnar með því að ganga í skóm hennar frá Reykjanestá að Fonti. Faðir Guðrúnar lést daginn fyrir upphaf eins áfangans. Fyrir hvatningu ferðafélaganna hélt hún þó sínu striki.**

**FÓLK** „Við vorum mjög nánar og mér finnst það hafa hjálpað mér að vera í hennar skóm," segir Guðrún Guðmundsdóttir, sem gekk í skóm móður sinnar 732 kílómetra leið frá Reykjanestá að Fonti á Langanesi.

Leiðin sem Guðrún gekk á vegum Útivistar ásamt félögum sínum var farin í mislöngum áföngum frá því í mars 2008 og lauk síðastliðinn laugardag með sex daga göngu frá Ásbyrgi að Fonti. Ellefu manna hópur gekk alla áfangana saman. Ferðalagið hafði sérstaka persónulega þýðingu fyrir Guðrúnu.

„Í mínum huga var þetta minningarganga um Þorgerði Einarsdóttur, móður mína, sem lést árið 2006. Þannig að ég tók hennar gönguskó og gekk í þeim alla leiðina, hvert einasta skref. Þetta var ákveðin leið til að hjálpa mér í gegnum sorgarferlið – að vera úti í náttúrunni, í kyrrðinni," útskýrir Guðrún sem ásamt félögum sínum upplifði náttúruna frá öllum mögulegum sjónarhornum. Hópurinn óð yfir Þjórsá, klöngraðist yfir hinn margsprungna Múlajökul, gekk um stærstu eyðimörk landsins og naut líka fuglalífsins og gróðursins.

Í ágúst í fyrra var á dagskrá að ganga frá Herðubreiðarlindum niður í Ásbyrgi um Jökulsárgljúfrin. Daginn áður lést faðir Guðrúnar, Guðmundur Marinósson. Hún segist strax hafa hugsað að í ferðina gæti hún ekki farið. Fararstjórarnir hafi hins vegar hringt í hana um kvöldið og stappað í hana stálinu.

„Þau sögðu mér að drífa mig því hvað væri betra en að vera



**GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR** Komin heim með skóna hennar mömmu.

úti í náttúrunni og íhuga í friði og spekt? Þannig að ég lét slag standa og er glöð með það núna því þá náði ég þessum áfanga, að því er ég myndi segja með staðfestu foreldra minna í farteskinu," segir Guðrún.

Staðfesta og einbeiting er að sögn Guðrúnar einmitt undirstaðan að því að hafa aldrei misst sjónar á settu marki. Eiginmaður hennar, Rúnar Helgi Vignisson, sem tekið hafi þátt í stórum hluta göngunnar hafi til dæmis eitt sinn boðið henni til Stokkhólms. Sú ferð hefði þýtt að Guðrún hefði tapað einni dagleiðinni. „Ég sagði: því miður – ég þarf að fara í göngurna."

gar@frettabladid.is



**Á LEIÐARENDA** Margbæta þurfti gönguskó móður Guðrúnar Guðmundsdóttur áður en göngunni yfir Ísland lauk á Fonti á Langanesi um síðustu helgi.

Brenndist illa á Grundartanga:

# Maður lést eftir sprengingu

**SLYS Maðurinn sem brenndist illa í vinnuslysi í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga er látinn.**

**Slysið varð í ofnhúsi á annarri hæð verksmiðjunnar um kvöldmatarleytið á þriðjudag. Sprenging varð í ofni og eldtunga og málmslettur brutust út úr honum. Maðurinn var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi. Þar lést hann snemma í gær.**

**Vinnueftirlitið og lögregla rannsaka málið og lá starfsemi verksmiðjunnar niðri í gær. Erlendir sérfræðingar eru einnig á leið til landsins til að rannsaka hvað olli sprengingunni.** - þeb

Framkvæmdastjóri SI hættir:

# Hættur störfum eftir 22 ár

**ATVINNUMÁL** Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins (SI), sagði starfi sínu lausu frá og með deginum í dag.

Jón Steindór hefur starfað fyrir SI í 22 ár, lengst af sem aðstoðarframkvæmdastjóri.



**JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON**

Jón segir starfið hafa verið skemmtilegt og gefandi en nú sé kominn tími til að róa á önnur mið. Hann sé mjög sáttur við störf sín.

Helgi Magnússon, formaður SI, segist skilja og virða ákvörðun Jóns og að honum sé mikil eftirsjá. Tilkynnt verður um ráðningu nýs framkvæmdastjóra á næstu dögum. - sv




Sjálfstæðir Evrópumenn vilja breiða samstöðu um Evrópusambandsviðræður:

# Þjóðin fái úrslitavald um ESB

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðir Evrópumenn segjast harma samþykkt landsfundar Sjálfstæðisflokksins um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

„Hún felur í sér áhrifaleysi flokksins í einhverjum mikilvægustu samningum sem Ísland hefur gengið til á þýðingarmesta tíma samningagerðarinnar. Hún er einnig andstæð þeirri eðlilegu lýðræðiskröfu að fólkið í landinu fái úrslitavald um niðurstöðu málsins," segir í ályktun almenns fundar Sjálfstæðra Evrópumanna í gær.

Í ályktuninni segir mikilvægt að þjóðin gangi sem styrkust til formlegra samningaviðræðna við Evrópusambandið. „Breið pólitísk samstaða er líklegust til að skila góðri niðurstöðu fyrir Ísland. Þjóðin er nú í alvarlegustu kreppu sem hún hefur lent í á lýðveldistímanum og því skiptir miklu að hún kanni til hlítar allar leiðir sem geta tryggt stöðugleika í framtíðinni," segja Sjálfstæðir Evrópumenn sem kveðast taka undir svokallaðri aldamótanefnd Sjálfstæðisflokksins sem hafi varað við því á sínum tíma „að við séum sjálfir að búa okkur til skilyrði og mála skrattann á vegginn og



**FUNDUR SJÁLFSTÆÐRA EVRÓPUMANNA** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra, var á fundinum þar sem Evrópusinnar í Sjálfstæðisflokknum hörmuðu samþykkt landsfundar flokksins um að hætta við umsókn um aðild að ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þar með veikja okkar eigin samningsstöðu er við mætum með sjálfskapaða annmarka til viðræðna". - gar


Kringlan
Opið til 21 í kvöld
Útsala!
Úllen, dúllen, doff!
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 30.06.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,32 | 127,92 |
| Sterlingspund | 191,4 | 192,34 |
| Evra | 156,31 | 157,19 |
| Dönsk króna | 20,981 | 21,103 |
| Norsk króna | 19,663 | 19,779 |
| Sænsk króna | 16,408 | 16,504 |
| Japanskt jen | 1,436 | 1,4444 |
| SDR | 188,19 | 189,31 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 202,0967

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórn RÚV fundaði um ráðningu Sigrúnar Stefánsdóttur:

# Gegnir báðum stöðum áfram

**FJÖLMIÐLAR** „Stjórnin er fyllilega ánægð og sátt við þessa ákvörðun útvarpsstjóra,“ segir Svanhildur Kaaber, formaður stjórnar Ríkisútvarpsins (RÚV), um nýlega ráðningu Sigrúnar Stefánsdóttur sem dagskrárstjóra Sjónvarps.

Stjórn RÚV fundaði á þriðjudag og voru málefni ráðningarinnar rædd, en Sigrún gegndi stöðu dagskrárstjóra útvarps. Staðan dagskrárstjóra Sjónvarps var ekki auglýst og réð Páll Magnússon útvarpsstjóri Sigrúnu án þess að hún sækti formlega eftir starfinu, sem hún þó báði. „Það er þó meginmarkmið stjórnarinnar að láta auglýsa stöður sem þessar,“ segir Svanhildur. „En í þessu tilviki komu upp sérstakar aðstæður vegna veikinda.“



SVANHILDUR KAABER



SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR

Erna Kettler, dagskrárstjóri Sjónvarps síðan í maí, sagði stöðu sinni lausri sökum veikinda fyrr í mánuðinum og var Sigrún þá ráðin í hennar stað. Hún gegnir nú bæði stöðu dagskrárstjóra Sjónvarps og útvarps.

Svanhildur segir að ekki sé búið að taka neinar ákvarðanir hvað varðar stöðu dagskrárstjóra útvarps, en Sigrún muni gegna stöðunum fram á haust.

„Það er engin ástæða til að ákveða neitt núna,“ segir hún. „En það eru ýmsir möguleikar í stöðunni.“ - sv

Ákærður fyrir líkamsárás:

# Braut flösku á höfði manns

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært rúmlega tvítugan mann fyrir stórfellda líkamsárás. Honum er gefið að sök að hafa á síðasta ári í Austurstræti í Reykjavík veist að manni, sparkað nokkrum sinnum í höfuð hans og slegið hann í höfuðið með glerflösku þannig að hún brotnaði. Þetta hafði þær afleiðingar að sauma þurfti sár á höku fórnarlambsins sem einnig kjálkabrotnaði, marðist og tognaði í öxl. Maðurinn sem ráðist var á krefst skaðabóta sem nema ríflega einni milljón króna. - jss



**BYGGINGARVINNA** Flest urðu gjaldþrotin í bygginga- og mannvirkjagerð í maí, eða 26. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

95 fyrirtæki gjaldþrota í maí:

# Gjaldþrotum fjölgaði í maí

**VINNUMARKAÐUR** Alls voru 95 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta í maí, en það eru umtalsvert fleiri en í apríl, þegar 65 fyrirtæki urðu gjaldþrota. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands. Flest voru fyrirtækin í bygginga- og mannvirkjagerð, eða 26. Í maí árið 2009 urðu 67 fyrirtæki gjaldþrota.

Þá fækkaði nýskráðum einkahlutafélögum einnig á milli ára, eða um 22 prósent. Í maí 2010 var 161 nýtt félag skráð, en 206 í sama mánuði í fyrra. Að auki voru skráð 18 samlagsfélög í maí. Alls hafa verið skráð 749 einkahlutafélög fyrstu fimm mánuði ársins, 31 prósent færri en á sama tíma í fyrra þegar þau voru 1.085. - kóp

## LEIÐRÉTT

Ranglega var farið með nafn Sverris Kristinssonar, fasteignasala hjá Eignamiðlun ehf, í fréttaskýringu um nýtt fasteignamat í blaðinu í gær.

Tónleikar til styrktar Ellu Dís fara fram í Grafarvogskirkju í kvöld og hefjast klukkan 20.00.

# Nemendur koma vanbúnir í háskóla

**Brottfall nemenda úr HÍ er óviðunandi og hluti ástæðunnar er ónægur undirbúningur í framhaldsskólum, segir rektor háskólans. Kjarnanám þeirra kannski of lítið, segir ráðherra. Í skoðun er að koma á millistigi eftir stúdentspróf.**

**MENNTUN** Brottfall nemenda úr Háskóla Íslands (HÍ) er óviðunandi, segir Kristín Ingólfsdóttir, rektor skólans. Hún segir að svo virðist sem ein af ástæðunum fyrir brottfallinu sé að nemendur komi ekki nægilega vel undirbúnir úr framhaldsskólum. Hún segir ástæðu til að skoða námsframboð í skólunum.

Fréttablaðið sagði á dögunum frá könnun sem sýndi að stór hluti nemenda fjölmargra framhaldsskóla telur sig ekki fá nægilega góðan undirbúning fyrir háskólanám. Kristín segir könnunina, sem unnin var á vegum HÍ, lið í því að draga úr brottfalli. Henni verður fylgt eftir með nákvæmari úttekt í haust. Hún segir mikilvægt að nemendur framhaldsskóla, foreldra þeirra og samfélagið hafi slíkar upplýsingar.

„Könnunin er liður í að skoða ástæður brottfalls. Það er bæði verið að hugsa um nemendurna og hag þeirra, en einnig fjármuni. Við gætum farið betur með fé ef brottfallið væri minna.“

Kristín segir samstarf háskólans og framhaldsskóla hafa aukist og tengslin vera að styrkjast. Könnunin sendi framhaldsskólunum skilaboð. „Ég held að það sé alveg ljóst að það er ástæða fyrir framhaldsskólana að skoða námsframboðið, bæði með tilliti til þessarar könnunar og niðurstaðna námsgengiskönnunarinnar þegar hún kemur.“

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir námskrá framhaldsskólanna vera í skoðun. Ýmsir hafi lýst yfir áhyggjum af því að kjarnanám sé of lítið. Í framhaldsskólalögunum frá 2008 var skólunum veitt mikið svigrúm til sérstöðu og teljast nú aðeins enska, íslenska og stærðfræði til kjarnanáms.



**HÁSKÓLATORG** Háskólarektor segir ástæðu til að skoða námsframboð í framhaldsskólunum. Brottfall nemenda úr Háskóla Íslands sé óviðunandi.

„Á sama tíma finnum við kröfu um að nemendur eigi rétt á almennum grunni sem sé sambærilegur á milli skóla. Það mundi auðvelda þeim að fara á milli skóla og eins búa þá betur undir háskólanám.“

Katrín segir í skoðun að koma á nýju námsstigi milli framhaldsskóla og háskóla, ekki ósvipað því sem tíðkast í Bandaríkjunum. Þá er einnig í skoðun í háskólanum að setja viðmið um bakgrunn nemenda í fleiri deildum en nú er.

„Við erum að færa kerfið í þrepakerfi og gerum ráð fyrir að skil milli skólastiga verði meira fljótandi en nú er. Það er allt til skoðunar í því.“

Drög að námskránni er að finna á Netinu, en lokadrög munu verða tilbúin næsta vetur.

kolbeinn@frettabaldid.is



**NÝR FORSETI ÞÝSKALANDS** Angela Merkel kanslari ásamt nýkjörnum forseta, Christian Wulff. NORDICPHOTOS/AFP

Spenna í þýska þinginu:

# Wulff kosinn í þriðju umferð

**ÞÝSKALAND, AP** Christian Wulff, frambjóðandi hægri stjórnar Angelu Merkel, var í gær kosinn forseti Þýskalands. Þýska þingið þurfti að ganga þrisvar sinnum til atkvæða í gær til að velja milli þriggja frambjóðenda.

Mikil spenna ríkti í þingsölum í gær og þótt Wulff hafi á endanum unnið sigur á Joachim Gauck, sameiginlegum frambjóðanda sósíaldemókrata og Græningja, þykir mikið áfall fyrir Merkel að kosning forsetaefnis hennar hafi gengið þetta treglega.

Wulff hlaut ekki meirihluta fyrr en Vinstriflokkurinn dró sinn frambjóðanda, Luc Jochimsen, til baka að lokinni annarri umferð. - gb

Bilun í vél ferjunnar Herjólfs:

# Farþegar fastir í tvo klukkutíma

**SAMGÖNGUR** Herjólfur varð vélarvana í innsiglingunni við Vestmannaeyjar um miðjan dag í gær. Báturinn var fullhlaðinn fólki og bifreiðum og ýttu tveir bátar skipinu upp að höfninni til að láta kafara kanna hugsanlegar skemmdir. Smávægileg bilun reyndist vera í vél Herjólfs en hann lagði úr höfn eftir að viðgerðum var lokið. - sv






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**VEÐUR VOTT**

Það er blautur dagur fram undan í dag og úrkomunni fylgir talsverður vindur, sérstaklega með suðurströndinni. Það er nokkur úrkoma í kortunum næstu daga en eftir daginn í dag fer hún minnkandi og verður ekki samfelld heldur í formi skúra.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 30° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 33° |
| Friedrichshafen | 31° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 26° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 25° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 23° |
| París | 31° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*


20 stk
STJÚPUR
995
GARÐPLÖNTU
ÚTSALA
ÖLL SUMARBLÓM
30-50%
afsláttur
Margaríta - Sólboði
Nellikka - Stjúpur - Fjólur
Tóbakshorn - Pelagónía
Silfurkambur - Flauelsblóm
Daggarbrá - Ilmskúfur
...ofl
ALLAR GARÐRÓSIR
30%
afsláttur
Hansarós - Dornrós
Rauðblaðarós
Fjallarós...ofl
100sm
BIRKI Í POTTI
799
1199
SÓLBOÐI
495
990
ALLAR TRJÁPLÖNTUR
30-50%
afsláttur
Birki - Blágreni - Birkikvistur
Geislasópur - Gullregn - Einir
Stafafura - Gljámispill
Alparifs - Blátoppur
Sunnukvistur...ofl
NELLIKKA
495
990
ALLIR ÚTIPOTTAR
30%
afsláttur
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér rétt að Evrópusambandið styrki Ísland til að fara í aðildarviðræður?*

| | |
|---|---|
| Já | 47,2% |
| Nei | 52,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eru tilmæli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins um vexti vegna gengistryggðra lána réttlát?*

Segðu þína skoðun á visir.is vísir

Vísindamenn telja sig hafa fundið ástæðu þess að asbest veldur krabbameini:

# Fjörutíu ára ráðgáta loks leyst

**VÍSINDI** Vísindamenn við krabbameinsrannsóknarstöð á Havaí telja sig loks hafa fundið svör við þeirri spurningu hvernig asbest veldur krabbameini.

Vitað var fyrir að trefjar úr asbesti drepa frumur, en í fjörutíu ár hafa menn reynt að finna út hvernig þetta gæti valdið krabbameini því dauðar frumur ættu ekki að geta vaxið og myndað æxli.

Rannsóknir vísindamannanna leiddu í ljós að asbestið drepur frumur með því að koma af stað vefjadrepi í frumum sem um leið leysir úr læðingi tiltekna prótínsameind, sem nefnd er HMGB1. Hún framkallar bólguviðbrögð sem valda fyrir sitt leyti stökkbreytingum og fleiri þáttum sem örva krabbameinsvöxt.

Það voru þau Haingin Yang og Michele Carbone, sem stýrðu rannsóknunum. Niðurstöður þeirra eru birtar í tímariti Vísindaakademíu Bandaríkjanna, Proceedings of the National Academy of Sciences.

Talið er að tugir milljóna manna þjáist af krabbameini eftir að hafa komist í snertingu við asbest. - gb



**HÆTTULEGT EFNI** Asbest var á tímabili víða notað sem byggingarefni, eins og í Lýðveldishöllinni sem reist var í Austur-Berlín en hefur verið rifin. NORDICPHOTOS/AFP

Listagilið á Akureyri:

## Brosandi sólir flytja skilaboð

**AKUREYRI** Hópur unglinga í vinnuskólanum á Akureyri mun í dag, ásamt listakonunni Jonnu, varpa hulunni af SAMAN-sólinni 2010 í Listagilinu klukkan 11.45. Sólinni er ætlað að ylja bæjarbúum um hjartarætur út sumarið og minna á ánægjulegar samverustundir fjölskyldunnar.

Sumarátak SAMAN-hópsins í ár ber yfirskriftina Saman í sólinni og eru það gular, brosandi sólir sem flytja skilaboð til fólks um bæinn. - sv

Foreldrasamtök eflast:

## Foreldrar fái ráð og stuðning

**FÉLAGSMÁL Samtökin heimili og skóli og Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, undirrituðu samning í vikunni vegna stuðnings samtakanna við foreldra skólabarna.**

**Ráðherra segir mikilvægt að hafa öflug samtök á landinu sem styðja foreldrastarf í skólum og geta jafnframt veitt foreldrum ráðgjöf og stuðning. Samtökin munu einnig gegna hlutverki sem talsmaður nemenda við stefnumótun í menntamálum. Samningurinn nær meðal annars til almennrar símaráðgjafarþjónustu fyrir foreldra.** - sv

# Kostar 190 milljónir ef ráðherrar víkja

**Verði tillaga flokksstjórnar Samfylkingarinnar samþykkt og ráðherrar víkja af þingi kostar það 190 milljónir króna árlega. Kostnaður minnkar ef ráðherrum fækkar. Þá þarf að gjörbreyta þingsalnum því þröngt er um þingmenn núna.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hver verður kostnaðurinn ef ráðherrar segja af sér þingmennsku?

Flokksstjórn Samfylkingarinnarf samþykkti á fundi sínum um nýliðna helgi að ráðherrar flokksins segi sig tímabundið frá þingmennsku, gegni þeir einnig stöðu ráðherra. Beindi hún því til þeirra að þeir gerðu það sem fyrst.

Fyrir þingi liggur tillaga Sivjar Friðleifsdóttur og fleiri um að ráðherrar víki tímabundið af þingi.

Verði það að veruleika í haust er ljóst að umtalsverður kostnaður mun af því hljótast. Það þarf að kalla inn varamenn fyrir alla ráðherrana og því fjölgar þeim sem þiggja þingfararkaup. Aðstaða fyrir þingmennina er ekki til og þyrfti að leigja húsnæði undir þá.

Verði þetta að stefnu ríkisstjórnarinnar og allir ráðherrar segja tímabundið af sér þingmennsku mun árlegur kostnaður Alþingis aukast um 190 milljónir króna. Þá er ekki gert ráð fyrir neinum öðrum breytingum, svo sem fækkun ráðherra eða þingmanna, en fyrirhugað er að fækka þeim fyrrnefndu.

„Ef miðað er við að ráðherrar vikju af þingi og tækju inn varamenn og gert er ráð fyrir tólf ráðherrum, þýðir þetta 190 milljónir króna aukalega á ári,“ segir Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis. Hann áréttar forsendurnar og segir þær geta breyst, en þetta sé eitthvað sem stjórnlagaþing muni huga að í haust. Fækkun gæti orðið í ríkisstjórn eða hjá þingliðinu og eins gæti hluti ráðherra verið utan þings og því þyrfti ekki að kalla varamenn inn.



**ÞINGSALURINN** Mjög þröngt er um þá 63 þingmenn sem sæti eiga í þingsalnum, enda er hann hannaður fyrir mun færri þingmenn. Víki ráðherrar af þingi þarf að kalla varamenn inn fyrir þá og þingmönnum í salnum mun fjölga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þingfararkaup nemur 520 þúsundum króna á mánuði og ráðherrar fá ofan á það 335 þúsund krónur. Auk þingfararkaups fellur ýmis annar kostnaður til. „Þetta snýst ekki bara um þingfararkaup heldur allan annan kostnað, skrifstofu og slíkt, ferðakostnað, starfskostnað og allt sem því fylgir. Væntanlega þyrfti að taka viðbótarhúsnæði á leigu. Alþingi ber engan kostnað af skrifstofum ráðherra, þeir hafa sínar skrifstofur í ráðuneytunum.“

Hugmyndin um að ráðherrar víki af þingi hefur verið til umræðu lengi. Stjórnarandstaðan hefur sett spurningarmerki við hana, ekki síst vegna þess að við það fjölgar þingmönnum stjórnarliða um tíu til tólf með tilheyrandi skekkju á umræðunni.

Alþingissalurinn er lítill og ansi þröngt um þá sem þar sitja nú. Í salnum eru sæti nú fyrir 56 þingmenn, en þeir yrðu 62 ef af breytingunum yrði, þar sem forseti Alþingis hefur sitt eigið sæti.

Helgi segir bæði sjónarmið með og á móti því að ráðherrar víki sæti af þingi. Þannig sé það til dæmis í Noregi og Svíþjóð, en í Danmörku og Þýskalandi sé sama tilhögun og hér er. Hann segir að sé áhugi á að fara í breytingarnar verði að gera þær í stærra samhengi.

„Ég vil ekki gera lítið úr sjónarmiðum þeirra sem vilja aðskilnað framkvæmdarvalds og löggjafarvalds, en maður vill sjá það í stærra samhengi. Verða ráðherrarnir jafn athafnasamir og fyrirferðarmiklir í þinginu eins og verið hefur,“ segir Helgi.

kolbeinn@frettabladid.is

## Opin fyrir hugmyndinni

„Þetta hefur verið rætt innan flokksins, en ekki ályktað þar um, svo ég muni. Það eru ýmsar skoðanir uppi um málið,“ segir Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri grænna og menntamálaráðherra. Sjálf segist hún opin fyrir hugmyndinni. „Þetta kemur alveg til greina af minni hálfu, en ég þekki ekki hvort gera þarf breytingar á stjórnarskránni til að þetta geti orðið að veruleika. Það væri best að skoða þetta í stærra samhengi við aðrar breytingar.“



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

„Ég hef alltaf verið veikur fyrir þessari hugmynd og mér finnst þetta skynsamleg leið,“ segir Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra.

Hann efast um að farið hefði verið í Íraksstríðið ef þurft hefði að sannfæra allan þingflokk Framsóknarflokksins en ekki bara hálfan. „Það eru mörg dæmi úr ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks þar sem þetta hefði verið betra. Einnig úr Viðeyjarstjórn Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks, þar sem óbreyttir þingmenn þess síðarnefnda voru jafnmargir ráðherrum hans. Við slíkar aðstæður er umræðan óeðlilega skökk í þágu ríkisstjórnarinnar. Það er eðlilegra að ráðherrar þurfi að rökstyðja sín mál fyrir þingflokknum og vinna þeim fylgi.“



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**



**BLÓÐBANKINN** Blóðgjafar eru hvattir til að koma í bankann í næstu viku.

Blóðbankanum svarað:

## Um 200 blóðgjafir í vikunni

**HEILBRIGÐISMÁL** Um tvö hundruð blóðgjafar gáfu blóð í Blóðbankanum í vikunni. Enn vantar O mínus blóð en að öðru leyti er birgðastaða góð. Blóðbankinn leitaði til fjölmiðla á mánudaginn eftir aðstoð við að ná til blóðgjafa, en þá voru birgðir af blóði í lágmarki. Tvö ár eru síðan Blóðbankinn varð að leita til fjölmiðla vegna bágrar lagerstöðu.

Sigríður Ósk Lárusdóttir, deildarstjóri Blóðbankans, segir að blóðgjafar hafi brugðist vel við, en aldrei sé til of mikið af blóði í bankanum og hvetur nýja blóðgjafa til að koma í næstu viku. - sv


**Þjóðskrá Íslands**

**Alþingi samþykkti hinn 15. júní 2010 lög um sameiningu Fasteignaskrár Íslands og Þjóðskrár í nýja stofnun, Þjóðskrá Íslands.** Markmið sameiningarinnar er framþróun í skráahaldi og fjárhagsleg hagkvæmni. Stofnunin tekur til starfa í dag, 1. júlí, og sinnir þeim verkefnum sem Fasteignaskrá Íslands og Þjóðskrá höfðu með höndum.

**Höfuðstöðvar Þjóðskrár Íslands eru að Borgartúni 21, Reykjavík.** Einnig eru skrifstofur að Hafnarstræti 95, Akureyri og Austurvegi 4, Selfossi. Veffang er **www.skra.is**, tölvupóstfang afgreiðslu **skra@skra.is** og símanúmer **515 5300**.

Starfsmenn beggja aðila eru áfram að störfum hjá Þjóðskrá Íslands og munum við starfsmenn tryggja að ekkert rof verði á þjónustu og stjórnsýslu hinnar nýju stofnunar við sameininguna. Jafnframt munum við leggja okkur fram um að nýta þau tækifæri sem sameiningin gefur til að stíga ný framfaraskref í skráahaldi og þjónustu.

**Starfsmenn Þjóðskrár Íslands**

Þjóðskrá Íslands
Sími 515 5300
skra@skra.is
www.skra.is

Borgartúni 21
105 Reykjavík
Fax 515 5310

Hafnarstræti 95
600 Akureyri
Fax 515 5420

Austurvegi 4
800 Selfoss
Fax 515 5460

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS




Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18, www.smaralind.is / 528 8000

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvenær er áætluð opnun tónlistarhússins Hörpu?*
2. *Hver leikur eiginkonu Buddy Holly í samnefndum söngleik Austurbæjar?*
3. *Hver skoraði í leik Spánverja og Portúgala á HM?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62

Verðmæti sjávarafla eykst um 34,4 prósent á milli ára:

# Fiskuðu fyrir 35,7 milljarða

**SJÁVARÚTVEGUR** Verðmæti sjávarafla á fyrstu þremur mánuðum ársins nam 35,7 milljörðum króna. Þetta er 9,1 milljarði króna meira en á sama tíma í fyrra. Aflaverðmæti íslenskra skipa var því 34,4 prósentum meira en í fyrra. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Mestu verðmæti skilaði botnfiskurinn, eða 27,4 milljörðum króna og þar af er þorskurinn verðmætastur, 15,2 milljarðar króna fengust fyrir þorskaflann. Það er 30 prósenta aukning frá síðasta ári. Verðmæti flatfisks nam 2,1 milljarði, 25,5 prósentum meira en í fyrra.

Verðmæti uppsjávarafla jókst mest, eða um 83 prósent á milli ára og nam tæpum sex milljörðum þrjá fyrstu mánuði ársins.

Verðmæti afla sem seldur er í beinni sölu útgerða til vinnslu innanlands nam 16,3 milljörðum króna og jókst um 39,7% frá árinu 2009. Verðmæti afla sem keyptur er á markaði til vinnslu innanlands jókst um 45,0% milli ára og var um 5,9 milljarðar. Aflaverðmæti sjófrystingar var 10,4 milljarðar sem 56,1% aukning milli ára. **- kóp**



**ÞORSKUR** Þorskurinn skilaði mestu verðmæti allra fiska fyrstu þrjá mánuði ársins, en 15,2 milljarðar fengust fyrir þorskaflann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Verðmæti afla janúar – mars 2010

**í milljörðum króna**

| | |
|---|---|
| Botnfiskur | 27,4 |
| *Þorskur* | *15,2* |
| *Ýsa* | *4,7* |
| *Ufsi* | *1,5* |
| *Karfi* | *3,7* |
| *Annar botnfiskur* | *2,2* |
| Flatfiskur | 2,2 |
| Uppsjávarafli | 5,9 |
| *Síld* | *0,3* |
| *Loðna* | *2,5* |
| *Kolmunni* | *0,7* |
| *Annar uppsjávarafli* | *2,4* |
| Skel- og krabbadýraafli | 0,1 |
| Annar afli | 0,02 |
| **Verðmæti alls** | **34,4** |

Heimild: Hagstofa Íslands

Utanríkisráðherra til Færeyja:

# Aukið samstarf milli þjóða

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra mun eiga fund með Jørgen Niclasen, utanríkisráðherra Færeyja, í Þórshöfn í dag. Málefni fundarins er Hoyvikursamningurinn, fríverslunarsamningur Íslands og Færeyja. Er það víðtækasti viðskiptasamningur sem Ísland hefur gert.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Einnig verður fjallað um samskipti landanna við ESB og EFTA, auk þess sem rætt verður um samstarf á sviði heilbrigðismála og ýmis önnur mál er varða hagsmuni landanna. Þá verður undirritað samkomulag um samstarf milli utanríkisráðuneytisins og Færeyja í rekstrarmálum. **- sv**

**DÓMSMÁL**

### Hindraði störf lögreglu

Ríkissaksóknari hefur ákært mann á fertugsaldri fyrir að ýta við lögreglumanni sem hugðist handtaka félaga hans og hindra þannig lögreglumanninn við störf sín.

**GRIKKLAND**

### Óeirðir sökum verkfalla

Miklar óeirðir voru í Grikklandi í gær sökum verkfalla. Verkfallsmenn trufluðu fjölda samganga í landinu sem röskuðu áætlunum og ollu töfum ferðamanna. Ferjusiglingar milli grísku eyjanna voru til dæmis stöðvaðar. Grikkland á í miklum efnahagsvanda og ferðamennska því landinu mikilvægari en nokkru sinni. Forstjóri ferðaskrifstofu hafði á orði að með aðgerðum sínum væru verkfallsmenn að drepa síðustu mjólkurkúna.

**ÍSAFJARÐARBÆR**

### 29 vilja bæjarstjórastöðu

Tuttugu og níu vilja bæjarstjórastólinn í Ísafjarðarbæ, en einungis tvær konur eru á lista umsækjenda. Kona hefur aldrei gegnt stöðu bæjarstjóra í Ísafjarðarkaupstað eða Ísafjarðarbæ.

# Breytingar innanfrá betri en kynjakvóti

**Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti jafnréttisstefnu á landsfundi sínum um helgina. Hart var tekist á um stefnuna á fundinum og tók hún ýmsum breytingum.**

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti á landsfundi sínum um helgina jafnréttisstefnu. Samkvæmt stefnunni er það markmið Sjálfstæðisflokksins að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum tækifærum einstaklinga óháð kynferði, aldri, trú og stöðu. Hart var tekist á um stefnuna á landsfundinum og tók hún þó nokkrum breytingum frá upphaflegum drögum.



**KATRÍN HELGA HALLGRÍMSDÓTTIR**

„Ég er mjög ánægð með það að Sjálfstæðisflokkurinn hafi í fyrsta sinn sett fram jafnréttisstefnu, að sjálfsögðu," sagði Katrín Helga Hallgrímsdóttir, sem leiddi starf vinnuhópsins sem bjó til þau drög að jafnréttisstefnu sem lögð voru fyrir landsfundinn. „Að því er ég best veit erum við fyrsti flokkurinn, sennilega á Íslandi og ef ekki þá fyrsti hægri flokkurinn á Norðurlöndunum til þess að setja sér jafnréttisstefnu. Ég held að það sé bara hollt og gott fyrir flokkinn, innra starf hans og flokksmenn, að vita að þetta séu áherslurnar sem flokkurinn vill hafa að leiðarljósi í sínu starfi."

Í greinargerð sem fylgir jafnréttisstefnunni kemur fram að með því að setja sér jafnréttisstefnu horfist Sjálfstæðisflokkurinn í augu við það að staða kvenna og karla í flokkum sé ekki jöfn. Að auki er þar tekið fram að Sjálfstæðisflokkurinn vilji ekki að markmiðum um jafna stöðu karla og kvenna verði náð með kynjakvótum og auk þess að Sjálfstæðisflokkurinn telji að raunverulegum breytingum í þessum efnum verði ekki náð nema með breytingum innan frá.

Skiptar skoðanir voru um efni stefnunnar á landsfundinum og tóku sjö konur og fjórir karlar til máls í umræðum um hana. Tryggvi Þór Herbertsson þingmaður sagði drögin sem lögð voru fyrir fundinn hófleg en Ólafur Hannesson landsfundarfulltrúi reif blað sem drögin voru prentuð á og lýsti þannig skoðun sinni á þeim. Lagðar voru fram þó nokkrar breytingartillögur og voru sumar þeirra samþykktar.

Spurð um þær breytingar sem urðu á stefnunni sagði Katrín Helga: „Auðvitað hefði ég frekar viljað sjá stefnuna fara óbreytta í gegn en ég átti svo sem ekki von á því," og bætti því síðan við að hún hefði viljað sjá stefnuna afdráttarlausari í sambandi við jafnrétti kynjanna.

magnusl@frettabladid.is

### Jafnréttisstefna Sjálfstæðisflokksins

1. Sjálfstæðisflokkurinn starfar á grundvelli frelsis einstaklingsins og jafnrétti. Í öllum störfum flokksins skulu einstaklingar fá að njóta sín óháð kynferði, aldri, trú og stöðu.
2. Það er markmið Sjálfstæðisflokksins að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum tækifærum einstaklinga óháð kynferði, aldri, trú og stöðu. Sjálfstæðisflokkurinn telur að með því að stuðla að jafnrétti kynjanna sé lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls.
3. Við skipun í nefndir og ráð á vegum Sjálfstæðisflokksins ræður fagþekking og hæfni mestu um val einstaklinga.
4. Miðstjórn er falið að fylgja jafnréttisstefnunni eftir og fylgjast með því að eftir henni sé farið í störfum Sjálfstæðisflokksins. Miðstjórn skal útbúa skýrslu til framlagningar á næsta landsfundi Sjálfstæðisflokksins þar sem metinn er afrakstur stefnunnar í störfum flokksins, bæði innra og ytra starfi. Í skýrslunni skulu einnig lagðar fram tillögur til úrbóta, sé þeirra þörf.
5. Jafnréttisstefnan skal endurskoðuð fyrir næsta landsfund Sjálfstæðisflokksins.

**Meðal þess sem tók breytingum á fundinum var:**

- Sjálfstæðisflokkurinn starfar á grundvelli jafnréttis kvenna og karla.
- Það er markmið Sjálfstæðisflokksins að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla.
- Það er markmið Sjálfstæðisflokksins að hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast á öllum framboðslistum flokksins, sérstaklega í efstu sætum. framboðslista.









Norræni fjárfestingarbankinn eykur hlutafé:

# Einblína á endurnýjanlega orkugjafa

**FJÁRMÁL** Stjórn Norræna fjárfestingarbankans hefur ákveðið að auka hlutafé bankans um tvo milljarða evra. Eftir aukninguna mun hlutafé bankans nema 6,1 milljarði evra.

Johnny Åkerholm, forstjóri bankans, segir í tilkynningu að búast megi við því að þörfin á langtímafjármögnun verði mikil á næstu árum, einnig eftir að núverandi efnahagslægð lýkur. „Með auknu hlutafé er Norræni fjárfestingarbankinn betur í stakk búinn til að sinna því mikilvæga hlutverki að aðstoða Norðurlöndin og Eystrasaltslöndin við að viðhalda samkeppnishæfni sinni og vernda umhverfið."

Bankinn mun leggja áherslu á endurnýjanlega orkugjafa í lánveitingum sínum innan orkugeirans. Þá mun bankinn styðja við verkefni sem auka orkuöryggi og orkunýtingu.



**JOHNNY ÅKERHOLM**

Bankinn hefur gert samning við norska orkufyrirtækið Hafslund um 120 milljóna evra lán til ellefu ára. Fyrirtækið hyggst bæta dreifikerfi sitt í Ósló og nágrannasveitum og endurnýja raflínur.

Norræni fjárfestingarbankinn er í eigu Norðurlandanna, þar með talið Íslands, og Eystrasaltslandanna. **- kóp**

# Útsala

## Allar útsöluvörur

## 250-3000 kr

**Bolir 250-2000 kr.**
**Peysur 1000-3000 kr.**
**Buxur 1000-3000 kr.**
**Skór 1000-3000 kr.**
**Heimilisvara 250-2000 kr.**

Þessi auglýsing á við fatnað,skó og heimilisvöru, ekki raftæki, leikföng og húsgögn

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**GENGIÐ Á VATNI** Vatnsgönguboltinn hefur aldeilis slegið í gegn við strendur Svartahafs. Inni í honum getur fólk hoppað og leikið sér á vatni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ákærður fyrir skattalagabrot:

## Leigði út starfsfólk án heimildar

**DÓMSMÁL Liðlega fertugur karlmaður með lögheimili í Bretlandi hefur verið ákærður af ríkislögreglustjóra fyrir að hafa í heimildarleysi rekið starfsmannaleiguþjónustu hér á landi með því að leigja út starfsmenn gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustöðum og undir verkstjórn annarra fyrirtækja á árinu 2006.**

**Þá er manninum gefið að sök að hafa ekki staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti á sama ári þegar hann gegndi starfi stjórnarformanns og prókúruhafa einkahlutafélags hér á landi. Virðisaukaskatturinn sem maðurinn stóð ekki skil á nemur tæpum 23 milljónum króna.** - jss



**Í SUNDI** Fleiri börn fara í sund þegar frítt er í laugina.

Börnum fer fjölgandi í sundi:

## Frekar í sund ef það er ókeypis

**ÍÞRÓTTIR** Börnum hefur fjölgað mikið í sundi eftir að aðgangur varð ókeypis í Reykjanesbæ. Þetta er meðal niðurstaðna í lokaritgerð Þórunnar Magnúsdóttur til B.S. gráðu í íþróttafræðum við Háskóla Íslands.

Þórunn kannaði hún hvort niðurfelling gjalds í sund hefði aukið hreyfingu barna og þá jafnframt þeirra sem ekki stunda íþróttir í frístundum. Kom í ljós að fjöldi sundgesta jókst að meðaltali um 10.175 heimsóknir frá 2006 til 2009. Ókeypis hefur verið í sund í Reykjanesbæ síðan 2006. - sv

Útgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 2009 voru 579 milljarðar króna:

# Rekstur innan fjárheimilda

**FJÁRMÁL** Ríkisendurskoðun segir heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 2009 hafa verið 23 milljarða umfram fjárlög ársins, eða samtals 579 milljarða króna.

Þrátt fyrir það hafi heildarútgjöldin verið tólf milljarða innan fjárheimilda ársins, sem námu 591 milljarði, en það skýrist af því að með fjáraukalögum bættust þrettán milljarðar við heimildir ársins auk þess sem 22 milljarðar voru fluttir frá fyrra ári.

Ríkisendurskoðun segir ástæðu þess að heimildir ársins þurfti ekki að nýta til fulls, meðal annars þá að kostnaður við endurreisn bankakerfisins hafi reynst minni en áætlaður var.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga, sem birt var í gær.

Á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2010 urðu útgjöld ríkisins sjö milljörðum minni en áætlað var, en tekjur ársins um tveimur milljörðum minni. Þetta varð til þess að rekstur ríkissjóðs varð innan fjárheimilda á tímabilinu. - gb



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA Á ÞINGI** Ríkisútgjöld 2009 reyndust umfram fjárlög en innan fjárheimilda. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skiluðu 16,6 milljörðum:

## Vöruskipti við útlönd hagstæð

**VIÐSKIPTI** Vöruskiptajöfnuður við útlönd var hagstæður sem nam 16,6 milljörðum króna í maí. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands. Alls voru fluttar út vörur fyrir 52,3 milljarða króna og inn fyrir 35,7 milljarða fob (vara afgreidd um borð í flutningstæki).

Þetta er hagstæðari vöruskiptajöfnuður en á sama tíma í fyrra, en þá nam hann 7,3 milljörðum króna á sama gengi. Fyrstu fimm mánuði ársins voru fluttar út vörur fyrir 229,5 milljarða króna, en inn fyrir 174,6 milljarða fob. - kóp

# Minnir á löngu liðna tíma

**Rússarnir ellefu, sem Bandaríkjamenn hafa handtekið og saka um njósnir, þykja ekki hafa valdið Bandaríkjunum teljandi tjóni. Rússar segjast sannfærðir um að samskiptin við Bandaríkin bíði ekki tjón af.**

**BANDARÍKIN, AP** Rússarnir tíu sem handteknir voru í Bandaríkjunum um helgina hafa verið ákærðir fyrir að skrá sig ekki sem erindreka erlends ríkis. Hámarksrefsing við því broti er fimm ára fangelsisvist. Sá ellefti, sem var handtekinn á Kýpur, er ákærður fyrir að hafa árum saman komið peningum til hinna tíu.

Brotin teljast því engan veginn alvarleg, miðað við það sem gengur og gerist í heimi njósnara, og fátt bendir til þess að Rússarnir hafi valdið Bandaríkjunum teljandi tjóni.

Rússarnir eru ungir að árum, búsettir í Bandaríkjunum og sumir með fölsuð bresk eða kanadísk vegabréf. Þeir eru sakaðir um að hafa unnið að því að komast í tengsl við hópa innan bandarískra stjórnmála og stjórnsýslu, í þeirri von að geta haft upp úr þeim upplýsingar sem gagnist Rússlandi.

Utanríkisráðuneyti Rússlands hefur viðurkennt að sumir hinna handteknu hafi verið rússneskir ríkisborgarar, en fullyrðir að þeir hafi ekkert gert til að skaða hagsmuni Bandaríkjanna. Rússneskir ráðamenn segjast sannfærðir um að þetta mál komi ekki til með að skaða samskipti Bandaríkjanna og Rússlands.

Athygli fjölmiðla hefur beinst mjög að hinni 28 ára gömlu Önnu Chapman, rússneskri konu sem hafði komið nokkrum sinnum til Bandaríkjanna áður en hún flutti þangað árið 2005.

Hún hefur auglýst sig mjög á netinu, stundað fasteignaviðskipti og reynt að afla sér sambanda sem víðast. Kunningjar segja hana vingjarnlega og athafnasama með afbrigðum.

Bandarískir saksóknarar segja hana útsmoginn og þrautþjálfaðan njósnara sem féll þó í gildru útsendara bandarísku alríkislögreglunnar FBI sem þóttist vera starfsmaður rússneska sendiráðsins í Bandaríkjunum.

Þau hittust á kaffihúsi á Manhattan í New York, þar sem bandaríski útsendarinn fékk hana til að koma fölsuðu vegabréfi til konu, sem sögð var njósnari.

Hún féllst á það, en fékk bakþanka, hringdi til Rússlands og fékk þar þau ráð að skila vegabréfi sínu inn á lögreglustöð í Bandaríkjunum og halda síðan til Rússlands – líklega hafi komist upp um hana.

Hún fylgdi þessu ráði, en var handtekin á lögreglustöð í New York.

Atburðir þessir vekja athygli á því að enn eru gömlu heimsveldin að burðast við að stunda njósnir um hvert annað. Tveir rússneskir njósnarar afplána nú ævilangan fangelsisdóm í Bandaríkjunum, en í Rússlandi sitja líka nokkrir menn í fangelsi dæmdir fyrir njósnir í þágu Bandaríkjanna.

Viðbrögðin við þessu nýjasta njósnamáli hafa þó verið á ýmsa lund, og þykir ýmsum það spaugilegra en öðrum þætti kannski tilefni til.

„Ég gæti séð þetta fyrir mér á sjötta áratugnum, en núna árið 2010 virkar þetta frekar bara fyndið, með allan þennan ófullkomna búnað sem þau eru sögð hafa notað,“ hefur fréttastofan AP eftir Alan Sokolow, nágranna tveggja hinna handteknu Rússa. Sokolow segist vera af þeirri kynslóð, sem óttaðist virkilega „rauðu hættuna“ og þurfti að taka þátt í æfingum þar sem fólki var sagt að leita skjóls gegn kjarnorkusprengjum undir borðum. „Óttinn var raunverulegur, svo það er átakanlegt að sjá svona nokkuð gerast.“

gudsteinn@frettabladid.is



**BÁÐIR TENGDIR LEYNIÞJÓNUSTUNNI** Myndin er tekin meðan Vladimír Pútín var forseti en Mikhaíl Fradkov forsætisráðherra Rússlands. Pútín er gamall starfsmaður KGB en Fradkov tók árið 2007 við embætti yfirmanns leyniþjónustunnar SVR. NORDICPHOTOS/AFP



**NJÓSNAKVENDI** Hin 28 ára gamla Anna Chapman er sögð hafa hlotið langa þjálfun í njósnastarfsemi á vegum Rússa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Leyniþjónustustofnanir Rússa

- **SVR** er utanríkisleyniþjónusta Rússlands, sambærileg bandarísku leyniþjónustunni CIA. Meginverkefni hennar er að afla upplýsinga um starfsemi erlendra ríkja, samtaka og einstaklinga, meðal annars með njósnum.
- **FSB** er innanríkisleyniþjónusta Sovétríkjanna sem hefur með öryggi ríkisins að gera, sambærileg bandarísku alríkislögreglunni FBI. Hún hefur meðal annars það verkefni að fylgjast með andstæðingum stjórnarinnar í Kreml.
- **GRU** er leyniþjónusta rússneska hersins, sem var stofnuð á tímum Sovétríkjanna og gegnir enn sama hlutverki og þá, nefnilega að afla upplýsinga um hernaðarleyndarmál annarra ríkja, vopnabúnað þeirra og vopnaframleiðslu.
- **KGB** var hin alræmda leyniþjónusta Sovétríkjanna. Skömmu fyrir hrun Sovétríkjanna var henni skipt upp í nokkrar smærri stofnanir, sem tóku við starfsemi hennar, þar á meðal bæði SVR og FSB.






Hópur vísindamanna í Wales rannsakar umhverfisáhrif vegna öskufalls:

# Walesverjar rannsaka gjósku

**NÁTTÚRA** Rannsóknir á ösku frá Eyjafjallajökli eru nú stundaðar í Snowdon þjóðgarðinum í Wales sem dregur nafn sitt af hæsta fjalli landsins. Vísindamenn safna þar gras- og regnvatnssýnum í þeim tilgangi að meta umhverfisáhrif öskufallsins á svæðinu.

Dylan Lloyd, sérfræðingur hjá umhverfisskrifstofunni CCW, segir í viðtali við dagblaðið Daily Post að ekkert bendi til þess að öskufallið frá eldgosinu í Eyjafjallajökli hafi haft skaðleg áhrif þar á bæ. Hins vegar sé rannsóknin skammt á veg komin og of snemmt að fullyrða nokkuð um áhrifin.

Vísindamennirnir sjá rannsóknina ekki síst sem undirbúning frekari náttúruhamfara hér á landi. „Ef annað eldgos verður og annað eldfjall í næsta nágrenni er mjög virkt, þá höfum við aflað mikilvægra gagna til að meta áhrif þess,“ segir Alex Turner, einn vísindamanna CCW.

Vísindamennirnir eru ekki síst að mæla magn flúors í jarðveginum, en eins og komið hefur fram í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli getur það haft neikvæð áhrif á skepnur.

Rannsóknamiðstöðin stendur hátt yfir stöðuvatninu Llyn Llydow, í austurhlíðum Snowdon-fjallsins.



**ÖSKURANNSÓKNIR Í WALES** Alex McGregor, sjálfboðaliði hjá CCW, safnar sýnum á Snowdon. Llyn Llydow í baksýn. MYND/DAILY POST

Þar hafa rannsóknir á loftslagsáhrifum verið stundaðar undanfarin ár. Öskurannsóknirnar eru því viðbót við hefðbundin rannsóknastörf hópsins, eins og plöntu- og snjólagarannsóknir. - shá




# Fjórfaldir



## Vildarpunktar Icelandair 1.–5. júlí

### VIKULEGIR VINNINGAR

Í allt sumar verða vikulegir vinningar dregnir út hjá Hemma Gunn og Svansý í þættinum Sumargleðin á Bylgjunni:

- **Vildarpunktar Icelandair**
  allt að 100.000
- **Eldsneytisúttekt hjá Olís**
  fyrir 20.000 kr.
- **Smellugas Olís**
  10 kg hylki

### AÐALVINNINGAR

Í lok sumars verða dregnir út glæsilegir aðalvinningar:

- **Fjölskylduferð til Seattle**
  flug og gisting fyrir 4
- **2000 lítra eldsneytisúttekt**
  sem nemur 1 árs notkun fjölskyldubíls
- **Coleman Diamento gasgrill**
  frá Ellingsen

**Félagar í Vildarklúbbi Icelandair fá fjórfalda Vildarpunkta þegar þeir versla hjá Olís dagana 1. –5. júlí.**

Safnaðu stimplum í Ævintýrakortið um leið og þú verslar og fáðu glaðning í leiðinni. Á hverjum laugardegi verður dregið úr fullstimpluðum kortum í þætti Hemma Gunn og Svansýjar á Bylgjunni. Dregið er um ferðavinninga í formi Vildarpunkta, ríflegar eldsneytisúttektir og Smellugas frá Olís. Í lok sumars er svo dregið úr öllum kortum um enn glæsilegri aðalvinninga. Fylgstu með á ævintýraeyjan.is.

Samstarfsaðilar í Ævintýraeyjuleik Olís:

BYLGJAN 989 · Vildarklúbbur · Svali · Kjörís · Prince Polo · Capri-Sun · OPAL · Daim · mix · KitKat · Coca-Cola · SS



Vinur við veginn

PIPAR\TBWA · SÍA \ 101513



**SKAUTAÐ AF LIST** Heimamenn í Sydney í Ástralíu renna sér á skautum á stærsta svelli borgarinnar. Óvenjukalt hefur verið í Sydney að undanförnu og mældist hitinn í gærmorgun um 4 gráður. NORDICPHOTO/AFP

Newsweek segir heimshagkerfið verða að búa sig undir samdrátt í Kína:

# Hagvöxtur niður í sex prósent

**EFNAHAGSMÁL** Vísbendingar eru um kólnun kínverska hagkerfisins. Þetta fullyrðir Ruchir Sharma, sérfræðingur í málefnum nýmarkaða og framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs bandaríska bankans Morgan Stanley, í úttekt um Kína í nýjasta tölublaði vikuritsins Newsweek.

Í úttektinni fer Sharma yfir helstu hagstæðir landsins, þróun hagkerfisins síðustu misserin og hugsanlegar breytingar á næstu tíu árum.

Hagvöxtur í Kína hefur numið tíu prósentum um nokkurra ára skeið. Útlit er fyrir samdrátt í opinberum framkvæmdum sem felur í sér að störf flytjast síður frá dreifðari byggðum til þéttbýlisins. Í ofanálag reiknar Sharma með að gengi júansins gefi eftir með þeim afleiðingum að eftirspurn dregst saman. Hagvöxtur gæti við það farið niður í sex til sjö prósent.

Dragi úr eftirspurn og framleiðni í Kína geti það haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir heimshagkerfið, ekki síst fyrir þau lönd sem treysta á óbreytta efnahagsþróun í Kína. Þetta á sérstaklega við um Ástralíu, en 64 prósent af útflutningi landsins enda í Kína, og Brasilíu, sem selur þangað rúman helming af vörum sínum. - jab



**NÝR BÍLL SKOÐAÐUR** Kaupæði hefur verið í Kína um nokkurra ára skeið. Útlit er fyrir að draga muni úr kaupmættinum á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Borgarstjóri í skólaheimsókn:

# Missti niðrum sig buxurnar

**BRETLAND Colin Hall, borgarstjóri í Leicester á Bretlandi, hefur beðist afsökunar á því að hafa misst niður um sig buxurnar fyrir framan hóp skólabarna.**

**Hann var í heimsókn á bókasafni skólans þegar óhappið varð, en segist því miður ekki hafa verið með belti um sig miðjan.**

**Borgarstjórinn hefur verið í megrunarátaki undanfarið, hefur breytt um mataræði og verið duglegur að ganga á staði sem hann þarf að heimsækja vegna starfs síns.** - gb

Kreppan í Bandaríkjunum:

# Demókratar bjartsýnir

**BANDARÍKIN** Rúmur helmingur Bandaríkjamanna segist hafa fundið fyrir áhrifum kreppunnar með einum eða öðrum hætti síðastliðna þrjátíu mánuði. Á meðal áhrifanna eru launalækkun, fækkun á vinnustunda eða atvinnuleysi. Þetta eru niðurstöður könnunar Pew Research Center sem birtar voru í gær.



BARACK OBAMA

Niðurstöðurnar benda til að neyslumynstur Bandaríkjamanna hefur breyst og væntingar þeirra minni en áður. Þá er athyglisvert að tæpur helmingur þátttakenda segir hagkerfið á leið út úr kreppunni. Demókratar eru í meirihluta þeirra en Repúblikanar í hinum hópnum. - jab

Dómsmálaráðherra segir að huga þurfi að nauðsynlegum aðgerðum til að bæta öryggi lögreglumanna:

# Búnaður sem nýtist öllum æskilegastur

**LÖGGÆSLA** „Ég mun óska eftir því við ríkislögreglustjóra að embættið taki sérstaklega til umfjöllunar öryggi lögreglumanna og að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir til úrbóta eða tillögum skilað til ráðuneytisins.“

Þetta segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra vegna umfjöllunar Fréttablaðsins fyrr í vikunni um tíðara og harðara ofbeldi borgara gegn lögreglumönnum við skyldustörf, oft samfara varanlegum skaða hjá þeim síðarnefndu.

„Það álitaefni hefur verið til umfjöllunar um árabil hvort lögreglumenn og fangaverðir taki í notkun rafstuðtæki, öðru nafni rafbyssur,“ segir dómsmálaráðherra. „Ríkislögreglustjóri hefur komist að þeirri niðurstöðu að rafbyssa hafi umtalsverða kosti sem valdbeitingartæki með takmarkaðri áhættu. Þó hefur hann ekki talið ástæðu til, að svo stöddu, að búa öll lögreglulið rafbyssum. Til skoðunar kæmi að heimila sérsveitinni notkun á þeim til reynslu sem valkost í stað skotvopna.“

Ráðherra segir að í ljósi niðurstöðu ríkislögreglustjóra hafi verið litið svo á, við núverandi stöðu í ríkisfjármálum, að í öllu falli sé skynsamlegra að nota þá takmörkuðu fjármuni, sem lögregla hefur til búnaðarkaupa, til að kaupa búnað sem nýtist sem flestum lögreglumönnum, í stað þess að lagt verði út í kostnað við að vopna sérsveitina með rafbyssum.

„Lögreglan hefur þurft að þola niðurskurð fjárheimilda og þess sér stað í starfseminni. Lögreglumenn eru uggandi um öryggi sitt og huga þarf að nauðsynlegum aðgerðum til að búa betur að því.“ - jss



**LÖGREGLA VIÐ STÖRF** Dómsmálaráðherra segir að ekki sé hægt að líta fram hjá því að þær lýsingar, sem birtust í Fréttablaðinu síðastliðinn mánudag, séu alvarlegs eðlis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Nikon

*At the heart of the image*




## NIKON S3000 Sumartilboð

Nett og meðfærileg myndavél með 4x aðdrætti - hentar við öll tilefni. Íslenskur leiðarvísir.
Nú fylgir Golla taska að verðmæti 3.500 kr. með. **Verð: 29.995 kr.**



# I AM YOUR BEST SUMMER DEAL




## NIKON D3000 Sumartilboð

Frábær stafræn SLR myndavél fyrir byrjendur. GUIDE valmyndin auðveldar þér að taka betri myndir strax. Nú fylgir með taska, 2GB minniskort, linsuklútur og strandbolti ásamt íslenskum leiðarvísi og Nikon School námskeiði.
**Verð frá 99.995 kr.**




**www.iamnikon.is**

**Heimilistæki** Suðurlandsbraut 26 og umboðsmenn um land allt | **Sjónvarpsmiðstöðin** Síðumúla 2 | **Beco** Langholtsvegi 84 | **Fotoval** Skipholti 50b | **MAX** Kauptúni 1

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS *SAMA VERÐ UM LAND ALLT*

**219** KR. PK
DORITOS SNAKK 165g POKI

13 KR.STK
**198** KR. PK
BÓNUS FROSTPINNAR 15 STK.

**74** KR. 500 ML

**SAMLOKUOSTUR**
25% AFSLÁTTUR
**1157 KR/KG.**
*Merkt verð 1542 kr.kg.*

BÓNUS *BRAUÐSALAT*
**159** KR. 200g

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
**298** KR. 400g
**DILETTO LÚXUS KAFFI**
400g NÝ MALAÐ EÐA BAUNIR

**FIMMTUDAGSTILBOÐ**
*BÓNUS SAMLOKA OG 33 CL. GOSDÓS*
**198 KR.**

**98** KR. PK
BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK

NÝ BAKAÐ

**198** KR. PK
BÓNUS MJÚKAR KRINGLUR 4 STK

**198** KR. PK
4 STK. BÓNUS KORNKUBBAR

**98** KR.STK
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385g (hálft)

**298** KR. PK
BÚRFELLS TAÐREYKT HANGIÁLEGG
143g /11 SNEIÐAR

**498** KR. PK
PIK-NIK KARTÖFLUSTRÁ

**1298** KR. PK
BÓNUS FROSNIR NAUTABORGARAR (NAUTAKJÖT+PROTEIN) 10 X 120g

**139** KR. PK
4 STÓR BÓNUS HAMBORGARABRAUÐ

**111** KR. PK
BÓNUS PYLSUBRAUÐ

25% AFSLÁTTUR
**598** KR. KG
BÓNUS PYLSUR
MERKT VERÐ 798 KR.KG.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS *SAMA VERÐ UM LAND ALLT*

**Sérskorið ferskt lambalæri**
Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt á lærinu og minna bein !



**1258** KR. KG

BÓNUS FERSKT LAMBALÆRI
FRÁBÆRAR UPPSKRIFTIR Á MATREIÐSLU Á LAMBALÆRI Á www.bonus.is




**898** KR. KG

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
AF NÝSLÁTRUÐU




**30%** AFSLÁTTUR

KJARNAFÆÐI FERSKT
KRYDDAÐ HEIÐALAMB
1398 KR.KG
MERKT VERÐ 1998 KR.KG.




**1598** KR.KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. **20% afsláttur**

*TILBÚIÐ Á PÖNNUNA*



**498** KR. KG

BÓNUS GRILL KJÚKLINGALEGGIR



**565** KR.KG

KJÖRFUGL *FERSKUR* HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 664 KR.KG *15% AFSLÁTTUR*

KF GRILL BERNAIS LAMBALÆRISSNEIÐAR



**30%** AFSLÁTTUR

*2098 KR.KG.*
MERKT VERÐ 2998 KR.KG

SS GRILL LAMBAFILLET GRAND ORANGE



**30%** AFSLÁTTUR

*2918 KR.KG.*
MERKT VERÐ 4168 KR.KG.

KF GRILL BLANDAÐAR LAMBALÆRISSNEIÐAR




**30%** AFSLÁTTUR

*1554 KR.KG.*
MERKT VERÐ 2220 KR.KG

www.bonus.is
Hefur þú skoðað heimasíðu Bónus ?







**459** KR. 1200g




**359** KR. 600g

**ÚRVALS FROSNIR ÁVEXTIR Í HEILSUDRYKKINN**




**149** KR. 2 LTR.




**129** KR. 1 LTR.




**398** KR. PK

TÓMATSÓSA 680g
BBQ SÓSA 612g



**198** KR. PK

BÖKUNARKARTÖFLUR CA 700g




**159** KR. PK

EUROSHOPPER STEIKUR LAUKUR 200g

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## Tilmæli Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins vegna gengistryggðra lána

Þingmenn Hreyfingarinnar:

## Þjónkun við fjármálakerfið

Þingmenn Hreyfingarinnar, þau Margrét Tryggvadóttur, Birgitta Jónsdóttur og Þór Saari, fordæma viðbrögð Seðlabanka, Fjármálaeftirlitsins og ríkisstjórnarinnar við dómi Hæstaréttar um gengistryggð lán; helstu lögspekingar landsins hafi sagt niðurstöðu Hæstaréttar skýra og gengistryggingin sé ólögleg og upphaflegir samningsvextir hljóti að standa.

Löngu er orðið tímabært að almenningur njóti vafans ef einhver er, segir í yfirlýsingu þeirra. „Trúverðugir málsvarar almennings tala einum rómi í þessu máli og gagnrýna stjórnvöld harðlega því ljóst má vera að umrædd tilmæli standast varla lagalega skoðun og eru jafnvel brot á stjórnarskrá. Þjónkun stjórnvalda við fjármálakerfið hefur nú endanlega farið út fyrir öll velsæmismörk,“ segir þar.

- shá

Samtök fjármálafyrirtækja:

## Mikivægt að eyða óvissu

**Samtök fjármálafyrirtækja segja mikilvægt að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hafi eytt óvissu sem skapaðist eftir dóm Hæstaréttar.**

**Þau árétta þó að enn ríki óvissa um það hvaða lánasamningar falli undir tilmæli frá stofnununum. Þá hvetja samtökin stjórnvöld til að tryggja úrlausn annarra óvissuþátta sem fyrst og dómstóla til að vinna mál hratt og örugglega. Því þurfi að skoða strax hvort hægt sé að flýta dómstólaferlinu með einhverjum hætti.**

**Samtökin og aðildarfyrirtæki þeirra segjast harma þá erfiðu stöðu sem viðskiptavinir þeirra séu margir í vegna erlendra lána og réttaróvissu. Ekki náðist í forsvarsmenn einstakra fyrirtækja í gær, en SP Fjármögnun, Lýsing auk viðskiptabankanna og sparisjóða eru aðildarfyrirtæki í samtökunum.** - þeb

### Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar

„Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið hafa sent frá sér tilmæli til fjármálafyrirtækja um hvernig þeim beri að fara með gengisbundin lán. Þótt tímabundin óvissa ríki um endanlega niðurstöðu dómstóla er mikilvægt að stöðuleiki á fjármálamarkaði verði áfram tryggður. Ríkisstjórnin virðir sjálfstæði Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og ber fullt traust til þessara stofnana við að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Dómstólar eiga að sjálfsögðu síðasta orðið varðandi réttarágreining sem enn er uppi vegna gengisbundinna lána og verður réttur aðila til að bera mál undir dómstóla auðvitað ekki frá þeim tekinn og er mikilvægt að niðurstaða fáist sem fyrst.“



### 2 milljóna króna bílalán tekið 2007

**Upphafleg fjárhæð:** 2.000.000 kr. **Lán tekið:** 15. júlí 2007 **Lánstími:** 84 mánuðir **Vaxtaálag:** 3,10% **Mynt:** 50% japanskt jen, 50% svissneskir frankar

| | Útreikningur á stöðu láns miðað við að Hæstaréttur hefði ekki dæmt gengistengingu bifreiðalána ólögmæta | Útreikningur á stöðu láns eftir dóm Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggingar á bifreiðarlán með samningvöxtum | Útreikningur miðað við verðtryggingu og vexti Seðlabanka Íslands | Útreikningur miðað við breytilega vexti Seðlabanka Íslands án verðtryggingar |
|---|---|---|---|---|
| Staða láns | 3.050.123 kr. | 1.235.816 kr. | 1.701.080 kr. | 1.401.078 kr. |
| Fjárhæð síðasta gjalddaga | 67.790 kr. | 26.937 kr. | 38.298 kr. | 33.777 kr. |
| Staða láns miðað við ofborganir | 3.050.123 kr. | 210.278 kr. | 960.670 kr. | 884.895 kr. |
| Ofgreitt til fjármögnunarfyrirt. | 0 kr. | 920.475 kr. | 707.670 kr. | 510.705 kr. |
| Vextir á ofgreiðslu | 0 kr. | 105.063 kr. | 32.740 kr. | 5.479 kr. |
| Inneign hjá fjármögnunarfyrirt. | 0 kr. | 1.025.538 kr. | 740.410 kr. | 516.183 kr. |

Þeir sem vilja fá útreikning á sínu láni til viðmiðunar geta farið á vefsíðu Sparnaðar, www.sparnadur.is, og pantað tíma.

Til þess að fá lánið sitt reiknað þarf viðkomandi að taka með sér lánasamninginn ásamt síðasta greiðsluseðli.

Niðurstaða útreikninga er eingöngu til þess að gefa mynd af hugsanlegri niðurstöðu.

# Lágir vextir gengistryggðra lána sagðir ógna bönkum

**Eftirlitsstofnanir mælast til þess að Seðlabankavextir verði notaðir þegar myntkörfulán verða endurreiknuð. Standi samningsvextir ógnar það stöðugleika og líklegt að ríkissjóður þyrfti að leggja bönkum til nýtt eigið fé.**

„Afnám gengistryggingar hefur verið metið á hundrað milljarða af viðskiptaráðherra ef meirihluti lána endurreiknast á grundvelli samningsvaxta. Ef hins vegar vextirnir sem við erum að tala um verða notaðir þá er höggið á fjármálakerfið mun minna og eitthvað sem þeir geta staðið af sér,“ segir Gunnar Þ. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Gunnar telur raunhæft að kostnaðurinn við að endurreikna lánin út frá Seðlabankavöxtum sé um fimmtíu milljarðar.

Seðlabanki Íslands og FME létu þau boð út ganga til fjármálafyrirtækja í gær að þau skuli endurreikna gengistryggð lán með hliðsjón af lægstu vöxtum sem nú gilda á lánamarkaði. Ekki verði miðað við upphaflega vexti lánanna sem voru yfirleitt í kringum þrjú prósent. Tilmælunum er ætlað að brúa bilið þangað til óvissu um meðferð gengistryggðra lána verður eytt fyrir dómi. Þau eru ekki lagalega bindandi og hverju og einu fjármálafyrirtæki í sjálfsvald sett hvort eftir þeim verður farið.

Lægstu vextir á almennum óverðtryggðum útlánum er nú 8,25 prósent en á verðtryggðum lánum eru vextirnir 4,80 prósent.

„Tilmælunum er ætlað að skapa festu í viðskiptum á fjármálamarkaði og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Stöðugleiki fjármálakerfisins eru mikilvægir almannahagsmunir sem FME og Seðlabankanum ber lögum samkvæmt að standa vörð um. Með tilmælunum eru þessar eftirlitsstofnanir að sinna lagaskyldu sem á þeim hvílir,“ sagði Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóra á blaðamannafundi í gær.

Tilmælin byggja á þeirri afstöðu að hvorki séu lagaleg né efnahagsleg rök fyrir því að vaxtakjör sem áður tóku mið af erlendum millibankavöxtum haldist áfram. Sagði Arnór að slík túlkun á niðurstöðu Hæstaréttar myndi ganga mjög nærri fjármálafyrirtækjunum og ríkissjóður þyrfti aftur að hlaupa undir bagga sem „síðan kæmi niður á öðrum samfélagsþegnum á endanum.“

Arnór, og Gunnar Þ. Andersen, forstjóri FME, vildu þó ekki skrifa undir það í gær að þeir óttuðust annað hrun fjármálakerfisins og ákvörðunina bæri að skoða í því ljósi.

Arnór sagði að reiði og vonbrigði þeirra sem tóku gengistryggð lán sé skiljanleg. Ef lánastofnanir fari að tilmælunum muni staða þeirra batna umtalsvert, þó niðurstaðan verði ekki eins hagstæð og lántakendur höfðu gert sér vonir um.

svavar@frettabladid.is



**SEÐLABANKINN Í GÆR** Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Gunnar Þ. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, kynntu viðbrögð eftirlitsstofnananna við bílalánadómum Hæstaréttar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Tilmæli FME og SÍ til fjármálafyrirtækja

1. Lánasamningar sem að mati viðkomandi fjármálafyrirtækis innihalda óskuldbindandi gengistryggingarákvæði sbr. dóma Hæstaréttar verði endurreiknaðir. Í stað gengistryggingar og erlends vaxtaviðmiðs skal miða við vexti sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum eða ef verðtrygging er valin lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánum [...] nema aðilar semji um annað.
2. Meðferð lána gagnvart viðskiptamönnum fjármálafyrirtækja miði við framangreindar forsendur svo fljótt sem auðið er. Geti fjármálafyrirtæki ekki nú þegar fylgt tilmælunum af tæknilegum ástæðum skal það gæta þess að greiðslur verði sem næst framansögðu en þó fyllilega í samræmi við tilmælin eigi síðar en 1. september 2010.
3. Fjármálafyrirtæki endurmeti eiginfjárþörf sína í ljósi aðstæðna og tryggi að eigið fé verði einnig nægilegt til þess að mæta hugsanlegri rýrnun eigna umfram það sem 1. tölul. leiðir af sér.
4. Skýrslugjöf um gjaldeyrisjöfnuð, lausafjárstöðu og eiginfjárstöðu til FME og SÍ verði miðuð við framangreindar forsendur.

Hagsmunasamtök heimilanna og Samtök lánþega fordæma tilmæli FME og SÍ:

# Lýsa tilmælum sem stríðsyfirlýsingu

„Mér finnst rökin fyrir þessum gjörningi algjörlega fráleit. Tilmælin hafa enga lagalega þýðingu og jafngilda stríðsyfirlýsingu á hendur almennum borgurum á Íslandi,“ segir Guðmundur Andri Skúlason, formaður Samtaka lánþega. „Með þessu er undanlátssemin staðfest gagnvart fjármálafyrirtækjunum og samstaðan um að vanvirða og hundsa réttindi fólks.“

Guðmundur segir það blasa við að búið sé að funda um innihald tilmæla eftirlitsstofnananna í Stjórnarráðinu. Þar hafi þau verið samin þó sjálfstæði Seðlabanka og FME sé haldið á lofti. „Ríkisstjórnin veifar síðan Seðlabanka og FME framan í þjóðina til að kaupa sér frið. Þessi aðgerð lýsir ekki síst pólitísku hugleysi ríkisstjórnarinnar.“

Friðrik Ó. Friðriksson, formaður Hagsmunasamtaka heimilanna, segir að tilmælin séu aðför að dómi Hæstaréttar. Verið sé að verja kerfið sjálft og ýmislegt liggi að baki og hægt að setja spurningamerki við starfshætti stofnananna tveggja. „Tilmælin eru andstæð öllum lögum um neytendavernd og þó að komi upp vafaatriði eigi réttarstaða neytandans að ráða. Hér er kosið að líta framhjá þessum lagagreinum. Sönnunarbyrðinni er meira að segja snúið við. Ef neytendur eru ósáttir ber þeim að sækja sinn rétt í gegnum dómskerfið. Þetta er algjörlega forkastanlegt.“ - shá



**GUÐMUNDUR ANDRI SKÚLASON**



**FRIÐRIK Ó. FRIÐRIKSSON**



# Útsalan er hafin!

## Hundruðir vara á allt að 70% afslætti



heimilistæki - eldhúsáhöld - borðbúnaður klukkur - glös - ljósaseríur ferðavörur - sumarvörur og margt fleira á 25% - 35% - 50% og 70% afslætti.

Útsöluvörur og rýmingarsöluvörur. Allur pakkinn!

**byggtogbúið**

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

facebook.com / byggt.og.buid

**FRÉTTASKÝRING : Almenningssamgöngur á Norðurlöndum**

# Hverfi verði skipulögð út frá strætisvögnum

**Hlutfall íbúa í Helsinki sem nýta sér almenningssamgöngur hefur lækkað undanfarin ár með aukinni sölu á einkabílum. 71 prósent íbúa notar þær á háannatíma. Suvi Rihtniemi sem stýrir almenningssamgöngum í borginni segir þettingu byggðar nauðsynlega forsendu þess að almenningssamgöngur batni í Reykjavík og skipuleggja eigi ný hverfi út frá þeim.**

Í Helsinki nýtir 71 prósent borgarbúa sér almenningssamgöngur á háannatíma. Þetta dugar þó ekki samgönguyfirvöldum, sem hafa útfært stefnu um að þetta hlutfall verði 73 prósent í nánustu framtíð.

Suvi Rihtniemi er forstjóri HSL, sem sér um almenningssamgöngur í Helsinki og umhverfi. Fyrirtækið er hluti borgarkerfisins, undanþegið skatti og á ekki að skila hagnaði. Það sér um að skipuleggja samgöngurnar svo allt gangi upp, selja miðana og svo framvegis. Hins vegar sjá einir átta undirverktakar um að reka vinnuvélarnar: lestir, strætisvagna og ferjur.

Þótt árangurinn sé góður á háannatímanum hefur hlutfall ferða borgarbúa með almenningssamgöngum, af heildarferðum í Helsinki, fallið á nokkrum árum úr 66 prósentum og niður í 42. Suvi segir að með auknum tekjum Finna hafi einkabíllinn orðið vinsælli. En tölurnar ætti þó ekki síður að skoða í ljósi þess að almenningssamgöngukerfi Helsinki hefur verið stækkað mjög og tekur nú til mikils dreifbýlis í kringum borgina, en í útjöðrunum fer hlutfall ferða með almenningssamgöngum niður í 13 prósent.

### Bílaeign mikil í Reykjavík

Þessar tölur allar um nýtingu kerfisins eru vitanlega mun hærri en þær sem þekkjast í Reykjavík, þar sem innan við tíu prósent allra ferða eru farnar með strætisvögnum. Hörður Gíslason, aðstoðarframkvæmdastjóri Strætós, bendir á að erlendis sé gömul hefð fyrir almenningssamgöngum, bílaeign minni og aðgengi einkabílsins að miðborginni víðast hvar þrengt. Í tölum Suviar séu einnig sporvagnar taldir með. Þá er stærðarmunurinn mikill: um milljón finnskir farþegar nýta sér þjónustu HSL dag hvern.


SUVI RIHTNIEMI


HÖRÐUR GÍSLASON

„Ef eingöngu eru bornir saman strætisvagnar í stórborgunum, þá erum við þar í lægri kantinum, en ef bornar eru saman borgir af sambærilegri stærð og við búum í þá er samanburðurinn ekki svo afleitur fyrir okkur," segir Hörður.

Þegar Suvi er spurð ráða um bætt kerfi í strjálbýlli borg eins og Reykjavík, segir hún strax að til að almenningssamgöngur verði skilvirkar þurfi byggðin að vera þétt. Dreifða byggð þurfi að endurskipuleggja með fleiri fjölbýlishúsum. „Og ný hverfi þarf að skipuleggja út frá almenningssamgöngum."

Annað ráð gefur hún um fyrirkomulag sem á ensku er kallað „park and ride", sem mætti kannski þýða sem „lagt og farið af stað" eða eitthvað þess háttar. Það þýðir að íbúar hinna dreifðari byggða koma á morgnana á einkabílum sínum og leggja þeim í bílastæðahús á sínum svæðum. Bílastæðahús þessi eru samtengd rútu- eða lestarstöðvum og á þeim skipta íbúarnir yfir í almenningssamgöngur til að ferðast í miðbæinn. Svo koma þeir aftur úr bænum með vagninum að kvöldi dags, skipta yfir í einkabíl og aka heim.

Þetta hefur þann kost að álag á samgöngukerfinu á annatíma verður miklu minna og bílarnir fylla ekki dýrmæta fermetrana í miðbænum, þar sem afar dýrt er til dæmis að byggja bílastæðahús. Að ekki sé minnst á aukin loftgæði.

„Það er dýrt og erfitt að plana almenningssamgöngur í dreifbýlinu, en það er tiltölulega einfalt að hafa lest sem fer milli nokkurra miðstöðva þar, og sækir fólk sem kemur sér sjálft þangað að heiman. Það getur verið bara ein lína sem heimsækir helstu hverfin," segir Suvi.


**SPORVAGNAR Í HELSINKI** Almenningssamgöngukerfið í Helsinki er virkt frá fimm á morgnana til klukkan tvö á nóttunni.
NORDICPHOTOS/AFP

Jan Egil Meling hjá Trikken, sporvagnakerfi Óslóar, hefur komist að því að aukin framleiðni og framboð á sporvagnaleiðum sé hagkvæmari en að draga saman seglin í sparnaðarskyni. Lítil slík kerfi séu hlutfallslega dýr, miðað við stór kerfi. Það að minnka þau dragi sáralítið úr kostnaði. Aukin framleiðsla sé hins vegar hagkvæmari því fasti kerfiskostnaðurinn sé þá þegar greiddur.

„Þá borgarðu einungis jaðarkostnað við framleiðsluaukninguna," segir hann. Í Ósló hafi framleiðni vagnakerfisins, það er tíðni ferða og sætaframboð, aukist um 26 prósent milli 2003 og 2009. Á sama tíma fjölgaði farþegum um 44 prósent. Alls 43 prósent vegfarenda nota vagnana. Um leið auglýsti Trikken mikið og markaðssetti sig sem millilið borgar og íbúa.

### Margar ferðir á annatíma

Tíðni vagna í Helsinki er talsverð. Almenningssamgöngukerfið þar er virkt frá fimm á morgnana til klukkan tvö á nóttunni. Um helgar er það einnig virkt um nóttina, eftir klukkan tvö.

Á háannatíma kemur sporvagninn á fjögurra til fimm mínútna fresti, en átta til tíu mínútna fresti annars. Strætisvagnarnir spila með sporvögnunum og eru á tíu mínútna fresti þegar mest er að gera, en fimmtán til tuttugu mínútna fresti annars. Þegar eftirspurn er minnst, í mikilli fjarlægð frá miðborginni, ganga vagnarnir á hálftíma, jafnvel klukkustundar fresti.

Þá verður vart kvartað undan annarri þjónustu hjá HSL. Þar, eins og víða í Evrópu, er hægt að fylgjast með því á klukku á stoppistöðvum hve langt er í vagninn. Í Helsinki eru um 1.000 stöðvar búnar þannig. En HSL vill hanna nýtt kerfi, þar sem hægt verður að fylgjast með ferðum vagnanna í rauntíma úr farsíma. Einnig er verið að uppfæra snjallkortakerfið þar í bæ.



Klemens Ólafur Þrastarson
klemens@frettabladid.is



ÓDÝRAR KILJUR Í ÚRVALI

Hrífandi og áleitin saga eftir höfund metsölubókarinnar Dóttir hennar, dóttir mín.

*„Mæli einlægt með bókinni."*

*KS/ midjan.is*




1.990.-
v.á. 2.490.-

HAGKAUP
Ein ferð betra verð


## Kaupmannahöfn friðuð með rafbílum



Í Kaupmannahöfn ferðast álíka margir um með reiðhjólum, einkabílum og almenningssamgöngum. Þar hefur nýlega verið gerð tilraun með rafmagnsstrætisvagna í miðbænum. Vagnarnir eru sjö metra langir og taka 21 farþega. Þeir geta keyrt í allt að 140 kílómetra á hverri rafhleðslu og fara ekki hraðar en fimmtíu kílómetra á klukkustund.

Simon Baadsgaard, sem er umferðarskipuleggjandi hjá Kaupmannahöfn, segir hljóðlausa rafbílana vera hluta yfirstandandi „friðunar" miðborgarinnar.

Verið sé að reyna að draga úr mengun og hávaða þar. Þetta á að fást meðal annars með því að fjölga almenningsrafbílum á kostnað einkabílsins en hefur ekki gengið eftir enn.. Bílarnir hafa verið í notkun síðan í september 2009.

## Hvernig er hægt að bæta bílstjórana?

Veturinn 2006/2007 var erfitt að fá strætóbílstjóra til starfa í Kaupmannahöfn og var það rakið til þess að starfið hefði ekki nægilega góða ímynd meðal almennings. Bílstjórarnir, verkalýðsfélögin og fyrirtækið Movia, sem heldur utan um strætisvagnaleiðir og hluta járnbrauta í Kaupmannahöfn, ákváðu að reyna að breyta þessu. Í sameiningu stofnuðu þessir aðilar meðal annars sérstakan skóla og netsíðu.

Farþegum fannst að bílstjórarnir væru áhugalitlir ekki bara um farþegana, heldur líka um farmiðana. Þá virtust bílstjórar óhamingjusamir og ekki stoltir af sjálfum sér. Ákveðið var að bílstjórarnir myndu byrja á því að líta alltaf framan í farþegana þegar þeir stigu inn í vagninn. Síðan fór í gang samkeppni meðal vagnstjóra um að senda smáskilaboð með bestu söguna úr ánægjulegu samlífi bílstjóra og farþega. Eftir það var farþegum einnig boðið í svipaða samkeppni, og smáskilaboðin birt á sérstakri heimasíðu: Hrósaðu bílstjóranum þínum. Síðast en ekki síst var auglýst. Brosandi bílstjórar urðu andlit og ímynd strætós um víða borg og utan á vögnunum sjálfum.

# ILVA

# OFUR TILBOÐ

## RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

## 1.-4. JÚLÍ

# 25% AF ALLRI SMÁVÖRU



## OG VIÐ MEINUM ALLRI SMÁVÖRU!



© ILVA Ísland 2010

**VISA Lán**
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

**SUMARLEIKUR**
**4. júní - 19. júlí**
Komdu í verslun okkar og taktu þátt í sumarleiknum þar sem þú gætir unnið sumarhúsgögn í garðinn að andvirði **240.000,-** Dregið verður 21. júlí



ILVA kaffi
Tortilla m/osti og skinku, (borið fram með salati).
**690,-**



**ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30**

**FRÉTTAVIÐTAL:** Ólafur Elíasson listamaður og einn af hönnuðum Hörpu

# Ísland vantar enn tónleikahús

**Tónlistarhúsið Harpa verður opnað 4. maí að ári. Húsið er umdeilt enda mikið gengið á við byggingu þess. Ólafur Elíasson myndlistarmaður og einn hönnuða Hörpu bendir á að Íslendinga hafi vantað tónleikahús í hundrað ár. Hrunið breyti því ekki.**



**ÓLAFUR ELÍASSON VIÐ HÖRPU** „Við verðum að sætta okkur við að þeir sem áttu frumkvæði að byggingunni eru ekki lengur vel liðnir. En það á ekki að koma í veg fyrir að við sjáum möguleika hússins." FRÉTTABLAÐIÐ ARNÞÓR

Tónlistarhúsið Harpa verður opnað 4. maí að ári með tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Ólafur Elíasson myndlistarmaður hannaði glerhjúpinn á suðurhlið hússins, sem senn verður settur upp.

Hann var staddur hér á landi ásamt arkitektum frá dönsku arkitektastofunni Henning Larsen og sá þá húsið eftir að það tók á sig mynd berum augum í fyrsta sinn. Og honum leist vel á það sem hann sá.

„Það er allt öðruvísi þegar maður sér húsið bara á teikningum; maður fær ákveðin stærðarhlutföll á tilfinninguna. Nú er hægt að ganga um bygginguna og mæla hana út. Það kom mér þægilega á óvart að byggingin virkar minni en ég gerði mér í hugarlund. Á teikningum virkaði anddyrið líka svo stórt en tónleikasalurinn lítill en nú sé ég að hann kemur virkilega vel út."

Ólafur kom að verkefninu þegar hönnun hússins var nokkuð á veg komin. Arkitektar Henning Larsen höfðu þegar hannað formið á húsinu. Hann hrósar arkitektunum fyrir að fella hugmyndir sínar inn í grunnstoðir hönnunarinnar.

„Þeir eru mjög analýtískir og búnir að greina allt umhverfið í smáatriði og þróa hugmyndir um hvernig húsið myndi tengja saman höfnina og miðborgina. Það var mjög gaman að fylgjast með þeim pælingum en verkefni mitt var að huga meira að smáatriðunum: hvernig upplifun það væri að sjá og koma í húsið, hvernig birtan ætti að vera til að búa til ákveðið drama og þess háttar."

### Samkomuhús endurspeglar gildi

Ólafur segir tónlistarhúsið vera lið í því að búa til ákveðinn heildarsvip á Reykjavík, sem borgina hefur hingað til vantað.

„Mér finnst gaman að pæla í borgarþróun og sjá hvernig ólíkar borgir setja „sinn" svip á skipulagið. Ég vil ekki vera of neikvæður en hér er heildarmyndin í dálítlum graut. Íslendingar hafa verið fljótir að fara eftir norður-evrópskum og bandarískum fyrirmyndum en ekki hugað að eigin sérkennum; það hefur lítið verið unnið með sérkenni Íslands til að búa til bæjarbrag."

Ólafur segir að samkomuhús á borð við Hörpu hafi margþættan, samfélagslegan tilgang og finnst eins og fólk sé að vakna til vitundar um það. „Fólk er í auknum mæli að sjá verðmætin og gildin í opinberu rými. Út á þetta gengur hugmyndin um samkomuhús: það endurspeglar félagsleg og lýðræðisleg gildi samfélagsins. Þetta er rými sem fólk deilir til að upplifa eitthvað saman."

### Jákvætt að ríkið komi að máli

Við hrun bankanna breyttist eignarhaldið á tónleikahúsinu og ríkið tók yfir hlut Björgólfsfeðga. Ólafur segir að sér lítist vel á aðkomu ríkisins.

„Ég hef mikla trú á framtíð þessa húss í höndum hins opinbera. Húsið er ekki fyllilega í eigu ríkisins en ég held að fyrirkomulagið eins og það er núna sé ekki jafn mikil málamiðlun og upphaflega þegar forsendurnar voru fyrst og fremst markaðslegar. Ég hef unnið með mörgum einkaaðilum í gegnum tíðina, bæði söfnum og stofnunum, og það er ágætt fyrir sinn hatt. Við höfum séð slíkar byggingar víða um heim og það er svo sem ein leiðin til að gera hlutina.

En ég held líka að þegar öllu er botninn hvolft snúist þetta líka um gildismat fólksins; hvort það telji að skólar, söfn og tónleikahús eigi að vera í eigu ríkisins eða ekki. Við eigum auðvitað ekki að vera barnaleg og halda að opinber rekstur hljóti að vera betri og heiðarlegri en einkarekinn rekstur. En ég er hlynntur hinu norræna velferðarmódeli þar sem það er álitin ein af skyldum ríkisins að halda úti og leggja rækt við ákveðna menningarstarfsemi."

### Tók hrunið mjög nærri sér

Ólafur segir að það sé þó ekkert gleðiefni hvernig það atvikaðist að ríkið tók yfir byggingu og rekstur hússins. „Hrunið á Íslandi fékk mjög á mig og ég tek raunir Íslendinga mjög nærri mér. Það er ljóst að fólk þarf að venjast tilhugsuninni um að lífið verður öðruvísi héðan í frá. En við verðum líka að horfa fram á veginn. Ég held að við eigum engra kosta völ en að reyna að gera það besta úr því sem við höfum."

### Ísland vantar tónleikahús

Hann telur líka mikilvægt að þótt þeir sem höfðu frumkvæði að byggingu tónlistarhússins séu fallnir í ónáð eigi sú óánægja ekki að beinast að húsinu. „Þetta er auðvitað eitthvað sem þarf að takast á við af hreinskiptni. Staðan er sú að þeir sem byrjuðu á húsinu eru nú fallnir í ónáð; hataðir í raun og veru. En það breytir ekki því að Íslendinga hefur vantað tónlistarhús í hundrað ár. Miðað við gróskuna í tónlistarlífinu hér á landi er það brýn nauðsyn að mínu viti að fá tónlistarhús.

Við verðum að sætta okkur við að þeir sem áttu frumkvæði að byggingunni eru ekki lengur vel liðnir. En það á ekki að koma í veg fyrir að við sjáum möguleika hússins. Gildi tónlistarhússins helgast af því, hvað við ætlum að gera við það og hvernig við notum það. Ef tónleikarnir, dagskráin og samkomurnar takast vel á það eftir að gegna farsælu og mikilvægu hlutverki fyrir þjóðina.

Við eigum ekki að láta eins og það sem gerðist hafi ekki gerst. Hrunið er staðreynd sem við verðum að horfast í augu við. Að hætta við tónlistarhúsið og rífa það niður breytir því ekki. Við eigum að reyna að gera það besta úr því. En það þýðir ekki að við þurfum að gleyma sögu þess og tilurð."



**Bergsteinn Sigurðsson**
bergsteinn@frettabladid.is

## Vladimir Ashkenazy: Skynsamleg ákvörðun

Vefútgáfa þýska vikuritsins Zeits birti viðtal við Vladimir Ashkenazy á þriðjudag, þar sem hann var spurður út í tónlistarhúsið Hörpu.

Hann er spurður hvers vegna hann hafi árum saman barist fyrir byggingu tónlistarhúss í Reykjavík og hvaða áhrif fjármálakreppan hafi haft á verkefnið:

„Árið 1984 stjórnaði ég tónleikum Fílharmoníusveitar Lundúna í Reykjavík – í íþróttahúsi! Alvöru tónlistarsalur var þá ekki til þar. Fyrir tónlistarfólkið var þetta hræðileg reynsla vegna lélegs hljómburðar. Þau ákváðu þess vegna að hefja baráttu fyrir byggingu tónlistarhúss í borginni. Í febrúar 1985 héldum við síðan góðgerðatónleika/stuðningstónleika í London, sem Karl Bretaprins og Díana, þáverandi eiginkona hans, mættu á. Að vísu liðu síðan mörg ár þangað til verkið fór raunverulega af stað. Nú er svo komið að vinnunni er nánast lokið, húsið verður opnað í maí næstkomandi. Ég mun flytja níundu sinfóníu Beethovens ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands.

[...] Einkafjármagnarar hafa allir stokkið frá borði. Stjórnvöld tóku síðan að sér alla fjármögnun. Það var skynsamleg ákvörðun. Hefðu þau stöðvað verkið og haldið áfram seinna þá hefði allt orðið miklu dýrara. Ég met mikils þessa afstöðu stjórnarinnar á þessum tímum. Fórnir hafa verið færðar í menningunni á öðrum stöðum. Vitaskuld hafa verið mótmæli frá fólki sem fór illa út úr kreppunni."



**VLADIMIR ASHKENAZY** Stjórnr sinfóníunni þegar Harpa verður opnuð 4. maí að ári.

Frábær kaup

**Eximo 2010 hjólhýsi á einstöku verði !**

Eximo 520B Hjólhýsi



Verð: 2.698.000kr
Lengd: 5,03 m
Breidd: 2,30 m
Þyngd: 1050 kg
Svefnpláss fyrir 5 (kojuhús)

Eximo 520L Hjólhýsi



Verð: 2.698.000kr
Lengd: 5,03 m
Breidd: 2,30 m
Þyngd: 1050 kg
Svefnpláss fyrir 4

Eximo 460 Hjólhýsi



Verð: 2.550.000kr
Lengd: 4,57 m
Breidd: 2,30 m
Þyngd: 1000 kg
Svefnpláss fyrir 4

- Létt og meðfærileg hús, auðveld í drætti.
- Mjög gott verð.
- Sterklega smíðuð hús.
- Falleg hönnun.

- 91 Lítra ísskápur.
- Gasmiðstöð m/ Ultra heat ( rafm. hitun )
- Litaðar rúður
- 12 og 220 Volta rafkerfi.

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Útilegu maðurinn®

Fossháls 5-7
110 Reykjavík
Sími 551 5600
Fax 551 5601
utilegumadurinn.is


Framhaldslíf fyrir kiljur
Komdu með gömlu kiljurnar og fáðu nýjar í staðinn
Við tökum á móti öllum skáldsögum í kilju frá árunum 2008-2009.
Þú færð 200 kr. fyrir hverja kilju, bæði íslenska og erlenda, og getur þannig safnað þér fyrir nýrri.
Taktu til í bókaskápnum og gefðu bókunum þínum framhaldslíf.
Gildir út júlímánuð.
Ferðalagið byrjar í Eymundsson
Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

**Útgjöldin**
> Verð á dömuklippingu




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** ANDRÉS JÓNSSON, FORMAÐUR ALMANNATENGSLAFÉLAGS ÍSLANDS

## *Er ánægðastur með notaða hluti*



„Ég er alltaf að gera slæm kaup. Ég er nýkominn heim frá Noregi. Þar keypti ég sextíu bækur og greiddi þrjátíu þúsund krónur í yfirvigt fyrir ferðatöskuna. Þegar ég fór að taka upp úr töskunni rann upp fyrir mér að ég hafði keypt tvö eintök af sömu bókinni," segir Andrés Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Góðum samskiptum, sem á dögunum var endurkjörinn formaður Almannatengslafélags Íslands.

Bókin sem Andrés keypti í tveimur eintökum fjallar um það hvernig fjárfestar gátu sneitt hjá áhrifum fjármálakreppunnar. Andrés segir þetta gagnlega bók, betri en þær sem fjalla um það hvernig eigi að breyta manni á stundarfjórðungi.

Nokkrir góðir hlutir falla í flokk með bestu kaupum Andrésar. Þar á meðal er nýlegur iPod með upptökumöguleika, heyrnartól frá Sennheiser sem ketti hans finnast reyndar gómsæt og grænn Saab, árgerð 1976, sem hann keypti rúmlega tvítugur að aldri á áttatíu þúsund krónur. „Þetta var rosa flottur fornbíll með skiptingu í stýrinu. Verst að ég var of blankur til að halda honum við og á endanum var hann dreginn burt." Nýjasta eignin er stillanlegt rúm með innbyggðu nuddi og Tempur rúmdýnu. „Ég keypti það í gær [þriðjudag] og fyrsta nóttin var undursamleg," segir Andrés.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### FÁ BÖRNIN TIL AÐ HLÝÐA

■ *Bjarni Fritzson, handboltakappi og forsprakki Sona Breiðholts, kann á krakkana.*



„Foreldri býður barninu tvo valmöguleika og leyfir því að velja þann sem því líst betur á. Til dæmis ef það gengur illa að fá barnið til þess að bursta tennurnar fyrir svefninn, þá er hægt að spyrja hvort það vilji láta bursta sig með sterku tannkremi eða krakkatannkremi. Með því finnst barninu það vera við stjórn og gengur sátt til verks."

■ **Þjónusta**

## Ekki hægt að sporna við SMS-lánum



Regluverk Evrópusambandsins setur stjórnvöldum skorður þegar kemur að svokallaðum SMS-lánafyrirtækjum. Neytendasamtökin sendu viðskiptaráðuneytinu fyrirspurn þar sem óskað var eftir því að spornað yrði við lánastarfseminni, þar sem boðið er upp á skammtímalán með miklum kostnaði með því einu að senda SMS. Samtökin telja markaðssetningu slíkra fyrirtækja einkum beinast að ungu fólki. SMS-lánin uppfylla skilyrði þeirra laga sem þau falla undir, sem eru lög um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Því verður að treysta á dómgreind neytenda, samkvæmt svari ráðuneytisins sem er birt á heimasíðu samtakanna.

■ **Neytendur**

## Sammála um neytendatilskipun ESB

Borgara- og neytendanefnd Norðurlandaráðs vill að norrænu ríkisstjórnirnar móti sameiginlega afstöðu til neytendatilskipunar Evrópusambandsins. Tilskipunin gerir kröfu um algjört samræmi í löggjöf landa, en það er talið veikja neytendavernd á einstökum sviðum í norrænni neytendastefnu þar sem verndin þar er meiri en á mörgum öðrum stöðum. Nefndin óttast að gengið verði á réttindi neytenda á Norðurlöndunum nema þau taki sig saman og tryggi að hægt verði að gera strangari kröfur en kveðið er á um í tilskipuninni.

■ **Þjónusta**

## Viðskiptavinir Símans varaðir við




Nýtt GPRS-vöktunarkerfi var sett í gang hjá Símanum í gær. Nýjar reglur Evrópusambandsins um GPRS taka gildi í dag og er gripið til þessara ráðstafana þess vegna. Kerfið vaktar netnotkun viðskiptavina sem ferðast innan landa Evrópska efnahagssvæðisins. Kerfið varar svo fólk við þegar gagnanotkun þess hefur náð 80 prósentum af kostnaðarþaki. Þegar 100 prósentum er náð er GPRS aftengt hjá viðskiptavinum, nema þeir óski eftir öðru. Þá hefur Síminn líka virkjað gjaldfrjálst þjónustunúmer og gert móttekin talskilaboð gjaldfrjáls. Einnig fá viðskiptavinir nú SMS með ýmsum upplýsingum stuttu eftir að þeir lenda í löndum innan EES.

■ **Verslun**

## Innflutt grænmeti selt sem íslenskt



Brögð eru að því að innflutt grænmeti sé selt sem íslenskt í verslunum. Samkvæmt lögum er skylda að merkja grænmeti eftir upprunalandi en það virðist ekki alltaf vera gert, að því er fram kemur á vef Neytendasamtakanna. Því hefur sú leið verið farin að pakka íslensku grænmeti, eins og tómötum og paprikum, í auðþekkjanlegar íslenskar umbúðir. Oft reynist erfitt að fá þetta grænmeti í lausu vegna þess að þegar grænmetið er selt í lausu í kössum geta starfsmenn í búðunum auðveldlega ruglast á innlendri og erlendri framleiðslu eða beinlínis sett erlenda vöru í íslenska kassa, samkvæmt samtökunum.

# Betri upplausn og mynd í háskerpusjónvörpum

**Háskerpusjónvörp hafa valdið mörgum fjölskyldum heilabrotum á undanförnum misserum. Auðvelt er að týnast í tækniatriðunum en Fréttablaðið gerði tilraun til að komast til botns í þeim.**



**ÓLÍK AÐ GÆÐUM** Hægt er að finna 37 tommu tæki á tæpar 150 þúsund krónur en mörg kosta hundruð þúsunda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Háskerpusjónvörp hafa verið að ryðja sér til rúms hér á landi sem annars staðar á síðustu árum. Slík sjónvörp sýna myndir í mun hærri upplausn en hefðbundin tæki og bjóða því upp á meiri myndgæði. Upplausnin er þó ekki það eina sem skiptir máli þegar gæði sjónvarps eru metin.

Flest plasma- og LCD-sjónvörp teljast til háskerputækja en til þess að svo sé þarf upplausn sjónvarpsins að vera minnst 1280x720 eða 1024x768. Þegar upplausnin er metin er það seinni talan sem skiptir meira máli og er miðað við að hún þurfi að vera minnst 720 til að um háskerpu sé að ræða.

Sjónvörp sem merkt eru „HD Ready" geta sýnt háskerpuefni af tegundunum 720p og 1080i. Fyrri tegundin, 720p, þýðir að sýndar eru 720 láréttar línur í breiðskjárformi og römmunum er varpað í heilu lagi. Seinni tegundin, 1080i, þýðir að sýndar eru 1080 láréttar línur í breiðskjárformi en römmunum er varpað þannig að hver rammi er brotinn í tvennt. Fleiri láréttar línur eru betri en p-aðferðin til að varpa römmunum er betri en i-aðferðin. Því er 720p og 1080i háskerpuefni nokkurn veginn sambærilegt að gæðum.

Merkimiðinn „Full HD" á háskerpusjónvörpum þýðir yfirleitt að sjónvarpið getur sýnt háskerpuefni af tegundinni 1080p sem er af enn meiri gæðum. Það sama gildir um sjónvörp sem eru merkt „HD ready 1080p" en enn meiri kröfur eru gerðar til „HD ready 1080p". Í báðum tilfellum er upplausnin 1920x1080. Geti sjónvarpið sýnt 24 ramma á sekúndu eru það orðin sambærileg gæði við það sem þekkist í kvikmyndahúsum.

Þegar sjónvarpstæki er keypt er gott að hafa í huga að ef sjónvarpið er minna en 42 tommur er erfitt að koma auga á muninn á „HD ready" og „Full HD" eða „HD ready 1080p" tækjum. Því er í raun óþarfi að kaupa sjónvarp af meiri gæðum en „HD ready" sé það minna en 42 tommur. Fyrir stærri sjónvörp er munurinn meiri og þá fer það sennilega aðallega eftir fjárráðum hvað sniðugast er að kaupa.

**magnusl@frettabladid.is**

### Háskerpusjónvarpsútsendingar á Íslandi

Á Íslandi eru hafnar sjónvarpsútsendingar í háskerpu en þær eru enn í litlum mæli. Síminn og Vodafone bjóða bæði upp á slíkar útsendingar.

Hjá Símanum þarf að leigja HD-lykil sem nýtir dreifileið fyrirtækisins um ADSL-net til að senda út sjónvarpsmerkið. Með lyklinum fylgir HDMI snúra sem nauðsynleg er til að flytja háskerpuefnið í sjónvarpið. Vodafone býður einnig HD-myndlykla til leigu en sjónvarpútsendingar Vodafone fara í gegnum örbylgjuloftnet sem er því nauðsynlegt að hafa. Auk myndlyklanna þarf síðan áskrift að háskerpuútsendingum en einu sjónvarpsstöðvarnar sem senda út í háskerpu á Íslandi enn sem komið er, eru Stöð 2 Sport HD og Discovery HD.

Sjónvarpsútsendingarnar eru ekki 1080p þannig að eina efnið sem hægt er að nálgast í þeim gæðum er efni á Blue-ray mynddiskum eða stafrænt efni af netinu.



# FRÁBÆR HM TILBOÐ!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.

**Panasonic**

## 42" Plasma sjónvarp

TXP42C2
- 42" HD Ready 16:9 Plasma sjónvarp
- Upplausn: 1024x768 punktar
- Vreal 4 Engine tækni
- 100Hz
- 24p Playback
- Skerpa: Real Black Drive 2.000.000:1(Dynamisk)
- x.v Colour 3D
- Colour management
- Motion Pattern
- Noise Reduction
- Sub-Pixel Control
- HD Ready
- Háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari(MPEG4)
- SD/SDHC kortalesari (JPEG/AVCHD)
- Textavarp með 500 síðna minni
- 20w Nicam Stereó V-Audio
- 1 x Scart (með RGB), 2 HDMI(1.3), Component, CI rauf og CVBS tengi



149.990kr
v.á. 179.990.-

**TOSHIBA**

## 32" LCD sjónvarp

32AV636
- 32" 16:9 LCD sjónvarp
- Active Vision
- HD-Ready 720p
- Upplausn: 1366x768
- Skerpa: 18000:1
- Betri myndgæði
- Svartími: 8ms
- Birtustig: 500cd/m2
- Innbyggður DVB-T/C móttakari
- Sjónsvið: 178°
- 20w stereó hljóðkerfi
- VPA(PC) tengi - Auðvelt að tengja við tölvu
- USB 2.0, 4 x HDMI & 2 x scart tengi
- Component, Composite & heyrnatólstengi




119.990kr
v.á. 149.990.-



16.990kr
GOTT VERÐ

**OLYMPUS**

## 12 MegaPixel myndavél FE26

• 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom • Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm) • 2,7" LCD skjár • Face Detection - þekkir andlit • Autofocus, Contrast Detection og White Balance • Auto Exposure og þrjár manual stillingar • Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480) • Fjórar myndstærðir • 13 Scene Modes • Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi • USB tenging við tölvu • Tekur MicroSD kort • 19MB innra minni, USB snúra og AA rafhlöður fylgja • Hugbúnaður fylgir



10.990kr
GOTT VERÐ

**GRUNDIG**

## MP3 spilari 2 GB með útvarpi

MPIXX1200
• 2GB MPIXX 1200 MP3 spilari • 1.8" LCD litaskjár • Spilar MP3 og WMA • FM útvarp með 30 stöðvaminni • Spilar Videó, tónlist og ljósmyndir • e-book, ID3 Tag og Lyric function • Tónjafnari • Tekur microSD kort (að 8GB) • Klukkustunda rafhlöðuending • Heyrnatól, USB kapall, leiðbeiningar og CD fylgja • Virkar með: ME / 2000 / XP / Vista / Mac / Linux Kernel 2.4 stýrikerfi



**UNITED**

## Ferðaútvarp RCD6408

- Útvarp með geislaspilara
- Gamaldags kasettutæki
- Heyrnatólstengi
- Gengur fyrir straum eða rafhlöðum

8.990kr
GOTT VERÐ



**UNITED**

## 22" LCD sjónvarp með DVD spilara

22DD91HD
- 16:10 breiðtjald • Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
- Innbyggður stafrænn móttakari (DVB-T)
- 12v og 220v • Upplausn: 1440x900 • Birtustig: 300 cd/m²
- Svartími: 5ms • Sjálfvirk leit
- Styður PAL(BG/DK/I) og SECAM(BG/DK)
- Nicam Stereó hljóðkerfi • Textavarp
- HDMI, Scart, S-Video & VGA(PC) tengi

69.990kr
GOTT VERÐ



**UNITED**

## 19" LCD sjónvarp með DVD spilara

19DD91HD
- 16:9 breiðtjald • Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
- Innbyggður stafrænn móttakari (DVB-T)
- 12v og 220v • Upplausn: 1440x900 • Birtustig: 300 cd/m²
- Svartími: 5ms • Sjálfvirk leit
- Styður PAL(BG/DK/I) og SECAM(BG/DK)
- Nicam Stereó hljóðkerfi • Textavarp
- HDMI, Scart, S-Video & VGA(PC) tengi

54.990kr
GOTT VERÐ



**UNITED**

## DVD ferðaspilari DVP8077

- Fjölkerfa ferða DVD spilari
- 7" LCD skjár með LED baklýsingu
- Innbyggð Lithium hleðslurafhlaða með allt að 2ja tíma endingu
- 12v og 220v
- Styður DVD, DivX, VCD, MP3, MP4, CD & JPEG
- Hægt að tengja við sjónvarp og hátalara/magnara
- Fjarstýring, kaplar og taska fylgja

19.990kr
GOTT VERÐ

Gildir til 11. júlí á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Europris

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**

# Allt fyrir




21 ltr

**8990**

**KÆLIBOX - 12 V**



FRÁ **990**

**KÆLITÖSKUR**



FRÁ **2990**

**KÆLIBOX**

- 24 ltr, kr 2990
- 32 ltr, kr 5990
- Kælikubbur, 250 gr, kr 245
- Kælikubbur, 1 kg, kr 349



**3990**

**KÚLUGRILL**

- Grillkol, 2 kg, kr 649
- Uppkveikilögur, 1 ltr, kr 689



10 megapixlar

hp invent

**19.990**

**HP MYNDAVÉL**

- Veski, 1 GB minniskort, hleðslutæki og rafhlöður, kr 7999




**2590**

**HNÍFAPÖR**

- 100 hnífar, 100 gafflar og 100 skeiðar



70+10 ltr

**7990**

**BAKPOKI**

- Stór og slitsterkur bakpoki



**27.990**

**DVD SPILARI OG TVEIR SKJÁIR**

- Hægt að festa á sæti
- Með USB og SD kortalesara




**1290**

**GRÓÐURMOLD**

- 50 ltr



**3990**

**BARNAGOLFSETT**



**2990**

**KEILUSETT**



**4990**

**TJALD - EASY CAMP**

- Tveggja manna

Opið frá kl. 10 til 19 um virka daga
og frá kl. 10 til 18 um helgar



**69**
COCA COLA - 33 CL




**299**
VIÐARKOL

# sumarfríið





**6990**
SÓLHLÍF
- Viðarstöng
- Ummál: 3 metrar, hæð: 2 metrar
- Fótur fyrir sólhlíf, 32 kg: kr 6990, 16 kg: kr 4990

VERÐ ÁÐUR: KR 95.990
NÚ: **79.990**
GARÐSETT
- Sófi, glerborð og tveir stólar
- Sessur fylgja
- Úr sterku polyrattan efni



**2599**
GÖNGUSTAFUR
- Stillanleg hæð
- Hámarks hæð: 155 cm








**14.990**
ÚTIARINN

**12.990**
SUNDLAUG - 3 METRAR
- 5000 ltr

**1990**
SÓLSTÓLL





**5990**
ÚTILEGUBORÐ
- 80x60 cm

**7990**
SÓLBEKKUR






**4590**
GÚMMÍBÁTUR
- Með árum og pumpu

VERÐ ÁÐUR: KR 39.990
NÚ: **29.990**
SÓLBEKKUR
- Úr sterku polyrattan efni

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mjög skiptar skoðanir eru um tilmæli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans um gengislán.

## Enn þarf Hæstiréttur að úrskurða

Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið telja sig vera að gegna skyldu sinni, að gæta stöðugleika fjármálakerfisins, með útgáfu tilmæla til fjármálastofnana í gær um útreikning gengistryggðu lánanna, sem Hæstiréttur hafði dæmt að færu í bága við lög.

Þessar tvær eftirlitsstofnanir fjármálageirans telja sig sömuleiðis fara að lögum með því að leggja til að lægstu óverðtryggðir Seðlabankans gildi um lán, sem voru verðtryggð með tengingu við erlenda gjaldmiðla, en að lægstu verðtryggðir vextir gildi um lán, sem hugsanlega verði bundin við hefðbundna verðtryggingu í stað gengistryggingarinnar.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Um þetta eru þó klárlega mjög skiptar skoðanir, eins og komið hefur fram eftir að Seðlabankinn og FME gáfu út tilmælin. Stofnanirnar eru gagnrýndar fyrir að fara ekki að lögum, enda hafa flestir lögfræðingar, sem hafa tjáð sig um dóm Hæstaréttar, talið að eftir að gengisbindingin var úrskurðuð ólögmæt, stæðu upprunalegir vextir eftir. Þeir eru afar lágir og yfirleitt miðaðir við vexti í þeirri mynt, sem lánin voru upphaflega bundin við, en ekki hina háu vexti sem gilt hafa um skuldbindingar í íslenzkum krónum. Þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar liggur fyrir að enginn hefði fengið lán á slíkum vöxtum án verð- eða gengistryggingar þegar lánin voru tekin og enginn fengi lán á slíkum kjörum í dag.

Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri, hefur bent á að miðað við 8,5% óverðtryggða vexti séu þeir sem tóku gengistryggðu lánin mun betur settir en miðað við upphaflegu gengistrygginguna. Þeir eru hins vegar að sjálfsögðu verr settir en ef upphaflegu vextirnir giltu eingöngu, án nokkurrar annarrar viðmiðunar. Arnór hefur sömuleiðis bent á að verði eingöngu samningsvextirnir látnir gilda þýði það áfall fyrir fjármálafyrirtækin, sem geti komið niður á almannahagsmunum. Skattgreiðendur geti neyðzt til að veita fjármálakerfinu enn frekari stuðning og högg á fjármálakerfið kæmi efnahagslífinu í heild sinni illa.

Það jákvæða við tilmæli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins er að fjármálastofnanir geta tímabundið samræmt viðbrögð sín við dómi Hæstaréttar og allir lánþegar fá þannig sömu meðferð í þeirri óvissu, sem enn ríkir. Þau eru sömuleiðis viðmiðun, sem tryggir ákveðinn stöðugleika þar til úr þeirri óvissu verður greitt.

Það blasir hins vegar við að dómstólar verða aftur að koma til skjalanna og úrskurða meðal annars um hvort tilmæli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins eigi sér lagastoð. Á endanum verður það Hæstaréttar að úrskurða um endanlegan útreikning og vaxtaviðmiðun myntkörfulánanna.

Stjórnvöld þurfa öll að leggjast á eitt til að tryggja að sú niðurstaða fáist sem allra fyrst.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Æðsta valdið hundsað

Gísli Marteinn Baldursson hyggst ekki bregðast trausti kjósenda með því að víkja sem borgarfulltrúi. Samþykkt landsfundar flokksins um að þeir sem hafi þegið háa styrki frá félögum víki úr sætum sínum breytir engu þar um. Einstakir styrkir til hans hafi enda ekki verið á meðal hæstu styrkja. Nafn Gísla var hins vegar sérstaklega tiltekið í ræðu með tillögunni, sem og nafn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, sem hefur ekki látið ná í sig síðan. „Landsfundur hefur æðsta vald í málefnum flokksins,“ segir í skipulagslögum hans. Það á greinilega ekki við um styrki Gísla Marteins eða Guðlaugs.



### Hvar er ályktunin?

Það er reyndar allrar athygli vert að skoða heimasíðu Sjálfstæðisflokksins. Líkt og hjá öðrum stjórnmálaflokkum er þar ýmislegt fróðlegt að finna um stefnu og málefni flokksins. Sem og fréttir af landsfundinum. Ályktun landsfundarins um styrkþegana er hins vegar hvergi þar að finna.



### Ekki hægt, of flókið

Aðstoðarmaður borgarstjóra, Heiða Kristín Helgadóttir, segir að Jón Gnarr hafi ekki framkvæmt loforð sín þar sem stjórnsýslan sé mun flóknari en hann hafði gert sér grein fyrir. Þess vegna sé enn grasker á Lækjartorgi.

Hætt er við að stjórnsýslan sé jafn flókin í umfangsmeiri málefnum en lúta að graskerinu. Vonandi er ekki að renna upp fyrir borgarstjóranum að hún sé svo flókin að hann geti ekki betur en forveri hans.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Fjölbreytt atvinnulíf þarf evru

Evrópumál



Árni Páll Árnason
félags- og tryggingamálaráðherra

Í umræðum um aðild að ESB tekst oftast að sleppa því að ræða það sem mestu skiptir. Af hverju eru vextir á Íslandi miklu hærri en í nágrannalöndunum, til mikils tjóns fyrir almenning og fyrirtæki? Af hverju þurfum við að búa við verðtryggingu? Af hverju leiðumst við út í ævintýri á borð við gengistryggð lán til að forðast hátt vaxtastig? Af hverju er erlend fjárfesting bundin við álver og aðra stóriðju?

Svarið er íslenska krónan. Hún er orsök skuldavanda heimilanna. Sveiflur hennar valda háu vaxtastigi og gera það að verkum að enginn vill veita óverðtryggð krónulán. Það er krónan sem heldur frá landinu fjölbreyttri fjárfestingu og þvingar okkur til einhæfra kosta í atvinnuuppbyggingu. Það er krónan sem kallar á endalaus álver.

Sumir nefna nú „sveigjanleika“ krónunnar sem kost í efnahagsstjórninni. Sá „sveigjanleiki“ er annað orð fyrir kjaraskerðingu. „Sveigjanleikinn“ hefur valdið því að kaupmáttur hefur lækkað um 35% og gengistryggðar skuldir um meira en 100%. Lofgjörðin um sveigjanleikann er líkust því að menn lýsi ánægju með húsbruna, vegna þess að hann hækki nú hitastig í nágrenninu og hafi því jákvæð áhrif á loftslagið en horfi fram hjá eyðileggingunni og eignatjóninu sem bruninn veldur. Þegar horft er áratugi til baka dylst engum að tjónið af krónunni er margfalt á við ávinninginn.

Krónan þvingar okkur til einhæfari lausna í atvinnumálum. Sveiflur hennar valda því að enginn erlendur fjárfestir treystir sér til að fjárfesta í almennum atvinnurekstri. Einu fjárfestingarkostirnir eru því fjárfesting erlendra auðhringa í stóriðju, því sá rekstur er svo umfangsmikill og stórkarlalegur að stóriðjufyrirtækin byggja í reynd sitt eigið hagkerfi, sem er óháð krónunni. Sveiflur krónunnar valda ómældu tjóni á minni atvinnurekstri. Samkeppnisgreinar kvöldust undan innistæðulausu hágengi krónunnar. Í fersku minni er hvernig vaxtarbroddar hugverkageirans þurftu að flýja land frá 2003-2008. Vöxtur Marels, Össurar og annarra slíkra fyrirtækja fór fram erlendis. Við misstum úr landi vel launuð, græn hátæknistörf vegna krónunnar.

Nú þurfum við að byggja til framtíðar. Við viljum fjölbreytt og krefjandi störf í hátæknigreinum og smáiðnaði sem standa undir háum launagreiðslum til metnaðarfulls ungs fólks. Til þess þarf stöðugan gjaldmiðil, lága vexti og lága verðbólgu. Krónan mun ekki skapa slíkar aðstæður. Hún er ávísun á fábreytta atvinnuhætti og hún veldur því að betur launuð störf flytjast úr landi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Þrjár systur

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Kreppan mikla 1929-1939 markaði djúp spor í líf þeirra, sem urðu fyrir barðinu á henni. Mörg þekkjum við fólk, sem ólst upp í kreppunni. Sögurnar eru sumar þyngri en tárum taki.

Hagsaga heimsins sýnir, að aukin misskipting er jafnan einn af fyrirboðum fjármálakreppu. Það gerðist í Bandaríkjunum á þriðja áratug síðustu aldar. Græðgi og spilling einkenndu bandarískt þjóðlíf árin fram að kreppu. Þegar svo ber við, er þriðja systirin, misskipting, sjaldan langt undan. Þegar stjórnvöld gefa græðgi og spillingu lausan tauminn, sjást ýmsir ekki fyrir, heldur skara eftir föngum eld að eigin köku á kostnað annarra, sem fá ekki rönd við reist.

### Þegar Harding var forseti

Warren Harding var forseti Bandaríkjanna 1921-23. Forsetatíðar hans er einkum minnzt fyrir spillingu, sem leiddi til fangelsisdóma yfir ráðherrum í stjórn hans, embættismönnum og einkavinum; tveir styttu sér aldur; einn flúði land. Bjarta hliðin á sögunni er sú, að dómskerfi Bandaríkjanna sló eins og klukka og kom lögum yfir ýmsa þeirra, sem höfðu gerzt brotlegir. Misskipting auðs og tekna hélt áfram að ágerast fram í kreppu.

Þessi lýsing á undanfara kreppunnar vestra á að sumu leyti vel við Ísland árin fram að hruni. Græðgi og spilling tóku völdin í boði gerspilltrar stjórnmálastéttar, fyrst með ókeypis afhendingu framseljanlegra aflakvóta og síðan með einkavæðingu bankanna eftir áþekkri forskrift. Árangurinn varð sjávarútvegur á heljarþröm þrátt fyrir forgjöfina og hrundir bankar, holar skeljar. Misskipting færðist mjög í aukana, meðan á þessu stóð, svo sem opinber gögn frá embætti ríkisskattstjóra sýna glöggt og Stefán Ólafsson prófessor hefur öðrum fremur haldið til haga, unnið úr og aukið við.

### Spilling sem hagstærð

Hagstofu Íslands bar skylda til að kortleggja þessa skipulögðu óheillaþróun til að hafa ekki slökkt á svo mikilvægu viðvörunarljósi í aðdraganda hrunsins. Ekki bara það: rétt skal vera rétt. Hagstofan brást þessari skyldu og ýtti með því móti undir óskammfeilinn málflutning stjórnarerindreka, sem héldu því fram, að misskipting hefði ekki aukizt. Þessa óhollu meðvirkni Hagstofunnar fram að hruni þarf að skoða í samhengi við niðursallandi lýsingu Rannsóknarnefndar Alþingis (RNA) á ámælisverðri vanrækslu víða annars staðar í stjórnsýslunni. Rannsóknarnefndinni láðist að fjalla um þátt Hagstofunnar í hruninu, og leiðréttist það hér með.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) brenndi einnig af, blindaður af áhugaleysi Hagstofunnar. Í síðustu skýrslu sinni um Ísland fyrir hrun mærði sjóðurinn stjórnvöld fyrir jafna tekjuskiptingu, að því er virtist grunlaus um þá stórauknu misskiptingu auðs og tekna, sem hér hafði átt sér stað í allra augsýn að undirlagi rangsleitinna stjórnvalda. Ég fann að þessu við sjóðinn og á ekki von á, að starfsmenn hans endurtaki villuna. Sjóðurinn þarf einnig í ljósi skýrslu RNA og ábendinga Evrópuráðsins í gegnum GRECO að hugleiða, hvort honum beri ekki framvegis að fjalla opinskátt í Íslandsskýrslum sínum um spillingu líkt og hann gerir í Keníu, Rússlandi og annars staðar. Óskrifuð regla sjóðsins er að fjalla opinskátt um spillingu í þeim aðildarlöndum, þar sem spillingin virðist hamla framförum, því að þar er spillingin hagstærð. Sjóðurinn gerir Íslendingum engan greiða með því að þegja um spillinguna, sem keyrði bankana í kaf og rústaði efnahag mikils fjölda fólks og fyrirtækja. Hreinskilin orðræða um spillingu er vænleg aðferð til að kveða spillinguna niður. Sjóðnum er þó líkt og Hagstofunni annt um að styggja stjórnvöld helzt ekki nema í neyð.

> Í síðustu skýrslu sinni um Ísland fyrir hrun mærði sjóðurinn stjórnvöld fyrir jafna tekjuskiptingu, að því er virtist grunlaus um þá stórauknu misskiptingu auðs og tekna, sem hér hafði átt sér stað í allra augsýn að undirlagi rangsleitinna stjórnvalda.

### Nýr hagstofustjóri rétti kúrsinn af

Afleiðingar kreppunnar miklu þá vestan hafs og austan og hrunsins hér heima eru einnig að ýmsu leyti keimlíkar, þótt kreppan mikla hafi verið mun dýpri. Atvinnuleysið hér núna er að vísu mikið, en það er þó mun minna en það var í Norður-Ameríku og Evrópu á þriðja áratugnum. Auknu atvinnuleysi fylgir líklega enn aukinn ójöfnuður, þar eð atvinnuleysið kemur jafnan verst niður á þeim, sem höllum fæti standa. Varla munu Hagstofan og AGS láta þann vanda einnig fara fram hjá sér, enda hefur Hagstofan brugðizt vel við umvöndunum mínum og annarra og tekið sig á. Í skýrslu sinni „Tekjuskipting og lágtekjumörk fyrir 2003 til 2006“ í apríl 2009 kannaðist Hagstofan loksins við aukinn ójöfnuð, en þar segir: „Gini-stuðullinn og fimmtungastuðullinn hafa hækkað meira hjá Íslandi en flestum öðrum Evrópuþjóðum. [Hér hefði átt að standa „öllum“ öðrum Evrópuþjóðum, innskot mitt, ÞG.] ... Ísland færist úr 3.-4. sæti árið 2004 í 7.-8. sæti árið 2005 og er komið í 13.-14. sæti árið 2006.“ Þjóðminjasafnið safnar nú skipulega heimildum um íslenzka spillingu fyrr og nú. Framtakið er til fyrirmyndar. Hagstofan þyrfti að leggja safninu lið. Þetta mjakast.

AF NETINU

## Símsvari sem segir Nei

Hér hefur verið vinstri stjórn í hálft annað ár án nokkurs bata á umgengni við hælisleitendur. Í ríkiskerfinu ríkir sama mannhatrið og í tíð Björns Bjarnasonar. Leggja mætti niður Útlendingastofnun og setja í staðinn upp símsvara, sem segir Nei. Fólk í fullri vinnu er hrakið burt fyrir að hafa ekki nægar tekjur. Núverandi dómsmálaráðherra var að vísu ráðuneytisstjóri Björns Bjarnasonar. En hví í ósköpunum er hún nothæf sem ráðherra í vinstri stjórn, sem ætti að hafa mannkærleika í fyrirrúmi? Hvers vegna ríkir þögn meðal fylgismanna stjórnarflokkanna um hneyksli, sem hrópar til himins?

jonas.is

Jónas Kristjánsson

# Hrun bankakerfisins

Hrunið



Ingvar Gíslason
fyrrverandi alþingismaður og ráðherra

Eftir hrun bankakerfisins hlýtur manni að koma í hug ástand stjórnmála í landinu. Hefur stjórn landsins, ríkisvaldið, brugðist hlutverki sínu?

Víst liggur nærri að álykta sem svo. En er auk þess hugsanlegt að stjórnmálaöflin í landinu og önnur samtök sem áhrif hafa á þjóðmálin, séu almennt slöpp að greina stefnur og strauma í landsmálum, hvað er að gerast? Ef svo er þá er það mjög alvarlegt, því að höfuðverkefni stjórnmálamanna og stjórnmálasamtaka er greining, yfirlitskönnun og skilningur á því sem er að gerast á líðandi stund. Grufl um fortíðina og langtímaspekúlasjónir um framtíðina er gott í hófi! Það vill svo til að hver kynslóð lifir á líðandi stundu og ætti ekki að fara mikið fram úr sjálfri sér um tímaskynið í glímunni við tímann. Stjórnmálamenn eru vökumenn síns tíma, þeim ber að standa vörð og vaka á vökunni.

### Hugsjónadauf stjórnmál

Ekki ætla ég að vera svo ósanngjarn að bera það á hvern og einn einasta stjórnmálamann í landinu eða stjórnmálasamtök, að allir hafi sofið á vaktinni. En ég fer ekki ofan af því að íslensk stjórnmál hafa verið hugsjónadauf og hugsanaslöpp um langt skeið. Sá slappleiki felst ekki síst í því að heildarhagsmunir þjóðfélagsins eru eins og hafðir útundan. Um þá er allt á reiki. Þeir eru hvorki ræddir né skilgreindir. Þeir eru ekki viðurkenndir sem grundvöllur stjórntæks, sjálfstæðs ríkis, enda sótt að sjálfstæðishugsjón, fullveldi og þjóðríki, sem afdankaðri forneskju, þótt hún sé í raun nútíminn sjálfur. Það sem hélt íslensku samfélagi saman á nýliðinni öld var sú heildarhyggja, sem fólst í hugsjón sjálfstæðis og fullveldis, þ.e. þjóðríkis. Íslendingar vildu hafa sitt þjóðríki. Þetta var nánast það eina sem allir stjórnmálaflokkar voru sammála um. Sumir kalla þetta „þjóðernisstefnu“ sem á að fela það í sér að þjóðin trúi því að eigið þjóðerni sé ágætara en annað þjóðerni. Slík hugmynd hljómar beinlínis hlægilega. Þegar það er borið á baráttumenn fyrir sjálfstæði Íslands á 19. og 20. öld að þeir hafi verið haldnir þjóðrembingi og slíkt hugarfar hafi verið hvati sjálfstæðisbaráttunnar, þá á það sér enga stoð.

### Oflæti samtímans

Hið sanna er að íslenskur þjóðernisrembingur er sprottinn upp á síðari árum. Þá fór að bera á því að málglaðir greinahöfundar og ræðumenn tóku að belgja sig út af þjóðrembingi, einna fyrst með því að gylla úr hófi menningarafrek sem eiga að hafa verið framin á Íslandi í nútímanum með þeirri ályktun að Íslendingar gætu keppt við grónar menningarþjóðir á heimsmarkaði lista og bókmennta. Hluti af þessari hóflausu menningardrambsemi var þjóðrembuknúið tal um afrek Íslendinga á sviði íþrótta, taflmennsku og bridsspils. Síðar kom fram þjóðremban um víkingseðli fésýslumanna og stjórnvisku sem átti að sýna sig í ýmsu, m.a. stjórn fiskveiða og auðlindanýtingu hvers konar og framsækinni stefnu Háskóla Íslands. Hvorki menningar- og menntabelgingurinn né stjórnviskuoflætið (sem var reyndar skoplegast af öllu) hvað þá útrásarrembingur á verslunar- og viðskiptasviði á sér neina hliðstæðu í sjálfstæðisbaráttu 19. og 20. aldar. Ef Íslendingar hafa tileinkað sér þjóðrembu er hún fyrst og fremst afurð síðari ára.

Þessi nýtilkomna þjóðremba er á sinn hátt þverstæða miðað við hugmyndir sem uppi hafa verið um fyrirbærið. Efni og innihald þjóðrembu dagsins í dag markast af hugmyndinni um að Íslendingar eigi að leggja niður þjóðríkið, gerast aðilar að sambandsríki, Bandaríkjum Evrópu. Talsmenn þessarar kúvendingar stjórnlaga og stjórnarfars segja að þá komi í ljós sá sköpunarmáttur, sóknarkraftur og keppnisfærni sem býr í „hinni menntuðu gáfumannaþjóð“ sem þessir menn halda að Íslendingar séu, jafnvel umfram aðrar þjóðir!

### Sjálfstæðisbaráttan

Ég endurtek að sjálfstæðisbarátta 19. og 20. aldar var ekki knúin fram af þjóðrembingi gagnvart Dönum. Sannleikurinn er sá að Íslendingar kunnu vel að meta Dani og voru býsna konunghollir fram að síðari heimsstyrjöld! Sjálfstæðisbaráttan snerist um stofnun íslensks þjóðríkis. Lengst af fólst ekki sú krafa í því máli að segja sig úr lögum við konung. Ísland gat verið sjálfstætt og fullvalda ríki í konungssambandi við Dani. Svo varð 1. desember 1918. Með sambandssáttmálanum var náð sjálfstæðiskröfum Jóns Sigurðssonar. Hugmyndin um lýðveldisstofnun mótaðist ekki að fullu fyrr en eftir hernám Þjóðverja á Danmörku og vangeta konungs í Kaupmannahöfn að rækja skyldur sínar sem konungur Íslands sýndi sig vegna stríðsástands og fjarlægðar.

Grundvallarhugmyndin um þjóðríki var og er krafa um eðlilega og sanngjarna pólitík, hagkvæmt stjórnskipulag og réttlátt að kröfum lýðræðis. Grundvöllur lýðræðis er að stjórnvaldið sé sem næst fólkinu, sem valdinu lýtur og valdið velur, svo ég bergmáli orð Abrahams Lincolns í Gettysborgarávarpinu. – Framhald síðar.




# Styðjum fórnarlömbin

**Ólögmæt gengislán**



Haukur Arnþórsson
stjórnsýslufræðingur

Með dómi Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggingar lána hafa augu margra smám saman opnast fyrir þeim veruleika sem íslensk fórnarlömb íslenska fjármálakerfisins hafa mátt búa við. Þau hafa ekki einvörðungu þurft að standa seljanda full skil á verði bifreiða sinna, íbúða eða húsa, heldur einnig átt að greiða fjármálastofnunum sem lánuðu þeim, jafnvel jafn háa eða enn hærri upphæð eða vera í skuldafjötrum þeirra það sem eftir lifir ævinnar ella. Ásælni íslenskra bankamanna í sparifé hollensks og bresks almennings eru smámunir miðað við það sem gerðist hér innanlands, nema hvað hér voru það ekki sparifjáreigendur sem töpuðu, nema helst þeir sem áttu í sjóðum, heldur lántakendur. Á sama tíma og fjármálafyrirtækin veðjuðu á móti krónunni urðu viðskiptavinir þeirra að taka lán með gagnstæðum formerkjum og þótt fjármálafyrirtækin mótmæltu því í þinginu að gengistrygging lána væri gerð ólögleg, hófu þau slík útlán á sama tíma. Enginn starfsmaður lögfræðideilda fjármálafyrirtækjanna gerði opinberlega athugasemd við það á sínum tíma.

Ekki er hægt að hugsa sér að þjóðin hefði getað lifað við það ef dómur Hæstaréttar hefði fallið í aðra átt. Svo einstök er sú aðstaða sem fjármálafyrirtækin komu lántakendum í. Sumt af þessum fórnarlömbum hefur þegar orðið gjaldþrota, misst bifreiðar sínar og íbúðir eða einbýlishús. Þá er mögulegt að atvinnurekstur hafi hætt vegna ólöglegu lánanna, bæði lítilla og stórra aðila. En verst af öllu eru félagsleg áhrif fjármálaofbeldis, þau bitna jafnan á þeim sem minna mega sín svo sem börnum og konum og staðfesta margir prestar að sú sé raunin um þessar mundir. Að því ógleymdu að heiðvirðir menn hafa misst lífsþróttinn og stytt sér aldur vegna þessara lána.

> Sumt af þessum fórnarlömbum hefur þegar orðið gjaldþrota, misst bifreiðar sínar og íbúðir eða einbýlishús.

Svo sérkennilega vill til að fórnarlömb fjármálafyrirtækjanna hafa orðið pólitísk bitbein og í opinberri umræðu heyrist oft sagt að þau séu „fjárglæframenn“. Ákveðnir stjórnmálaflokkar, einkum þeir sem styðja ríkisstjórnina og þá endurfjármögnun bankanna sem meðal annars byggði á ólöglegum lánum til almennings, hafa reynt að gera þessi fórnarlömb tortryggileg og sagt sem svo að græðgi hafi stýrt gerðum þeirra. Enginn greindur og varkár maður hafi kosið vísitölutryggð lán heldur hafi einstaklingar átt að sjá í gegnum blekkingar bankanna. Því sé eðlilegt að ákveðinn hópur lánþega borgi kaupverð bifreiða sinna, íbúða og húsa margfalt. Sem einhvers konar gjald fyrir græðgi og dómgreindarleysi. Ofan á þetta allt bætist að mögulegt er að ef hagur fórnarlambanna verður réttur, þá falli það að einhverjum hluta á ríkissjóð sem ber ábyrgð á bönkunum og þar með á okkur hin, hin hreinu. Þessi sjónarmið dæma sig að mestu leyti sjálf.

Í þeirri samfélagsgerð sem við búum í þykir ekki eðlilegt að aðstaða einstaklinga á lánamarkaði sé þannig, að þeir geti við kaup sín á nauðsynjum svo sem bifreið og húsnæði, farið sér stórfelldlega að voða og spillt framtíð sinni og sinna og lífsgæðum um ókominn tíma. Eru flest ríki okkar heimshluta með opinberan viðbúnað til varnar þessu og þannig er það málefni samfélagsins alls ef útaf bregður um hag almennings á lánamarkaði.

Það vekur athygli að enginn ber ábyrgð í þessu máli. Engum hefur verið sagt upp. En þeir lögmenn fjármálastofnananna, sem sjálfir bæði mótmæltu lögunum um bann við gengistryggingu á Alþingi og gengu síðan frá gengistryggðum lánasamningum fyrir viðskiptavini sína, hljóta þó að íhuga stöðu sína.




**Hjálparstarf kirkjunnar**



Bjarni Gíslason
fræðslu- og upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar

# Sjálfboðaliðar eru burðarásar

Það er spenna í loftinu á kaffistofu Hjálparstarfs kirkjunnar. Sjálfboðaliðar koma hver af öðrum, sumir fá sér kaffi, svona til að koma sér í gang, aðrir fara beint inn á lagerinn. Það er miðvikudagsmorgun, það þarf að taka á móti matvörum, raða í hillur, flokka í mismundandi matarpakka og undirbúa matarúthlutun sem er frá tólf til fimm.

Það er góð stemning og miklar samræður um leið og tekið er til hendinni. Gjarnan heyrast setningar eins og: „Hvar eru pokarnir fyrir kartöflurnar? Eru eggin komin? Ég skal sjá um að raða niðursuðudósunum.“ Fólk þekkist vel því það hafa myndast hópar sjálfboðaliða sem taka að sér ákveðin verkefni og koma á sama tíma í hverri viku. Einn hópur undirbýr úthlutunina og tveir hópar skipta með sér úthlutuninni sjálfri. Margir koma í hverri viku, aðrir þegar þeir geta. Á mánudögum og þriðjudögum sinna sjálfboðaliðar fataflokkun og úthlutun. Af og til eru átaksverkefni og þá mæta enn fleiri til starfa til dæmis þegar fyrirtæki gefa mikið magn af vörum sem þarf að koma fyrir. Stuðningur fyrirtækja er ómetanlegur, mörg gefa vörur og veita góða afslætti.

> Sjálfboðaliðar eru burðarásar í innanlandsstarfi Hjálparstarfsins. Jákvæðir, sveigjanlegir, tilbúnir að leggja á sig mikla vinnu.

Afgreiðslum innanlandsaðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar hefur fjölgað gífurlega frá upphafi kreppunnar. Þegar þrír fyrstu mánuðir áranna 2008-2010 eru skoðaðir má sjá að afgreiðslur í ár eru tæplega fimm sinnum fleiri en árið 2008. Þær voru 570 þá en voru í ár 2.578. Þessari aukningu væri ekki hægt að sinna nema fyrir framlag sjálfboðaliðanna. 15-20 eru að störfum í hverri viku, um 60 eru á skrá. Sjálfboðaliðar eru burðarásar í innanlandsstarfi Hjálparstarfsins. Jákvæðir, sveigjanlegir, tilbúnir að leggja á sig mikla vinnu. Þeir gera lítilli stofnun mögulegt að veita margfalt umfangsmeiri þjónustu en hún í raun ræður við. Allt fyrir framlag sjálfboðaliða, til stuðnings þeim sem hafa orðið undir.

Til hvers leggja þeir þetta á sig spyr kannski einhver? Aðstæður sjálfboðaliðanna er mjög mismunandi sumir eru atvinnulausir, aðrir komnir á eftirlaun, námsmenn eða í vinnu en allir gætu tekið undir svar eins sjálfboðaliðans: „Þetta er svo skemmtilegt og mjög gefandi að verða að liði.“

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

FORLAGIÐ
www.forlagid.is




# RATAÐU RÉTTA LEIÐ

Í dag opnum við nýja og stórglæsilega kortadeild í verslun okkar að Fiskislóð 39 – verið hjartanlega velkomin á opnunarhátíðina kl. 16–20 þar sem kynnt verður frábært úrval landakorta og ferðabóka.




Fararstjórar og fulltrúar Ferðafélags Íslands mæta á staðinn og kynna nýútkomna árbók félagsins, *Friðland að Fjallabaki*, sem og ferðir sumarsins.




Nýju Atlaskortin verða fáanleg á sérstöku kynningarverði.

Grillaðar pylsur og Svali í boði kl. 18–20 og heitt á könnunni.

## Fagnaðu með okkur og undirbúðu ævintýri sumarsins!

# Þróun námsefnis fyrir nemendur í brottfallshættu

SOFIA verkefnið

Björn M. Sigurjónsson
sviðsstjóri hjá Iðunni fræðslusetri



Undanfarin tvö ár hafa þrír framhaldsskólar á Íslandi, einn í Frakklandi og einn á Spáni þróað námsefni í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum með styrk Leónardó da Vinci starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins. Verkefnið nefnist SOFIA og snýst um að ná til nemenda í brottfallshættu með nýrri nálgun við gerð námsefnis. Þátttökuskólarnir eru Borgarholtsskóli, Flensborgarskóli, Tækniskólinn, CNA-CEFAG margmiðlunarskólinn í París og Iðntæknistofnun Aragón á Spáni. IÐAN fræðslusetur stýrir verkefninu.

Fjöldi nemenda sem falla brott úr námi er mikið áhyggjuefni hérlendis. Skýrslur OECD sýna að brottfall er hærra hérlendis en í öðrum Evrópulöndum. Nokkuð hefur áunnist í greiningu á orsökum brottfalls og nú hafa yfir 70 framhaldsskólar og grunnskólar tekið upp greiningartæki til að auðkenna og styðja nemendur í brottfallshættu. Fleiri verkefni miða að stuðningi við brottfallsnemendur. Allir eru sammála um að brottfall nemenda úr framhaldsskólum sé alvarlegt vandamál sem brýnt sé að vinna bug á.

Rannsóknir sýna að það sem fer fram í kennslu er ein orsök þess að nemendur finna sig ekki í námi. Það er því eðlilegt að draga þá ályktun að námsefni sem höfðar til einstaklinga í brottfallshættu sé líklegt til að auka áhuga nemenda á námi og draga úr brottfalli.

**Aðferðafræði SOFIA verkefnisins**

Markmið SOFIA verkefnisins er að þróa námsefni sem höfðar til nemenda í brottfallshættu. Við hönnun námsins er viðfangsefni nemandans skipt niður í ákveðna flokka. Smæsta eining náms kallast innlögn. Nokkrar innlagnir mynda stund, oft er miðað við að í einni kennslustund séu nokkrar innlagnir. Nokkrar stundir mynda lotu sem segja má að taki e.t.v. 2-3 vikur að læra. Nokkrar lotur mynda áfanga sem algengt er að spanni eina önn í framhaldsskóla.

Innlögnin er þannig úr garði gerð að þegar nemandinn hefur tileinkað sér færnina sem ætlunin er að kenna í innlögninni tekur hann próf, sannar færnina og færist yfir á næsta „borð". Í einni stund er því hægt að færast upp um nokkur „borð" líkt og í tölvuleik. Kennari getur svo raðað saman stundum og innlögnum eftir þörfum nemandans.

> Lykillinn að því að ná til brottfallshópsins er að kerfið sem heldur utan um námsframvindu hvers einstaklings geti lagað sig að einstaklingsbundnum forsendum hvers nemanda.

Lykillinn að því að ná til brottfallshópsins er að kerfið sem heldur utan um námsframvindu hvers einstaklings geti lagað sig að einstaklingsbundnum forsendum hvers nemanda. Það er ekki raunhæft að sinna einstaklingsbundnum forsendum nemenda nema kennarinn geti haldið utan um jafnstóran hóp með sama tilkostnaði og í „hefðbundinni" kennslu. Áskorun SOFIA verkefnisins er því að finna hagkvæma og raunhæfa lausn sem gerir kennurum kleift að sinna námsframvindu stórra nemendahópa á forsendum hvers nemanda. Í SOFIA verkefninu var þróað sérstakt nemendaumsjónarkerfi (SCORM) sem gerir þetta kleift.

Upplýsinga og fjölmiðlagreinar henta sérstaklega vel í verkefni af þessu tagi. Nám í umbroti, myndvinnslu, hreyfimyndagerð og tæknivinnslu fyrir fjölmiðla felst að miklu leyti í færni í notkun tölvuforrita. Námsumhverfið er því hið sama og starfsumhverfið sem bíður nemandans þegar hann heldur út á vinnumarkaðinn með nýja færni.

Aðferðafræði SOFIA verkefnisins var þróuð í París þar sem skólar glímdu við gríðarlegt brottfall nemenda af svokallaðri þriðju kynslóð innflytjenda. Stór hópur ungmenna náði ekki fótfestu í skólakerfinu, þeir höfðu enga færni og þvældust reiðir um göturnar, fullir höfnunar og fyrirlitningar á samfélaginu. CNA CEFAG skólinn í París hóf að þróa námsefni sem höfðað gæti til þessa hóps og upp úr því spratt SOFIA verkefnið. Nám CNA CEFAG er nú hluti af franska starfsmenntakerfinu þar sem nemendur ljúka fyrst starfsmenntun á þremur árum í grafískri miðlun eða vefmiðlun, en þá tekur við tveggja ára diplóma nám sem lýkur á fjórða námsþrepi (háskólastigi). Í raun má telja það einstakt afrek að koma hópi nemenda, sem skólakerfið hefur hafnað, í gegnum flókið nám og skila þeim út í lífið með færni sem gagnast þeim til að framfleyta sér hvar sem er í Evrópu.

**„Bestun" kennslustunda**

Þátttakendur í SOFIA verkefninu hafa tileinkað sér önnur vinnubrögð við þróun námsefnis en áður hafa tíðkast hérlendis. Í CNA CEFAG er námsefnið þróað af hópi sérfræðinga. Hópurinn samanstendur af áfangastjóra, námsefnissérfræðingi, handritshöfundi námsefnis, tæknimanni, hreyfimyndasérfræðingi (animator) og kennara eða umsjónarmanni námskeiðs. Þegar nokkrir skólar þróa námsefni á þennan hátt myndast vettvangur til að skiptast á námsefni og þannig næst hagkvæmni við námsefnisgerðina eða ákveðin „bestun".

Þessa aðferðafræði sem byggir á hópvinnu má telja nýjung hérlendis þó tilraunir í þessa átt hafi verið reyndar. Í sumum fögum eru til handrit að kennslustundum eða leiðbeiningar sem eru samnýttar en í öðrum fögum er því ekki að heilsa.

Hugmynd SOFIA verkefnisins er að námsefnið, handritin að kennslustundunum og stafræn útfærsla námsins komist í frjálst flæði þar sem kennarar hafa kost á því að „besta" efnið með eigin innleggi, skila því áfram og samnýta krafta hvers annars. Verkefnið snýst um að innleiða þessa aðferðafræði og læra að þróa námsefni fyrir nemendur í brottfallshættu. SOFIA verkefninu lýkur nú í október 2010 og má vænta ítarlegra kynninga meðal fagaðila í kennslu á haustmánuðum.

# Skotið úr fallbyssu á býflugur

Dómsmál

Sigurður H. Sigurðsson
kvikmyndagerðarmaður og stjórnarmaður í Borgarahreyfingunni



Mál nímenninganna sem handteknir voru á þingpöllum Alþingis í aðdraganda búsáhaldabyltingarinnar vekur áleitnar spurningar. Þetta er alls ekki í fyrsta sinn sem hróp eru gerð að þingmönnum frá áhorfendapöllum þinghússins. Hvaða skilaboð felast í því að ákæra fólkið fyrir að trufla fund sem haldinn er „í heyranda hljóði"? Hví voru þau ekki ákærð sem nokkrum vikum síðar brutu rúður í alþingishúsinu eða röskuðu friði þess og frelsi svo dögum skipti? Er verið að senda út viðvörun svo að fólk haldi sig framvegis á mottunni? Getum við héðan í frá átt von á því að hróp og mótmæli gegn valdstjórninni leiði til ákæru?

Kæra sú sem skrifstofustjóri Alþingis sendi lögreglu vísaði til hinnar alræmdu 100. gr. almennra hegningarlaga þar sem lágmarksrefsing er 1 ár en hámarksrefsing er ævilangt fangelsi. Hinir ákærðu voru óvopnað fólk og upptaka sú sem sýnd var í Kastljósi RÚV 20. maí sl. sýnir greinilega að rangar sakargiftir eru í ákærunni. Er ekki verið að skjóta með fallbyssukúlum á býflugur? Hvernig á að vera hægt að taka ákæruvaldið alvarlega þegar farið er fram af slíku offorsi? Væri ekki við hæfi að horfa á það sem sannarlega gerðist og viðurkenna að engin raunveruleg hætta var á ferðum?

Stjórn BH sendi skrifstofustjóra og forseta Alþingis tilmæli þann 28. maí sem lesa má á xo.is. Í svari skrifstofustjórans sem einnig er að finna á heimasíðunni segir m.a.: „Þó Kastljós Sjónvarpsins sé alls góðs maklegt held ég að við almennir borgarar verðum fremur að treysta dómstólum fyrir sönnunarmati og túlkun málsgagna í þessu máli eins og öðrum."

Hér hljótum við að þurfa að staldra við og hugsa okkur aðeins um. Lög eru ekki aðeins hin bókstaflega merking orðanna heldur líka það hvernig þau hafa verið túlkuð af dómurum í undangengnum málum. „Nulla poena sine lege" – engin refsing án laga. Gæti hugsast að það sé vísvitandi verið að skerða rétt fólks til þess að mótmæla?

Reyndar er það áleitin spurning hvort dómstólunum sé yfirleitt treystandi. Nýlega féll dómur í héraði sem staðfestir að settur dómsmálaráðherra Árni Mathisen sniðgekk faglegt mat á hæfi umsækjenda um dómarastöðu og valdi lakasta umsækjandann af ástæðum sem flestum ætti að vera kunnugt um. Þetta er síður en svo eina dæmið um slíka stöðuveitingu á síðastliðnum árum og áratugum. Allt embættismannakerfið er litað af pólitískum ráðningum en þær hafa reynst þjóðinni dýrkeyptar. Traust almennings á opinberum stofnunum er skiljanlega laskað.

> Hvernig á að vera hægt að taka ákæruvaldið alvarlega þegar farið er fram af slíku offorsi? Væri ekki við hæfi að horfa á það sem sannarlega gerðist og viðurkenna að engin raunveruleg hætta var á ferðum?

Að lokum langar mig að rifja upp atburð frá árinu 1970 þar sem nokkrir Íslendingar í Svíþjóð mótmæltu kjörum námsmanna. Þeir vísuðu sendiherra Íslands úr húsi og lögðu undir sig sendiráðið til að vekja athygli á baráttumálum sínum. Afleiðingar þessa urðu litlar sem engar fyrir námsmennina, mögulega vegna fjölskyldutengsla. Fróðlegt er að bera þetta saman við mál nímenninganna 40 árum síðar. Líklegast duga þeim engin fjölskyldutengsl, og mætti í því sambandi rifja upp 6 mánaða fangelsisdóm yfir fóður eins þeirra, Jóni Múla Árnasyni, vegna mótmæla við Alþingi árið 1949.

Það sorglega við það að lögreglu og dómurum sé att gegn gagnrýnum einstaklingum og aðgerðarsinnum af litlu tilefni er að það mun ekki auka tiltrú almennings á réttarkerfinu. Vanhæfir embættismenn í æðstu stöðum sleppa við ákærur þrátt fyrir dapurlegan vitnisburð rannsóknarskýrslunnar og stórsvikarar fá óáreittir að stunda sína iðju. Á sama tíma er verið að slá á heilbrigðar gagnrýnisraddir úr röðum almennings, t.d. gegn því að verið sé að selja nýtingarrétt á auðlindum landsins í hendur erlendra skúffufyrirtækja. Skyldi það vera tilviljun ein?

# Nafli alheimsins

Ólögmæt gengislán

Guðmundur Andri Skúlason
talsmaður Samtaka lánþega



Þau vöktu athygli, orð Péturs Blöndal alþingismanns, um að skuldarar sæju ekkert nema naflann á sjálfum sér.

Þetta er alveg rétt hjá Pétri og merkilegt að hann skuli loks sjá þetta. En það er ekki skrítið að við horfum bara á okkar eigin nafla því að í augum fjármagnseigenda virðist þetta vera nafli alheims. Og í þennan nafla á að sækja aukið rekstrarfé til fjárvana bankakerfis, aukna vexti til handa soltnum sparifjáreigendum og auknar tekjur til gjaldþrota ríkissjóðs.

Allar stoðir hins endurreista bankakerfis á að reisa og byggja úr kuskinu úr þessum áhorfða nafla lánþega.

Og ef við vogum okkur að spyrja hvort þetta sé ekki pínulítið óréttlátt, þá eru sendir út af örkinni sendisveinar á borð við Þórólf Matthíasson. Hans hlutverk er að skrifa lærðar greinar þess eðlis að verði á skuldara hlustað þá skapi það áður óþekkta stærð fjármagnsflutninga milli stétta. Orðrétt segir Þórólfur í grein sinni í Fréttablaðinu þann, 29. júní:

„Afleiðingar af dómi Hæstaréttar um lögmæti svokallaðra myntkörfulána hafa hlotið mikla athygli enda kann í þeim að felast flutningur hundraða milljarða króna milli einstaklinga í hagkerfinu."

Það er merkilegt að Þórólfur, Pétur og aðrir fjármagnsverðir, hafi nú af því stórar áhyggjur að einhver tilfærsla verði á fjármagni milli stétta. Ekki heyrðist mikið í þeim þegar vel á annað þúsund milljarðar voru með einni löglausri tilskipun fluttir úr vasa skuldugra skattgreiðenda í vasa þessara sömu fjármagnseigenda og nú má ekki hreyfa við.

Og öllum tillögum undirritaðs um að kannski væri nú rétt að skattleggja þá gjafagjörninga er sópað undir borð með þeim orðum að þessi Samtök lánþega séu nú ekkert sérlega ekta.

Annað sem er merkilegt við afstöðu fjármagnsvarða er að þegar ríkissjóður lánaði tveimur einkafyrirtækjum tugi milljarða óverðtryggt á 2% vöxtum, þá var það bara allt í lagi. Einkafyrirtækin þökkuðu fyrir sig með því að eignfæra í bókum sínum mismun á markaðsvöxtum og þessum gjafavöxtum. Síðan var sú eign veðsett.

Ef við aftur á móti, skuldugir borgarar, gerumst svo frakkir að krefja fjármálafyrirtækin um að orð og samningar skuli standa þá stekkur sjálfur efnahags- og viðskiptaráðherrann upp á hæsta stólinn í ráðuneytinu og byrjar að tala um réttlæti. Segir að í því felist hróplegt ranglæti ef umsamdir samningsvextir standi eftir þegar búið er að dæma gengistryggingu ólögmæta.

Ég bara verð að viðurkenna að ég skil ekki af hverju það er óréttlátt að lánþegar greiði fjármálafyrirtækjum til baka umsaminn höfuðstól á umsömdum samningsvöxtum. En á sama tíma sé í lagi að almenningur láni þessum sömu fyrirtækjum tugi milljarða á óverðtryggðum 2% vöxtum.

Það er því ekki skrítið að við horfum stanslaust í eigin nafla Pétur. Við erum nefnilega að leita að öllum þessum peningum sem þú og þínir líkar sjáið endalaust þarna.

TAKTU FLOTTAR MYNDIR Á FRÁBÆRAR MYNDAVÉLAR FRÁ OLYMPUS SAMSUNG CASIO

OLYMPUS
FE-26



Stafræn myndavél
12 milljón pixlar
3x aðdráttarlinsa
(36-108mm)
FULLT VERÐ: 19.900 KR.
Tilboðsverð: 16.900 kr
Til í þremur litum: Svört, blá og bleik

OLYMPUS
T-100



Stafræn myndavél
12 milljón pixlar
3x aðdráttarlinsa
(36-180mm)
Verð kr: 19.900,-
Til í fjórum litum: Svört, blá, rauð og silfur

OLYMPUS
FE-4030



Stafræn myndavél
14 milljón pixlar
4x aðdráttarlinsa
(26-105 mm)
Verð: 27.900 kr.
Til í tveimur litum: Brún og hvít

ORMSSON
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR: www.ormsson.is
VERSLANIR UM LAND ALLT


4BLS BÆKLINGUR
SUMAR TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
NÝ TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
Office Home and Student 2010
LEYFI FYRIR 3 TÖLVUR
2010
OFFICE 2010 HOME AND STUDENT
16.900
HVERGI BETRA VERÐ
BenQ
24"
24" FULL HD 1080P BENQ LCD SKJÁR
39.900
MÚS OG LYKLABORÐ FYLGIR
acer
REVO
FRÁBÆR BORÐTÖLVA MEÐ 512MB NVIDIA ION SKJÁST. WINDOWS XP, OFL. OFL.
49.900
1TB
1TB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR 32MB
14.900
2TB
2TB SEAGATE SATA2 HARÐDISKUR 32MB
26.900
1.5TB
1.5TB SEAGATE SATA2 HARÐDISKUR 32MB
19.900
GLÆSILEGAR VERSLANIR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI
Borgartún 31 Reykjavík
TÖLVUTEK
Undirhlíð 2 Akureyri
1. JÚLÍ 2010 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.



## GIGABYTE
### UPPFÆRSLUTILBOÐ 2

- AM3 Single Core 140 2.7GHz 45nm
- GIGABYTE 78LM móðurborð
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 512MB ATI Radeon HD3000 skjást.
- 5.1 HD Home Theater hljóðstýring
- GB LAN, 6xUSB2, DVI, HDMI ofl.
- Passar í flestar eldri tölvur

**29.900**

FRÁBÆR UPPFÆRSLA



GLÆSILEG DX11 LEIKJATÖLVA

## GIGABYTE
### EXTRA TÖLVUTILBOÐ 4

- GIGABYTE EXTRA hljóðlátur turn
- Phenom II Dual Core 550 3.1GHz 7MB
- 4GB DUAL DDR2 800MHz minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB ATI HD5450 DX11 skjákort
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64 BIT

**119.900**

HLAÐIN ALLRI NÝJUSTU TÆKNI



ÞRÁÐLAUST NET

EKKERT MÁL AÐ BÆTA VIÐ ÞRÁÐLAUSU NETI FYRIR KR. 4.990

## HDMI1080P



2.1 INNBYGGT 2.1 HLJÓÐKERFI

SJÓNVARPS-KORT

packard bell

## 23"
### SKJÁR OG BORÐTÖLVA

Stórglæsileg borðtölva sem er innbyggð í glæsilegan 23" FULL HD skjá með þráðlausu lyklaborði og mús.

- Intel Core2 Quad Q8200s 2.33GHz
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 1TB SATA2 7200RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti Slot-in skrifari
- 23" FULL HD 1080P snertiskjár
- 512MB ATI HD4570 D2 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- Sjónvarpskort, digital & analog
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**219.900**

GLÆSILEG 23" BORÐTÖLVA



NÝ KYNSLÓÐ

HLAÐIN TÆKNINÝJUNGUM OG ENN GLÆSILEGRI Í BURSTUÐU ÁLHÚSI

## 1TB
### HDMI EDITION • 1080i

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Spilar kvikmyndir í meiri gæðum
- Spilar og geymir alla tónlist
- Ljósmynda SlideShow með tónlist
- Spilar beint af öðrum USB flökkurum
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, RCA, RGB, USB ofl. tengi

**34.900**

750GB AÐEINS KR. 29.900



ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

## ÞRÁÐLAUST LABTEC

Nýjasta þráðlausa settið frá Labtec með glæsilegu þráðlausu lyklaborði og mús

**6.990**

W-1200 ÞRÁÐLAUST SETT



FÁANLEG SVÖRT, RAUÐ EÐA HVÍT

## M7700
### ÞRÁÐLAUS

- 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
- Nano sendir geymist í músinni
- High-precision Laser 1600dpi tækni
- Stillanleg 800 - 1600dpi upplausn
- 5 hnappar og 4ra átta skrunhjól
- Rafhlaða endist í 6+ mánuði

**4.990**

BLUETOOTH ÚTGÁFA KR. 6.990



## MARGMIÐLUNAR SPILARI

- Tengist beint í sjónvarp/græjur
- Spilar kvikmyndir, tónlist, ljósmyndir
- Spilar beint af minniskortum
- Spilar beint af USB minnislyklum
- Spilar beint af USB flökkurum
- 720P upscaling fyrir meiri gæði

**9.990**

HÁGÆÐA ZOLITH SPILARI



## LEIKJA HEYRNARTÓL

Glæsileg GameCom 367 lokuð leikjaheyrnartól frá Plantronics með einstökum hljómgæðum og innbyggðum innfellanlegum MIC. Þægileg og öflug heyrnartól.

**7.990**

MÖGNUÐ LEIKJAHEYRNARTÓL



## LOGITECH 2.1 KERFI

Glæsilegt 2.1 hljóðkerfi frá Logitech með 2 hátölurum og góðu bassaboxi

**6.990**

LOGITECH 2.1 HLJÓÐKERFI

TÖL

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900



**ÞESSI SKUGGASÝNING** er hluti af Dysfashional, viðburði sem stendur nú yfir í Berlín þar sem hönnuðir og listamenn leika sér með hugtakið tíska.

FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

Ný sending
www.gabor.is
Sérverslun með Gabor xena
FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Eirberg
Bjargar mannslífum
PRIMEDIC hjartastuðtækið
- Ávallt tilbúið til notkunar
- Einfalt og öruggt
- Einn aðgerðarhnappur
- Lithium rafhlaða
- Íslenskt tal



PRIMEDIC Saves Life. Everywhere.
Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is

Útsala
hjá Hrafnhildi
Sími: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is



Margrét Halldórsdóttir keypti jakkann á fatamarkaði frá versluninni Evu á Laugavegi fyrir 25 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Eltist ekki við tískuna

**Margrét Halldórsdóttir hefur mikinn áhuga á tísku og fötum. Hún eltist þó ekki við tískustrauma en hefur gaman af að kíkja í búðir með notuð föt og grafa þar eftir gersemum á góðu verði.**

„Ég á svo sem enga sérstaka uppáhaldshönnuði. Ég elti ekki tískuna en fylgist vel með henni og hef alltaf gert. Ég hef áhuga á fötum og fallegum sniðum og finnst þurfa að vera eitthvað spes við flíkina," segir Margrét Halldórsdóttir þegar Fréttablaðið forvitnaðist um fatasmekk hennar.

Margrét hefur gaman af gömlum fötum og verslar talsvert í búðum með notuð föt. Hún nefnir Rokk og rósir á Laugaveginum sem eina af sínum uppáhaldsbúðum.

„Ég hef líka mjög gaman af öllum nýju hönnunarbúðum í miðbænum og er hrifin af Aftur merkinu til dæmis. Jakkann sem ég er í keypti ég fyrir 25 árum á fatamarkaði frá versluninni Evu sem var alltaf kallaður Fató og var á efri hæðinni á Laugavegi 28. Jakkinn var mjög dýr þó ég hafi fengið hann á talsverðum afslætti en hann er frá franska merkinu Kenzo. Kraginn og ermalíningarnar eru úr rósóttu flaueli en annars er jakkinn ofinn úr frekar þykku efni. Ég hef notað hann óspart gegnum tíðina og geri enn alltaf öðru hvoru. Ég fæ alltaf mikið af gullhömrum þegar ég er í honum."

Margrét vann í 25 ár á skrifstofu forstjóra Eimskips og var alltaf vel til höfð í vinnunni og mikið í jökkum. Hún hefur gaman af því að klæða sig upp og gengur nánast aldrei í gallabuxum.

„Ég er miklu meiri kjóla og pilsakona heldur en buxnakona og á marga fallega kjóla." Spurð hvort hún noti aukahluti eins og skartgripi segist Margrét eiga glás af stórum hálsmenum og hafa gengið með silfurarmband frá Hansínu Jensdóttur í 30 ár.

„En ég geng ekki endilega með fíngert gull heldur nota frekar klossaða skartgripi. Yfirleitt set ég á mig einhverja skartgripi á hverjum degi." *heida@frettabladid.is*

SUMAR ÚTSALA
Gerið gæða- og verðsamanburð
6 mánaða vaxtalausar greiðslur
Svefn & heilsa
www.svefn.is

20-50% AFSLÁTTUR
Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

Ný sending
SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

VALHÖLL/FREYJA
Ný sending
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. 99.900

**FYRIRSÆTUR** stilla sér upp baksviðs á sýningu hönnuðarins Johns Galliano í París á dögunum, þar sem öðruvísi förðun vakti athygli ekki síður en töff klæðnaður.








Samkvæmisklæðnaður úr smiðju Ágústu Margrétar.








# Galakjólar á humarhátíð

**Ágústa Margrét Arnardóttir stendur fyrir tískusýningu á Höfn í Hornafirði annað kvöld, þar sem samkvæmiskjólar og fylgihlutir úr hreindýraleðri, roði og öðrum náttúrulegum efnum verða til sýnis.**

„Ég vildi gera eitthvað allt öðruvísi, sýna hönnun mína í nýju ljósi. Af þeim sökum ákvað ég meðal annars að fara þessa leið og eins af því að þarna er ég fædd og uppalin og ber því sterkar taugar til staðarins,“ segir Ágústa Margrét Arnardóttir sem stendur fyrir tískusýningu frá Arfleifð-Heritage from Iceland í Kartöfluskúrnum á Höfn í Hornafirði annað kvöld klukkan 22, eftir formlega setningu humarhátíðarinnar.

Yfirskrift tískusýningarinnar er Íslenska konan og er hugmyndin á bakvið hana sú að undirstrika hversu glæsilegar konur eru óháð aldri, vaxtarlagi, menntun, starfi eða stöðu að sögn Ágústu. „Ég hef fengið til liðs við mig allt að tuttugu fyrirsætur sem munu á humarhátíðinni sýna samkvæmisklæðnað, gala- og kokteilkjóla og ýmsa fylgihluti gerða úr náttúrulegum hráefnum, svo sem hreindýraleðri, hrosshári, roði og fleiru.“



Ágústa hannar undir merkinu Arfleifð.

Silfrað veski eftir Ágústu.

Vörurnar eru handgerðar og kveðst Ágústa einkum horfa til forfeðra og -mæðra Íslendinga sem notuðu náttúruleg hráefni og unnu úr þeim klæði og skó. „Margt óvenjulegt verður til sýnis, svo sem hreindýraleðrið þar sem ég sný húðinni við svo æðarnar komi betur í ljós og þess vegna líkist það einna helst fallegu mynstri. Fyrirsæturnar munu síðan stilla sér upp svo gestir geti skoðað fötin nánast eins og á gínum. Tískusýningin er því frekar óvenjuleg að flestu leyti, auk þess sem inn í hana fléttast líka ljósmyndir, texti, tónlist og fleira.“

*roald@frettabladid.is*









## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Bardot að eilífu, lifandi goðsögn

Í sumar gefst ferðalöngum í Suður-Frakklandi færi á að skoða sýningu sem er helguð frönsku leik- og söngkonunni Brigitte Bardot. Bardot gjörbreytti á 6. áratugnum kvenímyndinni hér á landi, ekki aðeins sem kyntákn þó það sé kannski það fyrsta sem kemur upp í huga fólks, heldur sem frjáls og sjálfstæð kona. Sýningin sló í gegn í Boulogne-Billiancourt, einni af útborgum Parísar þar sem hún var sett upp í vetur. Nú byrjar sýningin ferðalag, fyrst til St. Tropez þar sem Bardot býr í dag 75 ára að aldri.

Brigitte Bardot var ekki aðeins ein skærasta stjarna franska kvikmyndaiðnaðarins á 6. áratugnum heldur líka vinsæl söngkona þar til hún dró sig í hlé 1973 aðeins 38 ára að aldri á hátindi ferils síns. Hún fékk einfaldlega nóg af stjörnulífinu, aðdáendum, fjölmiðlum og kvikmyndaiðnaðinum. Eftir að hún hvarf úr sviðsljósinu hefur hún helgað sig dýraverndun og er stofnun Brigitte Bardot atkvæðamikil í dýraverndun og rekur athvörf þar sem tekið er á móti heimilislausum dýrum. Hvergi í Evrópu eru fleiri gæludýr yfirgefin en í Frakklandi, oft þegar sumarfrí nálgast. Bardot ver allri innkomu af hinum ýmsum vörum sem seldar eru með myndum af henni, bókum sem hún hefur skrifað og fleiru þess háttar, til stofnunar sinnar.

Ótrúlegt en satt en engum tískuhönnuði hefur hingað til dottið í hug að framleiða tösku í anda B.B. eins og hún er alltaf kölluð hér í landi. Flestir kannast við Kelly (Grace), Birkin (Jane) frá Hermès eða Lady (Diana) frá Dior og nú er það B.B. frá Lancel. Önnur taskan er úr lífrænt ræktuðu tvídi og bómull en hin úr gervileðri, lituðu með ávöxtum og grænmeti, varla hægt að gera hlutina náttúrulegri. Það segir sig sjálft að töskurnar sem kenndar eru við dýraverndunarsinnann Bardot geta ekki verið úr dýraskinni. Reyndar sagði hún sjálf á dögunum eftir að hafa séð töskurnar að þetta væri sönnun þess að hægt væri að hanna lúxusvöru án þess að nota dýr til þess og tekur þar undir með Stellu McCartney sem hefur hannað töskur og skó án þess að nota leður. Það er hinn nýi hönnuður Lancel, Leonelle Borghi, sem hefur sameinað það sem tengist goðsögninni B.B. eins og hárbandið hennar sem er til skrauts á töskunum eða fóðrið sem er úr Vichy-mynstri sem hún gerði frægt (smá bláköflótt eða bleikt) og ólin er gerð eftir frægri sígaunagítaról B.B. Ekki skemmir fyrir að verðið er tiltölulega hóflegt, 680 eða 880 evrur eftir tegund meðan að mörg dýrustu tískuhúsin selja leðurtöskur sem geta komist í tvö þúsund evrur.

bergb75@free.fr




ÚTSALA

Full búð af nýjum vörum

40–70% afsláttur

COSMO

Kringlunni


512 54 01

Auglýsingasími

Fréttablaðið

Allt sem þú þarft...




NÝ SENDING
Kjólar 6.900 kr.



Fleiri litir, str.40-56

Kíkið á heimasíðuna okkar
www.rita.is

Rita

Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is

SUMARÚTSALAN
HAFIN!
20-50% AFSLÁTTUR



Skoðið á laxdal.is

BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422



**Woolrich Kid SS11** Þessi litli töffari sýndi alfatnað og sólgleraugu.

NORDICPHOTOS/AFP



**Fendi** Þessi gæti verið á leið í ferðalag.



**Calvin Klein Jeans** Blár litur var áberandi í línunni.



FLOTT Í SUMAR...
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar



Nýtt og enn öflugra
System +
fyrir dömu og herra
kr. 34.995,-
NÝTT

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 • S. 568 1717
www.hreysti.is



**Fendi** Þótt fagmennskan væri í fyrirrúmi þurftu sumir aðstoð.



**Fendi** Ungar og upprennandi fyrirsætur sýna léttan sumarklæðnað.

# Líf og fjör í Flórens

**Alþjóðlega barnafatasýningin Pitti Immagine Bimbo fór fram í 71. skipti í Flórens á Ítalíu. Þar sýndu hönnuðir og framleiðendur allt það helsta og nýjasta sem er að gerast í barna- og ungbarnafatnaði í dag.**

Óhætt er að segja að mikið fjör hafi verið á alþjóðlegu barnafatasýningunni Pitti Immagine Bimbo sem fór fram í Flórens á Ítalíu á dögunum. Þrátt fyrir ungan aldur hefði mátt halda að sumar fyrirsæturnar hefðu áralanga reynslu af sýningarstörfum, þar sem þær trítluðu eftir pöllunum í vor- og sumarlínum þekktra framleiðenda og hönnuða; sumar reyndar glaðlegri en almennt sést á tískusýningum. *roald@frettabladid.is*



**Calvin Klein Jeans** Átti innslag á sýningunni og einkenndist hún af afslöppuðum klæðnaði.

**Woolrick Kid SS11** Gleðin skein úr andlitum sumra fyrirsætanna.



**Fendi** Klæðnaður var ekki aðeins til sýnis, heldur líka skór og aðrir fylgihlutir, eins og þetta veski.

Auglýsingasími
512 54 01



Allt sem þú þarft...



Auður Einarsdóttir, Svanhvít Hrólfsdóttir, Stella Stefánsdóttir, Soffía Steingrímsdóttir. og Margrét Arna Hlöðversdóttir hafa opnað verslun á vefnum bútik.is.

# Verslunarmiðstöð á veraldarvefnum

**Butik.is er ný vefverslun með sérvaldar tísku-, lífsstíls-, heilsuvörur og fleira.**

„Hugmyndin er sú að bjóða upp á fjölbreytt vöruúrval með áherslu á betra verð og þægindi í innkaupum,“ segir Auður Einarsdóttir, ein fimm kvenna sem settu nýverið á laggirnar íslenska vefverslun, bútik.is, þar sem hægt er að kaupa lífsstíls- og tískutengdar vörur og fleira.

„Sem dæmi bjóðum við upp á snyrtivörur og fatnað með sérstakri áherslu á íslenska hönnun,“ segir Auður og nefnir í því samhengi til sögunnar Emami Fashion, Spaksmannsspjarir og Hendrikku Waage. Hún getur þess að auk fyrrnefndra vöruflokka sé boðið upp á barna- og íþróttavörur. „Svo ætlum við líka að bæta við okkur heilsuvörum, auk sem pistlar eftir tískubloggarann Hildi Ragnarsdóttur eru farnir að birtast á síðunni.“



Bútik. is er með í einkasölu nokkrar vörur eftir Hendrikku Waage. Þar á meðal þetta fallega armband.

Þægindi í innkaupum eru eins og áður sagði í fyrirrúmi. „Fólk pantar sér einfaldlega vörur og fær sendar heim, líka út á landsbyggðina sem hefur ekki haft aðgang að sumum vörunum, nú eða sækir til okkar í Akralind 3 í sumar milli klukkan 9 til 14 virka daga,“ segir Auður. *- rve*

## Gaultier sýnir skrítna fylgihluti

VOR- OG SUMARTÍSKA KARLA 2011 ÚR SMIÐJU FATAHÖNNUÐARINS JEAN-PAULS GAULTIER VEKUR ATHYGLI.

Þrívíddargleraugu eru ekki aðeins vinsæl á Íslandi meðal bíógesta og eigenda nýjustu gerðar þrívíddarsjónvarpstækja. Slík gleraugu fengu á dögunum nýtt hlutverk á tískusýningu Jean-Paul Gaultiers, þegar hann sýndi allt það helsta í vor- og sumarlínu sinni 2011 fyrir karla. Sýninguna opnaði Gaultier með heldur fáklæddum karlmönnum sem stigu innan úr rjúkandi gufuherherbergi og eftir það var hver glæsiflíkin á fætur annarri afhjúpuð, þar á meðal þægilegur fatnaður þar sem fyrirsæturnar skörtuðu þrívíddargleraugunum fyrrnefndu. *- rve*



Sumar fyrirsæturnar klæddust þrívíddargleraugum. NORDICPHOTOS/GETTY



ALBANÍA
Hin fagra og forna Albanía
15.-25. september

Albania hefur nú loksins opnast fyrir erlendum ferðamönnum. Enn hefur alþjóðavæðingin ekki náð að festa þar rætur nema að litlu leyti. Þar má sjá ævaforna menningu, söguna á hverju horni gríðarfallega náttúru og fagrar strendur. Gestrisni heimamanna er einstök þar sem gömul gildi eru í hávegum höfð.

Frarstjóri Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur.

**Verð: 242.800 kr. á mann miðað við tvo í herbergi**
**Innifalið: Flug, hótel, allar ferðir, fararstjórn og hálft fæði.**

Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is

ALLT HELGIN
Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is - sími 512 5447

Vax að hnjám
Verð: 3.900 kr.
Brasilískt vax
Verð: 3.900 kr.
Tilboðið gildir í júlí 2010
DONG FANG SALON

ÚTSALA



TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

ÚTSALAN ER HAFIN



30-70%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11-16
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

# Í fyrsta sinn sem hátíð af þessu tagi er haldin

**Fyrsta funkhátíð Reykjavíkur hefst í kvöld. Samúel Jón Samúelsson stofnaði hóp á Facebook til að kanna undirtektirnar og segir þær hafa verið góðar. Hann stefnir á að halda hátíðina árlega héðan í frá.**

„Þetta er funkhátíð sem heitir Funk í Reykjavík og er þriggja daga tónlistarhátíð á Nasa,“ segir skipuleggjandi hátíðarinnar Samúel Jón Samúelsson, betur þekktur sem Sammi í Jagúar. Funk í Reykjavík er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. „Vonandi verður þetta bara fyrsta funkhátíðin af mörgum hér á landi.“

Sammi segist lengi hafa gengið með þá hugmynd í maganum að halda funkhátíð í Reykjavík. Hann stofnaði hóp með heitinu „Ef haldin verður Funk og afró tónlistarhátíð í Reykjavík í sumar munt þú mæta?“ á Facebook til að kanna undirtektirnar. „Það voru yfir þúsund manns sem sögðust myndu mæta á hátíðina. Nú er ég bara spenntur fyrir því að sjá hvort fólk mætir eða ekki,“ segir Sammi glettinn.

Hefur hátíðin verið lengi í undirbúningi? „Ég byrjaði að setja mig í samband við listamenn snemma á árinu. Ég var úti í Brasilíu í janúar, febrúar og mars og datt í þann fíling að skrifa fólki og spyrja hvort það væri ekki til í að gera eitthvað svona. Þegar ég kom heim um páskana þá var ég kominn of langt með þetta til að bakka þannig að ég gerði þetta bara,“ segir Sammi sem dvaldist í Brasilíu við tónlistarsmíðar. „Ég var líka bara að hvíla mig á svartnættinu hérna heima.“

Að sögn langaði Samma til að safna funktónlistarfólki saman og halda hátíð. „Mig langaði líka að nýta sambönd sem ég hef myndað erlendis,“ upplýsir Sammi sem segir þetta hátíð sem hann langi sjálfan á.

Sammi segir að á hátíðinni komi bæði fram íslenskir og erlendir tónlistarmenn. Hann vonast til þess að í framtíðinni muni fleiri erlendir tónlistarmenn koma á hátíðina. „Jimi Tenor er alþjóðlegi gesturinn og svo er líka DJ Honky sem spilar á föstudaginn sem er plötusnúður,“ útskýrir Sammi en þeir hafa sótt Ísland heim áður. „Þeir eru svona Íslandsvinir.“

Óttarr Proppé, nýkjörinn borgarfulltrúi, setur hátíðina í kvöld og svo stígur Samúel Jón Samúelsson Big Band á svið. *martaf@frettabladid.is*



Samúel Jón Samúelsson segir þetta fyrstu árlegu funkhátíðina á Íslandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Bókmenntagöngur í borginni

**Borgarbókasafn, Listasafn, Ljósmyndasafn og Minjasafn Reykjavíkur bjóða upp á fræðandi kvöldgöngur á fimmtudagskvöldum í sumar, bæði á íslensku og ensku.**

Lagt er af stað í íslensku göngurnar klukkan 20 og er þátttaka ókeypis. Á morgun verður gengið um útilistaverk borgarinnar en Sigurlaug Ragnarsdóttir, listfræðingur og menningarmiðlari, mun leiða gönguna. Upphaf göngunnar verður miðja Reykjavíkur við vesturgafl Fálkahússins.

Bókmenntagöngur á ensku eru á dagskrá fyrr um daginn eða klukkan 17. Borgarbókasafnið kynnir íslenskar bókmenntir fyrir erlendum göngugestum og þær notaðar til að kynna borgina í ljósi bókmennta og sögu en gengið er frá Grófarhúsi undir leiðsögn Úlfhildar Dagsdóttur. Bandaríski leikarinn Darren Foreman, sem búsettur er á Íslandi, fer með textana sem kynntir eru í göngunni.

Dæmi um viðkomustaði eru við Landnámssýninguna í Aðalstræti þar sem fjallað eru um fyrstu landnemana og Íslendingasögurnar, Lækjartorg þar sem Halldór Laxness er kynntur til sögunnar, Miðbæjarskólinn þar sem smásaga Svövu Jakobsdóttur frá hernámsárunum er kynnt og Þjóðmenningarhúsið þar sem lesið er úr hrollvekjandi glæpasögu Yrsu Sigurðardóttur. Eru allir velkomnir og er þátttaka ókeypis. *- rat*



Úlfhildur Dagsdóttir leiðsegir á ensku í sögugöngu á vegum Borgarbókasafnsins í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Sól og sumar í Skarthúsinu
Mikið úrval af sólgleraugum
Verð kr. 1500

SKARTHÚSIÐ • LAUGAVEGI 44 • SÍMI 562 24 66


Ísland „Álfhóll“
Íslensk myndlist í gjafapakkann þinn
Útskriftargjafir • Brúðargjafir • Vinargjafir • Listaverkakort eru innifalin
Sjøfn Har.
Opið virka daga kl.13.00–18.00
Laugard. kl.12.00–18.00
Velkomið að hafa samband á öðrum tíma
Art & design / Sjøfn Har / Skólavörðustígur 41 101 Reykjavík
Sími: 551 0606 / 894 0367 • sjofnhar.is • sjofnhar@sjofnhar.com

Útsalan
í fullum gangi

Kjólar
Áður 12.990
Nú 8.990
FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar

SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA
ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir



ALLT ÚT AÐ BORÐA


Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

# Grímsnesið góða

FIMMTUDAGUR 1. JÚLÍ 2010



Hingað eru allir velkomnir, segir Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima, en boðið er til afmælishátíðar um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Afmæli fagnað um helgina

**Sólheimar fagna 80 ára starfsafmæli nú um helgina en hugsjónakonan Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir stofnaði Sólheima árið 1930.**

„Við ætlum að fagna vel og byrjum hátíðina á föstudaginn með samveru hér í Sólheimum. Vigdís Finnbogadóttir verður heiðursgestur en hún er góð vinkona okkar og hefur reynst okkur ómetanlega,“ segir Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima. Í tilefni 80 ára afmælisins verður nýtt áhaldahús, Tómasarsmiðja, tekið í notkun og tekin skóflustunga að nýrri byggingu við Sólheima.

„Við erum að stækka garðyrkjustöðina og áætlum nokkur misseri í að koma henni í gagnið. Það er sérstaklega gaman að ýta því verkefni af stað á þessum tímamótum en upphaf lífrænnar ræktunar, ekki bara á Íslandi heldur á Norðurlöndum, er á Sólheimum. Svo verður hér móttaka á föstudaginn klukkan 16 og eru allir velkomnir. Félagsmálaráðherra flytur ávarp, kórinn okkar mun syngja og við fáum fjölda af erlendum gestum, samstarfsaðilum okkar frá Bretlandi og Svíþjóð meðal annars.“

Hátíðahöldunum er þó ekki lokið en á laugardaginn mun Kór Áskirkju flytja tónleika og á sunnudaginn verður hátíðarguðsþjónusta sem hefst klukkan 14. „Óperusöngvararnir Davíð Ólafsson og Garðar Thor Cortes ætla að leiða söng og syngja og nýsettur borgarstjóri, Jón Gnarr, verður ræðumaður. Hápunktur stundarinnar verður afhjúpun nýrrar altaristöflu sem gerð er af íbúum Sólheima og unnin úr þæfðri íslenskri ull.“

Síðar um daginn, eða klukkan 16, verður svo frumsýnd heimildarmynd um ævi og störf Sesselju, sem heitir Að fylgja ljósinu. Handrit er eftir Ingólf Margeirsson og þeir Jón Þór Hannesson og Rúnar Sveinsson framleiða myndina. „Einnig munum við sýna myndband frá verkefni Sólheima í Afríku en íbúar Sólheima hafa unnið að því að styrkja byggðahverfi í Suður-Afríku sem sinnir fötluðum.“

Rúmlega 100 manns búa í Sólheimum og telur Guðmundur að hátt í 40.000 manns heimsæki staðinn á hverju ári. „Hingað eru allir hjartanlega velkomnir. Staðurinn hefur verið að opnast mikið síðustu 8 til 10 ár og við höfum unnið markvisst að því að gera Sólheima þannig úr garði að okkur sem hér búum líði vel og einnig að gefa þeim tækifæri sem ekki búa hér að kynnast því hvernig við högum okkar lífi.“

## Menning og saga á Sólheimum

Menningarveisla stendur nú yfir í Sólheimum en hún hófst 12. júní og stendur til 14. ágúst. Þetta er í fimmta sinn sem menningarveislan er haldin og er dagskráin öllum opin.

„Hugmyndin að baki menningarveislunni er að allir geti komið og notið þess sem Sólheimar hafa upp á að bjóða en við setjum upp sýningar á listaverkum og þeirri framleiðslu sem unnin er á Sólheimum af bæði heimilisfólki og starfsfólki,“ segir Birgir Thomsen, prestur í Sólheimum. Sr. Birgir lofar fjölbreyttri dagskrá en meðal annars verður boðið upp á tónleika alla laugardaga klukkan 14 þar sem fram munu koma bæði óperusöngvarar og hljómsveitir en einnig kórar og trúbadorar.

„Sólheimakórinn hóf tónleikaröðina í júní og Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvaldsson ljúka svo tónleikaröðinni 14. ágúst. Við settum einnig upp sögusýningu Sólheima og útisýningar í Trjágarðinum og í Ljóðagarðinum. Þetta er fjölbreytt og fjölskylduvæn dagskrá en okkar mottó er að allir viðburðir menningarveislunnar séu öllum opnir og ókeypis. Fólk getur svo fengið sér hressingu hér á kaffihúsinu og kíkt við í versluninni og í vinnustofurnar,“ segir Birgir. Heimasíða Sólheima er www.solheimar.is.



Sr. Birgir Thomsen lofar fjölbreyttri dagskrá fyrir alla fjölskylduna í menningarveislu Sólheima í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**● FJÖLBREYTTAR VINNUSTOFUR** Á Sólheimum í Grímsnesi eru sex vinnustofur og verkstæði þar sem íbúar vinna fjölbreytt störf. Framleiðslan er til sölu í versluninni á staðnum og geta gestir einnig heimsótt vinnustofurnar og séð vinnuna sem fram fer.

Listasmiðja er starfrækt og vefstofa þar sem ofnar eru meðal annars mottur úr gömlum gallabuxum. Í Jurtastofunni eru framleiddar sápur og krem svo eitthvað sé nefnt og einnig er steypt fjölbreytt úrval af kertum á kertaverkstæðinu sem eru vinsæl til gjafa. Leirvinnsluverkstæði er á Sólheimum og trésmíðaverkstæði er einnig til staðar og smíða íbúar staðarins þar bæði leikföng og skrautmuni.

Á heimasíðu Sólheima má kynna sér nánar starfsemina sem fram fer á staðnum, vefsíðan er www.solheimar.is.



**● FRÆÐSLUFUNDIR Í SESSELJUHÚSI** Sesseljuhús umhverfissetur á Sólheimum í Grímsnesi er fræðslusetur um umhverfismál auk þess sem það er sýningarhús um sjálfbærar byggingar. Þar er boðið upp á háskólanám fyrir bandaríska nemendur og valnámskeið fyrir nemendur Grunnskólans Ljósaborgar. Einnig stendur Sesseljuhús fyrir málþingum og námskeiðum sem standa öllum opin. Meðal þess sem fram undan er má nefna fræðslufundi um fuglaskoðun þar sem Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur fjallar um fugla í landi Sólheima og Hagnýtingu íslenskra jurta. Í ágúst verður fjallað um umhverfisvæna ferðaþjónustu – ferðaþjónustu framtíðarinnar og áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli á umhverfið svo eitthvað sé nefnt.

Nánar má forvitnast um Sesseljuhús á vefsíðunni, www.sesseljuhus.is.



Að sögn Ólafs er hvergi betra að vera heldur en í Grímsnesi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Leggur vegi og lagnir

Ólafur Jónsson jarðvegsverktaki er búsettur í Grímsnesi.

„Ég hef búið hérna alla mína tíð,“ segir Ólafur Jónsson, jarðvegsverktaki í Grímsnesi. „Ég að vísu flutti að heiman og fór norður í land á Hvammstanga í þrjú ár.“ Hann hafði þó viðkomu á Þorlákshöfn í ár áður.

Seinna flutti Ólafur aftur í Grímsnesið. „Við ákváðum bara að flytja aftur suður. Það var ekkert spennandi að fara í Reykjavíkina þá. Þannig að við enduðum bara aftur heima,“ segir Ólafur sem bjó á Borg í nokkur ár eftir heimflutninginn. „Síðan stofnaði ég lögbýli uppi á Svínavatni sem heitir Steinar og byrjaði að byggja þar.“

Ólafur segir gott að búa í Grímsnesinu en hann vinnur nú fyrir sumarhúsaeigendur. „Það byrjaði bara með smá vinnu eins og torfi á sumrin. Undanfarin ár hefur þetta falist í að leggja vegina, lagnirnar, grafa fyrir húsinu og rotþrónni,“ útskýrir Ólafur sem segir að lítið hafi verið að gera undanfarið. „Ég tek mér bara frí og vinn þegar vinnu er að fá.“

En hvað er gott við að búa í Grímsnesi? „Þetta er flókin spurning,“ segir Ólafur og hugsar sig um. „Það er alla vega ekkert betra að vera einhvers staðar annars staðar.“



Guðrún er bóndi á Bjarnastöðum í frístundum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Grímsnesið heillaði

Guðrún Sigurðardóttir er bóndi í Grímsnesi í frístundum en vinnur á Dýralæknaþjónustu Suðurlands.

„Það er mjög fínt að búa í Grímsnesinu,“ segir Guðrún. En hvað er svona gott við það? „Ég er uppi í sveit, nálægt kaupstaðnum en get sótt vinnu.“

Guðrún er fædd og uppalin á Bjarnastöðum í Grímsnesi þar sem hún býr enn þann dag í dag. „Það stóð alltaf til að búa í Grímsnesi. Ég fór í bæinn í Menntaskólann í Kópavogi og kláraði stúdentinn þar en fór samt heim aftur,“ segir Guðrún. Hún fór líka til Þýskalands til vinnu og dvaldist í nágrenni við Frankfurt í hálft ár. Grímsnesið heillaði Guðrúnu þó alltaf. „Þetta er falleg sveit með skemmtilegu fólki. Það er líka svo gott veður í Grímsnesinu.“

Guðrún er bóndi í frístundum en segist þó ekki vera með sérstaklega mikinn búskap. „Ég er með nokkrar kindur, hross og hunda.“ Guðrún vinnur annars á Dýralæknaþjónustu Suðurlands og hefur talsverðan áhuga á dýrum. „Ég á Border Collie-hunda og þjálfa þá og nota sem fjárhunda.“

**Útgefandi:** Hollvinir Grímsness | **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Guðmundur Guðmundsson, Hollvinir Grímsness Hafnarfjörður 1. júlí 2010 | **Símanúmer:** 899 3267
www.hollvinir.blog.is gudgu@simnet.is




Hörður Óli segir drjúpa smjör af hverju strái í Grímsnes- og Grafningshreppi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ýmsir spennandi viðburðir framundan

**Grímsnesið er tiltölulega stutt frá Reykjavík og miðsvæðis að sögn Harðar Óla. Ýmislegt er á dagskránni þar fram undan.**

„Ruslamálin brenna á sumarhúsafólki hérna,“ segir Hörður Óli Guðmundsson, varaoddviti Grímsnes- og Grafningshrepps, en síðasta haust voru allir gámar á sumarhúsabyggðum svæðisins fjarlægðir. Sumarhúsaeigendur hafa þurft að fara á Seyðishóla til þess að losa sig við rusl í sumar. Á Seyðishólum er hægt að henda heimilissorpi utan afgreiðslutíma.

„Þetta var meira að segja kært til úrskurðarnefndar hollustuhátta- og mengunarvarnarmála sem úrskurðaði í síðustu viku. Þeir úrskurða þannig að gjaldtaka hreppsins sé eðlileg en það þurfi að auka aðgengi að ruslagámum,“ útskýrir Hörður Óli og bætir við að gjaldið hefði þurft að hækka um fjögur hundruð prósent ef ruslagámarnir hefðu ekki verið fjarlægðir.

Hörður Óli segir þó ýmislegt fleira í gangi í Grímsnes- og Grafningshreppi. „Það er sumarhátíð hollvina Grímsness, Brú til borgar, 10. til 11. júlí. Svo er Grímsævintýri, helgina eftir verslunarmannahelgi, sem byggist á langri hefð. Þá sömu helgi er líka hestamannamót inni á Laugarvatnsvöllum.“

Inntur eftir afþreyingu í Grímsnes- og Grafningshreppi segir Hörður Óli: „Það eru golfvellir í Kiðjabergi og Öndverðarnesi og svo drýpur smjör af hverju strái og fiskur í hverju vatni eins og sagt er. Það er hægt að veiða í Apavatni, Svínavatni og Hestvatni,“ segir Hörður Óli. En er veiðin góð? „Já, auðvitað er góð veiði. Eins og gengur fer það þó eftir veðri og veiðimönnum.“

Hörður Óli segir að kirkjur sveitarfélagsins séu allar nýuppgerðar. „Það er verið að gera upp kirkjuna á Búrfelli sem er 160 ára gömul og er töluvert merkilegt mannvirki. Kirkjan á Stóru-Borg er nýrri og nýuppgerð,“ segir Hörður Óli og heldur áfram: „Af húsfriðunarsjónarmiðum verður að halda þessum gömlu kirkjum við.“

Af hverju ætti fólk að leggja leið sína í Grímsnesið? „Þetta er nú tiltölulega stutt frá Reykjavík og er svolítið miðsvæðis. Það er stutt að fara á Þingvelli, Laugarvatn, Gullfoss og Geysi og hamfarasvæðið undir Eyjafjöllunum ef menn hafa áhuga á að skoða það.“

# Sauðfé tengdi fólk saman

Ársæll Hannesson bóndi hefur búið í Grafningnum alla sína ævi. Hann tók við búskap af föður sínum árið 1949. „Ég vil nú ekki meina að ég búi í Grímsnesinu,“ segir Ársæll, sem er bóndi á Stóra-Hálsi. „Það voru sameinaðir tveir hreppar og ég bý í Grafningnum.“ Faðir Ársæls hóf búskap á Stóra-Hálsi árið 1911. „Þannig að á næsta ári verða hundrað ár síðan. Ég tók við þegar hann dó og hef búið hér síðan. „Þetta var erfiður staður, vegasamband slæmt og ekkert lengi vel fyrst. Þetta er þokkalegt núna.“

Inntur eftir því hvort þróun hafi orðið á svæðinu á ævi Ársæls segir hann: „Það hefur orðið mikil breyting, en ég veit ekki hvort ég vil kalla það þróun, ekki að minnsta kosti alveg í rétta átt. Fyrst var á annað hundrað manns í sveitarfélaginu og búið á þrettán bæjum en nú er mannlíf á sex bæjum.“



Ársæll Hannesson hóf búskap á Stóra-Hálsi í Grafningi árið 1949.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ársæll segir að sauðfjárbúskapur hafi verið aðalatvinnuvegurinn á svæðinu lengi vel. „Hann stóð undir mannlífinu, samskiptum manna. Nú er sauðfé bara á þremur bæjum,“ segir Ársæll og bætir við að sauðféð hafi tengt fólk saman. Réttirnar í Grafningshreppi verða hundrað ára í haust að sögn Ársæls. „Eftir að sauðfénu fækkaði þá er langt um meiri einangrun og þó að það sé mannlíf á þessum bæjum þá eru voðalega lítil samskipti innan svæðisins.“ Ársæll er með röskar tvö hundruð kindur á vetrarfóðri.

Stóri-Háls er á milli sjö og átta hundruð hektarar að stærð. „En megnið af því er fjalllendi og ógrónir melar,“ útskýrir Ársæll sem segir óráðið hvort börnin haldi áfram búskap þar. „Ég á fjögur börn og reikna ekki með að þau snúi aftur en ég á barnabörn líka.“

# Málþing og íslensk kjötsúpa

**Hátíðin Brú til borgar verður haldin 10. til 11. júlí og mun þar kenna ýmissa grasa að sögn Guðmundar Guðmundssonar, formanns Hollvina Grímsness.**

„Brú til borgar verður einn metnaðarfyllsti menningarviðburðurinn á landsbyggðinni í sumar," fullyrðir Guðmundur Guðmundsson, formaður Hollvina Grímsness.

„Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra, setur hátíðina laugardaginn 10. júlí klukkan 13 í Gömlu Borg en þann dag verður lögð áhersla á að kynna undirstöðu íslenskrar menningar," segir Guðmundur og bætir við að dagskráin á sunnudeginum verði helguð Ólafi Jóhanni Sigurðssyni, rithöfundi frá Torfastöðum í Grafningi. „Hún hefst þar með ávarpi frúar Vigdísar Finnbogadóttur. Dagskránni verður síðan haldið áfram í Félagsheimilinu að Borg klukkan 13, eftir að gestir hafa snætt íslenska kjötsúpu í Þrastalundi." Hann segir dagskrána í alla staði sérstaklega vandaða enda borna uppi af hæfasta fólki þjóðarinnar á sviði menningar og lista.



Steingrímur Gíslason bóndi á Torfastöðum horfir eftir Svartagili. Ólafur Jóhann gat oft Svartagils í skrifum sínum.



Ólafur Jóhann Sigurðsson og Anna Jónsdóttir kona hans. MYND/ÚR EINKASAFNI



Guðni Ágústsson setur hátíðina.



Vigdís Finnbogadóttir mun ávarpa gesti.

## Einstakur rithöfundur

Fjallað verður sérstaklega um Ólaf Jóhann Sigurðsson rithöfund á hátíðinni Borg til brúar. Þóra Sigríður Ingólfsdóttir bókmenntafræðingur er ein þeirra sem flytja erindi en hún mun fjalla um þríleikinn Gangvirkið, Seiður og hélog og Drekar og smáfuglar, 1.200 síðna verk sem gerist á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar þegar Ísland er hernumið fyrst af Bretum, svo af Bandaríkjamönnum.

„Þríleikurinn er viðamesta skáldverk sem hefur verið skrifað um þennan tíma á Íslandi og er frábær og margbrotin samfélagslýsing," segir Þóra. „Árið 1939 voru Íslendingar einhver fátækasta þjóð í Evrópu en var orðin ein sú ríkasta árið 1945. Verkið skírskotar mjög til samtímans enda teflir Ólafur Jóhann þar fram gömlum góðum gildum gegn taumlausri gróðahyggju sem greip um sig hjá þjóðinni á þessum tíma."

Þóra segir Ólaf Jóhann geysilega afkastamikinn höfund sem skildi eftir sig á þriðja tug verka. „Hann skrifaði tært, ómengað og tilgerðarlaust mál enda var Ólafur Jóhann mikill föðurlandsvinur, sem hafði óvenju mikla ást á Íslandi og íslenskri tungu. Kemur þetta glögglega fram í verkum hans, ekki síst í fjölbreyttum og mögnuðum náttúrulýsingum."



Ólafur Jóhann var fyrsti Íslendingurinn til að taka við bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs, árið 1976 fyrir ljóðabækur sínar Að laufferjum og Að brunnum.




**● SPÓI KEMUR ÚT Á HÁTÍÐINNI** Hápunktur hátíðarinnar verður ugglaust endurútgáfa á barnasögu Ólafs Jóhanns, Spóa. Hefur bókaútgáfan Bjartur lagt verðskuldaðan metnað í útgáfuna og prýða hana teikningar Jóns Hraunfjörð listamanns og að auki fylgir snilldarupplestur Ólafíu Hrannar Jónsdóttur á diski.




# BRÚ TIL BORGAR

## HÁTÍÐ HOLLVINA GRÍMSNESS

## 10.-11. JÚLÍ 2010

**10. JÚLÍ ÍSLENSK MENNING**

Kl.13:00 Gamla Borg
Setning: Guðni Ágústsson fv.landb.ráðh.
Opnun ljósmyndasýningarinnar „Göngur og réttir"
Kl. 13:15 Íslensk þjóðlög: Elín Gunnlaugsdóttir
Kl. 13:30 Fjallkona í vesturleit Grímsnesinga: Guðfinna Ragnarsdóttir
kl. 13:45 Íslensk glíma: Umsjón Helgi Kjartansson
Kl.14:00 Íslenski þjóðbúningurinn kynntur: Sýning heimilisiðnaðarfélagsins
Kl. 14:30 Kvæði og rímur: Sigurður Sigurðarson kynnir og flytur ásamt félögum sínum
Kl. 14:45 Fjöldasöngur: Hjördís Geirsdóttir stjórnandi
Kl.15:00 Sagðar sögur: Orðið er frjálst
Kl.15:15 Gömlu dansarnir kynntir: Böðvar Stefánsson ásamt dansfélögum
Kl.15:30 Lög unga fólksins í 50 ár: Hjördís Geirsdóttir leikur vinsælustu lögin á hljómsveitarferli sínum
kl.16:00 Dagskrárlok
Allir eru beðnir að klæðast íslenska þjóðbúningnum sem eiga þess kost

Kl. 20:00 Sveitaball: Hjördís Geirsdóttir leikur fyrir dansi

**11. JÚLÍ MÁLÞING**
UM ÓLAF JÓHANN SIGURÐSSON RITHÖFUND FRÁ TORFASTÖÐUM Í GRAFNINGI

Kl. 11:00 TORFASTAÐIR - á æskuslóðum rithöfundar-
Leikið á trompet
Setning: Björn Ó. Björgvinsson
Ávarp: Frú Vigdís Finnbogadóttir fv.forseti
Leikir Ólafs og Steingríms: Birgir Á. Gíslason
Stutt erindi: Gunnar Stefánsson
Upplestur: Þórey Sigþórsdóttir
Þakkir úr Grafningi: Bergþóra Snæbjörnsdóttir
Kl. 12:00 Kjötsúpa í Þrastalundi
Pantanir í síma 482 2010 fyrir 9.júlí kr.790.-
Kl. 13:00 FÉLAGSHEIMILIÐ BORG
Sýning á ritverkum og fleiru
Kl. 13.30 Rithöfundaferill og verk Ólafs Jóhanns
Stutt erindi: Guðmundur Andri Thorsson, Þóra Ingólfsdóttir, Vésteinn Ólason
Upplestur: Þorsteinn Gunnarsson
Endurútgáfa á Spóa: Pétur Már Ólafsson
Kammerkór Suðurlands og einsöngvararnir Margrét S. Stefánsdóttir og Ólafur Rúnarsson flytja lög eftir Atla Heimi Sveinsson, Þóreyju Sigurðardóttur, Finn Torfa Stefánsson og Örlyg Benediktsson við ljóð Ólafs Jóhanns
Kórstjóri og undirleikari Hilmar Agnarsson
Kl. 15:30 Dagskrárlok






Agnar Brynjólfsson í versluninni Borg í Grímsnesi er kaupmaður með gamla sjarma sveitakaupmannsins á hreinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Enn spurt um nuddið

„Það er virkilega gaman að opna búð sem búið var að loka og viðtökurnar verið góðar,“ segir Agnar Brynjólfsson kaupmaður í versluninni Borg, en hann tók þar við lyklavöldum um páskana.

„Ég er annar hluti tvíeykis sem rekur Vesturbúð ehf., fyrirtæki sem við stofnuðum á Eyrarbakka fyrir ári þegar við tókum þar við lokaðri búð og völdum nafnið Vesturbúð til að heiðra minningu verslunar sem hafði með öll viðskipti að gera frá Djúpavogi fram á Reykjanes á síðustu öldum. Á flestu áttum við svo von en að ári síðar værum við komnir í innrás,“ segir Agnar og skellihlær, en Vesturbúð rekur hann með Finni Kristjánssyni.

„Við heitum Agnar og Finnur og slógum upp í gríni að Vesturbúð væri „Agnar lítil verslun þar sem þú Finnur nánast allt sem þig vantar.“ Raunar segir hann það svo allt sem segja þarf, því við bjóðum allt það helsta sem fólk vanhagar um,“ segir Agnar sem leigir húsið af Olís sem er með bensíndælu á Borg. „Hér er nú komin ÓB-dæla sem þýðir að við erum með besta verð á bensíni í uppsveitum Árnessýslu,“ segir Agnar sem er heillaður af gamla tímanum þegar viðmót kaupmanna var alvöru.

„Í haust munum við svo opna hér smur- og dekkjaþjónustu, en í dag er ekki hægt að fá viðgerð á dekki fyrr en á mánudegi ef springur eftir lokun á föstudegi. Nú ætlum við að bjóða þessa þjónustu alla daga vikunnar.“

Verslunin Borg er opin alla daga frá klukkan 10 til 22.



Lísa Thomsen í rómantískum veitingasal Gömlu Borgar í Grímsnesi, sem má meðal annars leigja út fyrir brúðkaup. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Í Mekka Sigur Rósar

„Það stóð til að rífa Gömul Borg, sem er gamla þinghús okkar Grímsnesinga, fyrir nokkrum árum en þá var því bjargað af nokkrum einstaklingum,“ segir Lísa Thomsen, ein af bjargvættum þeirra miklu menningarverðmæta sem Gamla Borg er, enda hús með sögu og sál. Húsið var upphaflega byggt sem þinghús, en var síðar skóli, dansstaður og bílaverkstæði. Nú er það meðal annars Mekka ferðamanna eftir að hljómsveitin Sigur Rós hélt þar margfræga tónleika sem sjást í kvikmyndinni Heima.

„Í dag leigjum við Gömlu Borg út fyrir veislur og fundi, en húsið er kjörið fyrir 50 til 70 manna hópa,“ segir Lísa um þann samkomustað sem eitt sinn var sá vinsælasti í lýðveldinu. Og í sumar er ýmislegt á döfinni.

„Hollvinir Grímsness munu halda hér Brú til Borgar 10. júlí og sama kvöld munu Hjördís Geirs og Örvar Kristjánsson halda uppi miklu fjöri. Þann 7. ágúst verður svo kaffihlaðborð í tengslum við Grímsævintýri, og í sumar málverkasýning Æju og söngskemmtan með Margrét Pálmadóttur ásamt kór,“ segir Lísa og minnir á vinsælt prjónakaffi fyrsta þriðjudag hvers mánaðar, en þá koma saman konur og stöku karlmaður af öllu Suðurlandi til að prjóna.

Gamla Borg er opin alla daga nema mánudaga fram yfir Verslunarmannahelgi, frá klukkan 11 til 18. Veitingar eru í anda hinnar íslensku húsmóður; brauðsúpa, rabarbaragrautur, plokkfiskur, jólakaka og vöfflur með rjóma.

Nánar á www.gamlaborg.is.




Magnús I. Jónsson er eigandi Steypustöðvar Magnúsar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Sundlaugar og kúluhús

**Grímsnesið er með vinsælustu sumarbústaðalöndum á landinu og enn bullandi uppgangur í sumarhúsabyggðinni.**

„Það ríkir almenn bjartsýni í Grímsnesinu,“ segir Magnús I. Jónsson hjá Steypustöð Magnúsar, en hann framleiðir og selur steypu og forsteyptar einingar fyrir sumarhús, ásamt því að vera með efnissölu eins og möl í heimkeyrslur og aðra vegagerð.

„Það er mun meira að gera en ég reiknaði með eftir hrunið og margir að kaupa forsteyptar einingar í húsgrunna og undirstöður fyrir timburhús. Þá færist í vöxt að sumarhúsaeigendur steypi sumarbústaði sína frá grunni,“ segir Magnús sem er með tvo menn í fastri vinnu, sem er það sama og í góðærinu 2006 og 2007, en í fyrrasumar var hann að mestu einn að störfum.

„Í góðærinu vorum við að verða hálf skrýtnir af of mikilli vinnu en nú er þetta um einn þriðji af því en nóg að gera fyrir alla,“ segir Magnús og upplýsir að talsvert sé um nýbyggingar í Grímsnesinu.

„Eflaust er margt af þeim á löngu seldum lóðum og eitthvað sem menn voru löngu búnir að ákveða að gera, en munurinn á viðskiptunum nú og í góðærinu er að nú er ekkert tekið á lánum en allt staðgreitt,“ segir Magnús.

„Verkefnin eru fjölbreytt og útfærslur húsanna bera hugmyndaauðgi gott vitni því hér er einn að byggja sér kúluhús og annar forláta sundlaug. Timbur er enda mjög dýrt núna og miklum mun ódýrara að steypa sumarhús ef menn geta unnið undirvinnuna og uppsláttinn sjálfir. Steypan er líka varanlegri og kostar minna viðhald.“

# Rjómapönnsur í sveitinni

„Við byrjuðum á að opna hér lítið kaupfélag og rekum veitingasöluna í anda gamla Þrastarlundar þar sem hægt er að fá glæsilega hamborgara, djúpsteiktan fisk og þjóðlegt kaffimeðlæti,“ segir Kristín Jónsdóttir sem ásamt eiginmanni sínum Valgeiri Inga Ólafssyni tók við rekstri Þrastarlundar 1. apríl.

„Við ákváðum að stilla verði í hóf á veitingum og nýlenduvöru, og nú er veitingasalurinn opinn fyrir alla, hvort sem þeir fá sér pulsu, ís eða veigameiri veitingar,“ segir Kristín.

„Sumarhúsafólk er þakklátt fyrir kaupfélagið og margir sem taka sveitabíltúr til þess eins að njóta veitinga í stórkostlegri náttúru.“ Þrastarlundur er opinn alla daga frá 9 til 21, og 22 um helgar.



Kristín Jónsdóttir og Valgeir Ingi í nýja „kaupfélaginu“ í Þrastarlundi, þar sem ferðafólk getur gert innkaup á afar hagstæðu verði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Talandi kýr í Jónsmessufjallgöngu

„Við æskuvinkonurnar úr Grímsnesinu tókum upp þann sið sumarið 2007 að fara í fjallgöngu á Jónsmessunótt,“ segir gönguhrólfurinn Laufey Böðvarsdóttir sem fór fyrstu Jónsmessuferðina á Búrfell.

„Árið eftir gengum við á Mosfell og þá fjölgaði verulega í hópnum og í fyrrasumar fórum við enn fleiri á Hestfjall,“ segir Guðrún sem smitað hefur æ fleiri sveitunga til fjallaklifurs eina mögnuðustu nótt ársins, þegar kýrnar fá mál og selir fara úr ham sínum.

Um nýliðna helgi fór svo fríður hópur á Vörðufell.

„Margir eru farnir að sýna þessum göngum áhuga og vel má vera að við auglýsum þær í framtíðinni, því þetta er því tilvalin leið fyrir sveitunga og sumarhúsafólk að blanda geði í sveitinni fögru.“



MYND/BRYNDÍS BÖÐVARSDÓTTIR

Duglegar blómarósir úr Vesturbænum komu úr Reykjavík til að ganga á Vörðufell: Salvör, Ingunn og Agnes.

# Eva mun færa sig um set

**Svava Johansen stefnir á að færa verslunina Evu og opna nýja skóbúð fyrir næstu jól á Laugaveginum og leitar nú eftir hentugu húsnæði. Svava hefur stundað verslunarrekstur á Laugaveginum í hátt í 30 ár.**

„Leigusamningurinn er að klárast og við höfum mikinn áhuga á að færa okkur neðar á Laugaveginn," segir Svava Johansen, verslunarkona og eigandi Gallery 17, en hún leitar nú eftir nýju húsnæði undir verslunina Evu. Margt húsnæði komi til greina við Laugaveginn en ekkert er komið á fast enn þá.

„Við erum í samningaviðræðum en Skífuhúsið kemur meðal annars sterklega til greina. Við erum að fara úr miklu húsi sem við byggðum sjálf árið 1991 og það var mikil lyftistöng fyrir götuna á sínum tíma. En verslun á Laugaveginum hefur almennt breyst síðustu ár. Margar fallegar verslanir hafa þjappast neðar á Laugaveginn og þar hafa sprottið upp verslanir með íslenska hönnun," segir Svava og nefnir að straumur ferðamanna liggi neðst á Laugaveginum og upp Skólavörðustíginn.

Svava rekur verslanir bæði í Kringlunni og Smáralind og opnaði meðal annars nýlega stóra verslun í þeirri síðarnefndu. Hún hefur þó sterkar mjög taugar til miðbæjarins.

„Mig langar ekki úr miðbænum en ég hef rekið þar verslun í 28 ár og styð Laugaveginn mjög. Hann er búinn að vera í niðursveiflu en nú er verið að byggja upp og bara gleði og spenningur yfir því. Það eru til dæmis ekki margar verslunargötur í heiminum þar sem hægt er að horfa á tilkomumikla fjallasýn milli húsa. Til dæmis ef horft er niður Ingólfsstræti horfir maður beint á Esjuna." Svava stefnir á að opna á nýjum stað fyrir jól. *heida@frettabladid.is*



Svava Johansen verslunarkona segir verslun við Laugaveginn hafa færst neðar síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tónlistin endurspeglar íslensku þjóðarsálina

**Hópur íslenskra tónlistarmanna stendur fyrir tónleikum á hverju kvöldi í allt sumar að Grandagarði 11 þar sem erlendum gestum gefst tækifæri á að kynnast íslenskri tónlist.**

„Þetta eru klassískir tónleikar þar sem við flytjum íslensk sönglög og ferðamennirnir fá þarna íslenska þjóðarsál beint í æð. Við kynnum allt á milli laga á ensku og segjum frá lögunum og innihaldinu svo þeir geti notið þess sem flutt er," segir Bjarni Thor Kristinsson en hann heldur utan um tónleikana sem fara fram klukkan 20.30 öll kvöld í sumar.

Dagskráin er breytileg frá degi til dags en á þriðja tug listamanna kemur fram í sumar. Aðgangseyrir á hverja tónleika eru 2.900 krónur en einnig er hægt að kaupa sér mánaðarmiða á 6.500 krónur og mæta þá hvenær sem er en hverjir tónleikar taka um klukkutíma.

„Við byrjuðum fyrir hálfum mánuði og þetta hefur gengið mjög vel. Þótt við stílum þetta inn á ferðamenn hafa Íslendingar verið að slæðast inn með og þeim hefur líka þótt frábærlega gaman. Við viljum auðvitað sjá sem flesta," segir Bjarni. Hægt er að kynna sér dagskrána á heimasíðunni, www.cccr.is. *- rat*



Bjarni Thor Kristinsson bassasöngvari kynnir íslenska tónlist fyrir ferðamönnum öll kvöld í sumar.

# Reggí í Reykjavík

**Rvk Soundsystem eru ný mánaðarleg reggí-kvöld í Nýlenduvöruverzlun Hemma og Valda.**

Unnendur reggí-tónlistar geta sannarlega glaðst þar sem mánaðarleg reggí-kvöld eru nú haldin í Nýlenduvöruverzlun Hemma og Valda á Laugavegi 21 í Reykjavík.

Dj Elvar, sem hefur verið tíður gestaplötusnúður hjá Breakbeat.is, þeytir skífum á þessum reggíkvöldum, sem verða haldin fyrsta laugardag hvers mánaðar. Gestum gefst þar kostur á að kynna sér allt það besta úr flórunni, svo sem ska, rocksteady, dub, roots og dancehall.

Eitt kvöld hefur þegar verið haldið við góðar undirtektir, þar sem dj Tobbi var sérstakur gestur. Dagskráin hefst klukkan 23 og er enginn aðgangseyrir á kvöldin. *- rve*



Bob Marley hefur haft mikil áhrif á síðari tíma reggítónlistarmenn.
















# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407




Glæsilegu undirfötin frá Lauma komin.
Frábær verð
Haldari 6.990 kr.
Buxur 2.990 kr.
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS



TILBOÐ Á ASTONISH HREINGERNINGAVÖRUM
Tómstundahúsið
Tómstundahúsið - Nethyl 2 - sími: 5870600 - www.tomstundahusid.is

OPNUNARTILBOÐ
Miðstærð af pizzu og gos, önnur pizza fylgir frítt með.
Italiano Pizzeria
2 fyrir 1 í sal
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan Smáralind • Sími 55 12345



FERDABOXIN FRÁ HAPRO
Úrval af glæsilegum ferðaboxum frá HAPRO.
Algjörlega ómissandi fyrir sumarfríið.
Frábært verð.
Bílabjörgun
Óseyri 5 • 603 Akureyri • Sími: 842 5700 • 462 4222 • www.bilabjorgun.is

Hjólbarðaviðgerðir
Smurþjónusta
Bremsur
Demparar
Rafgeymar
o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

CARGO sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda



SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066



BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is



Vörubílar og vinnuvélar, öll almenn jarvinna, traileraakstur og gröfuvinna.
KRAFTLIND EHF - S:866-3533

BOMAG
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

MAE - YA
SUKHOTHAI
Hamraborg 11. Kópavogi
Sjáið matseðilinn á www.thaimatur.is
Réttur dagsins í hádegi kr 980.-
Frábær fjölskyldutilboð
2 kjúklingabitar, franskar, sósa & gos kr. 990.-
Djúpst Ýsa, hrísgrjón & karry kr. 1090.-
Sími: 564 6677



MARKÍSUR
Frábær lausn til að auka skjól fyrir regni og vindi. Hentugt á svalirnar, veröndina og fyrir veitingarstaði. Sér merkjum einnig og sérútbúum fyrir fyrirtæki.
SKELIN Smiðjuvegi 72, 200 Kópavogi. S. 578 6300, www.skelinehf, skelinehf@skelinehf.is



UFO
ÖFLUGIR RAFHITARAR
1200 – 3200 kw fyrir veröndina, svalirnar, sumarhúsið ofl. Umbreytir 96% orkunar í hita. 30 sek að full hitna. 3 ára ábyrgð. Fást með fjarstýringu og á standi.
SKELIN Smiðjuvegi 72, 200 Kópavogi. S. 578 6300, www.skelinehf, skelinehf@skelinehf.is


# Þjónustuauglýsingar

Alla fimmtudaga

sigrunh@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

**NUDD - Tilboð - NUDD**
**Nudd kr. 3500,-**
Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 57 8 57 57 & 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Til sölu v/flutnings borðstofuborð + 6 stk stólar borðst.skenkur, píanó, leðursófi, ofl. Uppl. í S. 896 3303

## Heimilistæki

Vantar þeytivindur, stóra gólfsuðupotta, stóra potta (ekki ál). Hafið samband við Hildi í síma 695 4202

## Dýrahald

English toy spaniel hvolpar til sölu,ættb. frá HRFÍ skorradalshundar@gmail.com skorradals.123.is

2 doperman hvolpar til sölu. Uppl. gefnar á freyzi5@gmail.com. Aðeins góð heimili koma til greina.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Útilegubúnaður

Til sölu tjaldvagn, Forli 2006, toppvagn með - fortlaldi, yfirbreiðslu, skoðaður. Verð 550þús. sími 899 2631.

## Hestamennska

TOPP HESTAR HESTALEIGA

Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös allan daginn frá 9-16 með fæði. 5-12 ára. Uppl. í síma 894 3588.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**




**2ja herb. í 109 Rvk.**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, Ísskápur, gardínur og öll ljós.**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 772 7553**

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

Til leigu lítil 2ja herb. íbúð í Jöldugróf á svæði 108. Uppl. í s. 863 8892.

ROOM for/RENT w/FURNITURE IN 108 REYKJAVÍK AND IN 109 AND 111 BREIÐHOLT 897 3611.

14fm herb. til leigu v/ Flókagötu í RVK (105). Sér inngangur. Innifalið bað, hiti og rafmagn. Næg bílastæði og stutt í almennar samgöngur. Leiga 24þ. Uppl. í S. 551 1433.

**4 herbergja íbúð í Hraunbæ**
Glæsileg 3ja herb. 90fm íbúð á besta stað í Hraunbænum. Rúmgóð stofa, suðursvalir, snyrtileg sameign. Stutt í alla þjónustu. Verð 135þús á mán. Uppl. s. 697 8515 og 848 4235

2ja herb. íbúð á jarðhæð til leigu í Seljahverfi 109. Wc með sturtu. Int.net. Reyklaus, sér inngangur, ekki gæludýr, reglusemi krafist. Laus. Leiga 95.000 kr, trygging pen. 150.000 kr. Sími 557 3336.

4ja herb. íbúð á 7. hæð í Hólum, langtíma leiga. Uppl. í s. 897 2217 og 893 2217.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

**Leigjendur, takið eftir!**
Það eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 2 herb. íb. í grafv. sér inng. laus strax uppl: 6634374

Herbergi í Hraunbæ. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637.

Ódýr studíóíbúð í RVK, dags-helgar og vikuleiga. www.eyglo.is/accommodation gudglo@simnet.is

## Húsnæði óskast

Óska eftir herbergi strax á svæði 101 til 107 með aðgangi að eldh. og baðherbergi, ásamt þvottaaðstöðu. S 867 8231.

Óska eftir stúdíóíbúð til leigu í Kópavogi. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið S:848 7249

Heiðarlegt og reyklaust par með barn á leiðinni óskar eftir 2ja herbergja íbúð frá og með 1. ágúst á sanngjörnu verði. Björgvin S: 866 2066 e-mail: bjg8@hi.is

## Húsnæði til sölu

Egilsstaðir. Er með einb. í smíðum. Óska eftir skiptum á suðvesturhorni. 771 4279.

## Sumarbústaðir



Til sölu 36fm,sumarhús m/svefnloft í Eyrarskói, leigulóð. Skúr fylgir. Verð 7.9 m. Góð staðsetning. S .865 1349

Sumarbústaður fyrir kvikmyndatöku. Óskum eftir sumarbústað í 15-20 mín fjarlægð frá Rvík í ágúst/sept. All nánari uppl. í síma 866 2052.

Sumarbústaður fyrir kvikmyndatökur. Óskum eftir sumarbústað í 15-20 mín fjarlægð frá Bifröst í ágúst/sept. Nánari uppl. í síma 866 2052.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir húsnæði undir litla verslun, ca 30-60m2, helst í Kópavogi. Sími: 894 4708.

**LAUGAVEGUR**
Verslunarhúsnæði óskast neðan Vitastígs á Laugaveginum. Uppl s.6932505

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

**Gisting RVK - Staðsett við Kringluna**
**2 herbergja íbúð fullbúin húsgögnum með svefnplássi fyir 2-4. Leigist 2 nætur í senn eða fleiri. Verð 15-18þús per. nótt. Uppl. í s. 843 9776 & 899 7188 eða limoutaxi@hotmail.com**

Gistiheimilið FAB Þelamörk Eyjafirði. Til leigu herbergi í sumar, morgunmatur fylgir. Sundlaug og barnvænt umhverfi. Uppl. í síma 820 0984 og á www.fabtravel.is

Íbúðir á horni Barónstígs og Laugavegs fyrir allt að fjóra í skammtímaleigu. Meiri upplýsingar á www.l81.is

## Fasteignir

**VALHÖLL FASTEIGNASALA**
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

**ÓSKA EFTIR**

Óska eftir rað-, par-, einbýlishúsi m/ bílskúr til leigu í Rimahverfi í Reykjavík fyrir traustan leigutaka. Leigutími lágmark 1 ár. Fyrirframgreiðsla í boði.

**Áhugasamir hafi samband við Bárð í síma 896-5221 eða bardur@valholl.is**

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

## Atvinna

**Leikskólakennarar athugið!**
**Laus staða leikskólakennara við Víkurskóla, Vík í Mýrdal.**

Gott húsnæði í boði og spennandi uppbygging framundan á fallegum og fjölskylduvænum stað.
**Umsóknir berist undirrituðum á netfangið skolastjori@vik.is**

Magnús Sæmundsson skólastjóri Víkurskóla.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Italiano Pizzeria**

Italiano er að leita að duglegum, snyrtilegum starfsmanni í hlutastarf og fullt starf. Góð íslenskukunnátta og mikil hæfni í mannlegum samskiptum áskilin. Sæktu um á staðnum eða sendu okkur mail á italiano@italiano.is

**VDO Offroad Line**

Óskum eftir duglegum , heiðarlegum og stundvísum starfsmanni í verslun , viðkomandi þarf að hafa frumkvæði , vera áhugasamur , hafa gaman af því að selja vörur og þjónusta fólk og helst hafa reynslu af sölu og þjónustu störfum, yngri en 18 ára kemur ekki til greina. Einnig vantar stafsmann aðra hvora helgi. Vinsamlegast sendið umsóknir á birna@vdo.is

**REGNBOGINN - leikskóli -**

**Laus staða frá 12. ágúst**
**Leitum að leikskólakennara eða þroskuðum einstaklingi sem er ljúfur í lund og samstarfsfús v. fæðingarorlofs eins af kennurum skólans. Um framtíðarstarf gæti verið að ræða. Áherslur skólastarfs eru á gæði í samskiptum og skapandi starf í anda Reggió-stefnunnar. Rík áhersla er á virðingu og gleði í öllum samskiptum og eru það lykilhugtök í daglegu starfi. Áhugasamir sendi tölvupóst á regnbogi@regnbogi.is eða hafið samband við undirritaða í síma 899-2056 eða 557-7071 Lovísa Hallgrímsdóttir leikskólastjóri**

**20 ÁRA Hlölla BÁTAR**

**Hlöllabátar auglýsa eftir vaktstjórum í 100 % starf og einnig á helgar og kvöldvaktir.**
**Starfið fellst í að, þjálfa og stjórna starfsfólki , skipuleggja vaktir panta og hafa umsjón með birgðum, sjá um uppgjör, afgreiða þrifa og almenn þjónusta.**

**Umsækjendur þurfa að vera skipulagðir, stundvísir, jákvæðir,**

**Eiga gott með að vinna með fólki á öllum aldri,**

**Æskilegt er að viðkomandi sé 25 ára eða eldri og hafi reynslu af svipuðu starfi.**
**Nánari upplýsingar veitir Helgi í síma 842-2800 Umsóknir sendist á helgi@hlollabatar.is**

Kraftmiklir einstaklingar óskast. Óskum eftir starfsfólki í símasöluver okkar. Umsækjendur þurfa að vera 18 ára og eldri. Umsóknir sendist á simaver@kreditkort.is Kreditkort hf.

Öflugur meiraprófsbílstjóri óskast í afleysingarverkefni uppl. um aldur og starfsreynslu óskast sent á hebra@simnet.is

**Spjall, myndir og vídeo**
Fjölbreyttir tekjumöguleikar eru nú í boði fyrir kynþokkafullar íslenskar konur á vefsíðunni PurpleRabbit.eu.

Verkstjóri óskast í hellulagnir. 22+. Reynsla af vélavinnu æskileg. Uppl. í s. 898 4202 eða á baldur@btverk.is

Verslunin Augnakonfekt Laugavegi 95 óskar eftir traustri,snyrtilegri, reykl,starfskonu/manni. Ums sendast á kolbrun@augnakonfekt.is.

STAY EHF óskar eftir þernum í fulla vinnu í 3 gistiheimili í Reykjavík. Reynsla, enskukunnátta, stundvísi og heiðarleiki æskileg. Uppl. á stay@stay.is.

Óska eftir vinnukonu í heyskap í sumar á sveitbæ á Suðurlandi. Það einnig að geta gripið í ýmis önnur störf, reynsla á vélum s.s traktor og heyvinnuvélum æskileg. Fæði og húsnæði á staðnum. Frekari upplýsingar veitir Rúnar í síma: 487-4791 864-2146

## Viðskiptatækifæri

MIKLIR TEKJUMÖGULEIKAR - NETWORK MARKETING ER MÁLIÐ / GETUR ÞÚ UNNIÐ SJÁLFSTÆTT? - HRINGDU NÚNA Í SÍMA 699-3702 OG FÁÐU NÁNARI UPPLÝSINGAR.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Þessari kerru var stolið af Smiðjuvegi 2 í mars sl. finnandi vinsamlegast hringið í s. 5771200 Fundarlaunum heitið.

Hálsfesti úr ljósu rafi (amber) týndist í síðustu víku í Rvk. Finnandi vinsamlegast hafi samband við Katrínu í s. 865 5186.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Palomino Yearling árg 2005 til sölu 2 gaskútar, 2 rafgeymar vel með farið verð 1.300 þ uppl S 699 2744.


**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**

**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**

**www.visir.is/posthusid – sími 585 8330**

FRÉTTABLAÐIÐ



# PLAYON
## FULL HD MEDIA PLAYER

Playon!HD 1080P marmiðlunarspilarinn er 100% hljóðlaus og spilar allar kvikmyndir og tónlist í mestu mögulegu gæðum beint yfir net, af USB flakkara eða minnislykli.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080P HD kvikmynda afspilun H.264
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar beint yfir net með innb.netkorti
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- USB, LAN, RCA, RGB, ljósleiðari ofl.
- HDMI tengi og HDMI 1.3 kapall fylgir

**29.900**

ÞESSI SPILAR ALLT!



ÞESSI GERIR ALLT NÆSTUM ÞVÍ:

Canon

# MP550
## FJÖLNOTAGRÆJA

- Prentar, skannar og ljósritar
- 5 stök hylki fyrir hámarksnýtingu
- ChromaLife100+ ljósmyndatækni
- Prentar 9.2 bls á mín í sh og 6 í lit
- 100% jaðarprentun á allt að A4
- 2400x4800dpi hágæða A4 skanni
- 1.8" litaskjár sýnir myndir og aðgerðir

**19.900**

ÞRÁÐLAUS MP560 AÐEINS 29.900



ÖFLUGASTA VIFTULAUSA DX11 SKJÁKORTIÐ

# HD5750
## SILENT CELL SKJÁKORT

- Ótrúlega öflugt DX11 viftulaust kort
- 1GB GDDR5 4.6GHz háhraða minni
- DirectX 11 fyrir nýjustu leikina
- 720 StreamProcessors fyrir leikina
- Enn hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
- Gullhúðað HDMI, DVI-I, VGA tengi
- 100% hljóðlaust með Silent Cell

**29.900**

MAGNAÐ OFURSKJÁKORT



LACIE

# 1TB
## LACIE FLAKKARI

- 1TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af Neil Poulton
- Reddot og fleiri hönnunar verðlaun
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi undir flakkaranum
- 1-Click afritunarhnappur

**19.900**

1.5TB AÐEINS KR. 26.900

NÝ KYNSLÓÐ

MEIRI MYNDGÆÐI SKERPA OG LITADÝPT MEÐ NÝJUSTU LED TÆKNI




# 24"LED
## BENQ FULL HD LED SKJÁR

Ný kynslóð tölvuskjáa með LED tækni sem skilar enn meiri myndgæðum, skerpu og ótrúlegri litadýpt en þessi skjár kemur með hæða stillanlegum snúningsfót.

- 24" LED FULL HD 1080P 16:9 LCD
- 5.000.000:1 DCR og Senseye3 tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye3 tækni tryggir myndgæðin
- Hæðastillanlegur snúningsfótur

**49.900**

HVERGI BETRA VERÐ!



SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

# 250GB
## RIKIKI FLAKKARI

- 250GB LACIE hágæða flakkari
- 33% meiri hraði með USB boost
- Örsmár í lófa og aðeins 158gr.
- Þarf ekki straumbreyti
- Öryggis- og afritunar hugbúnaður
- Höggvarið og glæsilegt álhús

LACIE

**14.900**

500GB AÐEINS KR. 19.900

1600x1200 HD MYNDFLAGA

20% AFSLÁTTUR



WEBCAM VIDEO SPECIAL EFFECTS

# LIFE
## CAM SHOW HD

- 2.0MP TRUE HD myndflaga
- Örsmá og örþunn vefmyndavél
- Sjálfvirkur 5x Zoom aðdráttur
- Innbyggður stafrænn MIC
- Hnappur fyrir Videospjall
- Sérstaklega hönnuð fyrir MSN

**7.990**

Microsoft VEFMYNDAVÉL



# 22"LCD
## FULL HD SKJÁR

- 22" FULL HD 1080P 16:9 LCD skjár
- 40000:1 skerpa og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye tækni tryggir myndgæðin

**34.900**

GLÆSILEGUR 22" LCD SKJÁR

VUTEK

| Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



3XZOOM OG 12MP UPPLAUSN

# 12MP
## MYNDAVÉL

- Prentaðu í plakatstærð með 12MP
- 3xZoom linsa og stór 3" LCD skjár
- Þekkir andlit, innbyggt flass
- Sjálfvirk hristivörn og birtustilling
- Tekur kvikmyndir í 720x400
- Hleðslurafhlaða og taska fylgir

**19.900**

BENQ E1230 STAFRÆN MYNDAVÉL



# 20"
## LCD SKJÁR

- 20" HD PLUS 16:9 Cinema LCD
- 40000:1 skerpa og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1600x900 HD PLUS upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye tækni tryggir myndgæðin

**29.900**

BenQ HD PLUS LCD SKJÁR

4BLS BÆKLINGUR




packard bell

SB256

# LJ71

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Öflug leikjafartölva með glæsilegum 17.3" HD+ LED skjá, öflugu 512MB ATI HD4570 leikjaskjákorti og Windows 7 stýrikerfi

- AMD Dual Core X2 M300 2.0GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED DiamondView 1600x900
- 512MB ATI Radeon HD4570 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**149.900**

17.3" MEÐ LEIKJASKJÁKORTI

MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI 8 TÍMAR RAFHLAÐA ENDIST Í 8 TÍMA

5820TG



acer

AÐEINS 2.4KG

# TIMELINE X

- Intel Core i5-430M 2.26GHz 3MB
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 1GB ATI Radeon HD5650 skjákort
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**179.900**

ÖRÞUNN OG ÖFLUG LEIKJAVÉL

HVERGI BETRA VERÐ

303G32



acer

# 5541

- AMD Dual Core X2 M300 2.0GHz
- 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 512MB ATI Radeon HD4200 skjást.
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**109.900**

FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ :)

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum




NÝ SENDING

packard bell

AU504

# TJ65

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Öflug og glæsileg fartölva frá Packard Bell með 15.6" HD LED skjá, 4GB minni, 500GB harðdisk og alla nýjustu tækni

- Intel Dual Core T4400 2.2GHz
- 4GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**129.900**

MEST SELDA FARTÖLVAN

MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI 6 TÍMAR RAFHLAÐA ENDIST Í 6 TÍMA



S10-2

# IdeaPad

- Intel Atom N270 1.6GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 10.1" LED UltraBright 1024x600
- 256MB Intel GMA 950 skjástýring
- 54Mbps þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Fislétt aðeins 1.3KG og örþunn
- Windows 7 Starter

lenovo

**59.900**

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF FARTÖLVUM



10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI 6 TÍMAR RAFHLAÐA ENDIST Í 6 TÍMA

74316N

# ASPIRE 3410

- Intel Cel M ULV 743 1.3GHz 1MB
- 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 13.3" HD LED CineCrystal 1366x768
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- Glæný rafhlöðutækni allt að 6 tímar
- 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

acer

**89.900**

NÝJASTA TÆKNIN Á BESTA VERÐINU



20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

LANDSINS MESTA ÚRVAL

hp

QL66

# HP CQ615

- AMD Dual Core X2 QL66 2.2GHz
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 7200RPM diskur
- 8xDVD LightScribe DL skrifari
- 15.6" HD LED BrightView 1366x768
- 512MB ATI Radeon HD3200 skjást.
- 54Mbps þráðlaust net
- 2.0MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium

**99.900**

NÝJASTA TÆKNI Á BETRA VERÐI

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# Ráðherrann leiðréttur – aftur

Umhverfismál

Gústaf Adolf Skúlason
aðstoðar-framkvæmdastjóri Samorku



Þegar umhverfisráðuneytið sendi frá sér frétt á dögunum í tilefni útgáfu reglugerðar um brennisteinsvetni í andrúmslofti leituðu tilteknir fjölmiðlar álits Samorku. Þá fannst okkur meðal annars nauðsynlegt að leiðrétta meinlegan misskilning ráðuneytisins í fréttinni, sem við gerðum einnig beint við ráðuneytið. Því miður birtist síðan sama villan í grein umhverfisráðherrans hér í blaðinu nokkrum dögum síðar og því er rétt að halda leiðréttingunni áfram til haga.

Í greininni heldur ráðherrann því fram að viðmiðunarmörk Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) um magn brennisteinsvetnis í lofti miðist við bráðaáhrif. Það er rangt, í besta falli afar villandi framsetning. Mörk WHO eru þannig einn hundraðasti af því sem möguleg bráðaáhrif eru skilgreind við. Viðmiðunarmörk WHO eru 150 milligrömm í hverjum rúmmetra lofts að meðaltali á sólarhring. Bráðamörkin eru 15.000 milligrömm að meðaltali yfir 8 klukkustundir. WHO lætur einmitt almenning njóta vafans með því að setja sín viðmiðunarmörk við 1% af skilgreindum bráðamörkum.

Hellisheiðarvirkjun, sem ráðherra hefur vísað til í þessu sambandi, var tekin í notkun haustið 2006. Á þeim 1.400 dögum sem liðnir eru síðan hefur brennisteinsvetni í byggð aðeins einu sinni farið yfir mörk WHO. Aðrar virkjanir, margar mun minni og fjær allri byggð, munu þurfa að sæta þessum sömu reglum með miklum tilkostnaði.

Í grein sinni, um að verið sé að draga úr mengun jarðvarmavirkjana, tínir ráðherrann til að mörkin séu ennþá strangari í Finnlandi. Hjá Samorku er okkur ekki kunnugt um að Finnar státi af jarðvarmavirkjunum. Þeir gætu því eins skilgreint þessi mörk við núll. Við gætum að sama skapi án nokkurra vandamála skákað Finnum og sett hér mun strangari reglur en þeir hafa gert um rekstur kjarnorkuvera.

Nú er í gildi hér á landi almenn reglugerð sem setur mörk um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu. Í stað þess að bæta brennisteinsvetni við upptalninguna í þeirri reglugerð kaus ráðherrann að setja sérstaka reglugerð um brennisteinsvetni, sem er samhljóða hinni í nær öllum atriðum. Þetta mun seint teljast góð stjórnsýsla.

Hvað brennisteinsvetnið varðar kýs ráðherrann að draga mörkin við einn þriðja af WHO mörkunum, en engin fagleg rök fylgja þeirri ákvörðun. Athyglisvert er að eldri reglugerðin skilgreinir mörk brennisteinsdíoxíðs – sem gjarnan tengist bílaumferð – í lofti hér á landi liðlega sexfalt hærri en WHO mælir með.

# Hjúskaparlög og tæknifrjóvgun

Samfélagsmál

Stella Óskarsdóttir
eftirlaunaþegi og sóknarbarn í þjóðkirkjunni

Það er skrítið hvernig umræðan í samfélaginu veður oft einsleit. Einhverjir hafa hátt og hinir þagna. Þetta hefur t.d. gerst í umræðunni um ein hjúskaparlög. Öll umræða er kaffærð með orðum eins og mismunun, misrétti eða skorti á kærleika.

Fæstir vita þó að í lögum um staðfesta samvist og í lögum um hjónaband karls og konu, sem ekki eru lengur í gildi, fólst nákvæmlega sama réttarstaða og því alls ekki um neina mismunun að ræða. Eini munurinn er líffræðilegur, þar sem í sambandi karls og konu verða börnin til, en í hinu tilfellinu þarf utanaðkomandi aðstoð. Það breytist ekkert þótt notuð séu önnur orð um sambandið. Börn átta sig á þessu strax við 5 ára aldur.

Mig grunar að umræðan hafi vísvitandi verið kaffærð til þess að koma breytingum á lögum um tæknifrjóvgun í gegnum þingið í skjóli myrkurs. Þar eru heimildir rýmkaðar en í lögum um tæknifrjóvgun er jafnræðisregla stjórnarskrárinnar brotin á börnum og um leið Barnasáttmálinn og mannréttindaákvæði Sameinuðu þjóðanna. Þessi börn eru sem sagt svipt möguleikanum á að leita uppruna síns, á meðan því er öfugt farið með kjörbörn.

Við sem tilheyrum hinni ósýnilegu kirkju Krists finnum til í hjartanu vegna alls þessa. Málið hefur verið erfitt fyrir okkur öll. Ég er þakklát prestum eins og Maríu Ágústsdóttur, Sigurði Pálssyni og mörgum fleirum sem hafa reynt að standa vörð um órjúfanlegt samband föður, móður og barns.

Stöndum öll vörð um rétt barna til að nálgast upplýsingar um uppruna sinn og sýnum þannig að kærleikurinn nær líka til barna. Látum ekki mismuna börnunum okkar með siðlausri lagasetningu. Stöndum upp! Gerum eitthvað! Stuðlum að menningu en ekki ómenningu.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



**DÍANA PRINSESSA FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1961**

*„Mesti sjúkdómur mannkyns er að njóta ekki ástar. Það gleður mig að vera aflögufær um ást til annarra í mínútu, dag eða mánuð, og það vil ég gefa. En ef þú elskar einhvern; haltu þá fast í ástina.“*

***Díana prinsessa er þekktust fyrir góðgerðastörf. Hún lést í bílslysi í París 1997.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 1. JÚLÍ 1881**

## *Alþingi fer í Alþingishúsið*

Alþingi kom saman í fyrsta sinn í alþingishúsinu við Austurvöll þennan dag fyrir 129 árum, en húsið var þá nýbyggt.

Alþingishúsið teiknaði Ferdinand Meldahl, þáverandi forstöðumaður listaakademíunnar í Kaupmannahöfn. Bygging þess fór fram árið 1881 undir stjórn danska byggingarverktakans F. Bald.

Húsinu var valinn staður við Austurvöll, nánar tiltekið við Kirkjustíg, en áður hafði verið gert ráð fyrir að húsið yrði byggt við Bakarastíg, þar sem nú er Bankastræti. Halldór Kr. Friðriksson yfirkennari seldi þá land sitt við Kirkjustíg fyrir 2.500 krónur, en yfirkennarinn hafði áður notað landið undir kálgarð sinn og þótti verðið hneykslanlega hátt í þá tíð.



Alþingishúsið er reist úr höggnu íslensku grágrýti, en reykvískir iðnaðarmenn höfðu lært að höggva og tilreiða grjót til húsabygginga ellefu árum áður, þegar fangahúsið við Skólavörðustíg var reist árið 1872. Það var á sínum tíma fegursta og stærsta steinbygging landsins, og þykja enn fáar fegurri né tignarlegri en einmitt alþingishús Íslendinga.

Áður en Alþingi fór inn í nýja alþingishúsið, á árunum 1845 til 1881, starfaði það í gamla Latínuskólanum, sem í dag hýsir Menntaskólann í Reykjavík.

**MERKISATBURÐIR**

**1754** Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson ganga á Snæfellsjökul, fyrstir manna.

**1845** Endurreist Alþingi kemur saman til fundar í fyrsta sinn.

**1875** Alþingi tekur til starfa sem löggjafarþing.

**1886** Landsbanki Íslands, fyrsti banki á landinu, hefur starfsemi í Reykjavík.

**1908** Páll Einarsson tekur við sem fyrsti borgarstjóri í Reykjavík.

**1928** Líflátshegning numin úr lögum á Íslandi.

**1941** Bandaríkin taka upp stjórnmálasamband við Ísland og viðurkenna sjálfstæði landsins.

# Á forsíðu eins virtasta flugtímarits heims

Icelandair breytti áætlunum sínum 180 sinnum, sendi út hundrað fréttatilkynningar og sinnti starfsfólk flugfélagsins allt að fjögur þúsund símtölum meðan á gosum stóð við Fimmvörðuháls og á Eyjafjallajökli frá apríl og fram undir síðustu mánaðamót.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í forsíðuviðtali við Birki Hólm Guðnason, forstjóra Icelandair, í nýjasta tölublaði fagtímaritsins Airline Business. Einsdæmi er að Íslendingur prýði forsíðu blaðsins, sem er þungavigtarrit í alþjóðlegum flugheimi.

Í viðtalinu er sjónum beint að áhrifum eldgosanna og bankahrunsins á rekstur flugfélaganna.

Þrátt fyrir mikla röskun á alþjóðaflugi sér Birkir gosið í jákvæðu ljósi. Það hafi komið Íslandi rækilega á kortið og útlendingar hafi ekki komist hjá því að heyra um landið.

Birkir segir að þrátt fyrir röskun á flugi víða um heim af völdum gossins hafi það ekki komið harkalega niður á Icelandair. Þvert á móti sé búist við metafkomu á árinu. Það sé ekki síst að þakka starfsfólkinu, sem vann nær tuttugu klukkustundir alla daga vikunnar og verið því orðið uppgefið þegar gosinu lauk um mánaðamótin. **- jab**




**FORSTJÓRI Á FORSÍÐU** Talið er einsdæmi að Íslendingur prýði forsíðu Airline Business.




**OPNA** Farið er ítarlega yfir gosið í Eyjafjallajökli í úttekt um Icelandir. Forstjórinn segir gosið hafa komið landinu á kortið.

# Bjóða upp á sérstakar ungbarnasýningar

Sambíóin hafa tekið upp á þeirri nýbreytni að bjóða upp á sérstakar ungbarnasýningar í kvikmyndahúsum sínum undir yfirskriftinni Fyrsta bíóferðin.

Um er að ræða ákveðnar en þó ekki allar sýningar á völdum myndum sem höfða til barna, Leikfangasögu 3 og Shrek sæll alla daga 7. júlí klukkan 13, en þá verður lækkað aðeins í græjunum til að taka vel á móti þessum hópi kvikmyndagesta. Alfreð Árnason, framkvæmdastjóri Sambíóanna, segir þetta vera til frekara marks um þá stefnu fyrirtækisins að reyna að gera yngstu kynslóðinni hátt undir höfði.

Allar nánari upplýsingar fást uppgefnar hjá Sambíóunum.



**HLÝJAR MÓTTÖKUR** Ungabörn geta nú notið ævintýra Shreks í Sambíóunum.

# Markaðsstemning

Sumarmarkaður verður opnaður á Thorsplani í Hafnarfirði í dag og verður hann hafður opinn fimmtudaga, föstudaga og laugardaga frá klukkan 11 til 18 í sumar.

Markaðurinn er tilraunaverkefni sem er unnið í samstarfi við Rauðakrossinn og Deigluna og því eru húsin leigð út án endurgjalds. Eins verða tvö hús við Græna kaffihúsið í Hellisgerði og geta áhugasamir selt þar varning af ýmsu tagi.

Þeim sem vilja taka þátt í að skapa markaðsstemningu í miðbæ Hafnarfjarðar er bent á að hafa samband við skrifstofu menningar- og ferðamála í Hafnarfirði.



**NÝR MARKAÐUR** Í dag verður opnaður sumarmarkaður í Hafnarfirði.



**MEÐ HEIMSPEKILEGRI SÝN** Gunnar Hersveinn rithöfundur mun í nýrri bók fjalla um gildin tólf sem fulltrúar þjóðfundarins völdu í Laugardalshöll í fyrrahaust. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**GUNNAR HERSVEINN:** SKRIFAR BÓK UM TÓLF GILDI ÞJÓÐFUNDAR

# Hægt að bæta samfélagið

„Bókin er skrifuð fyrir almenning á mannamáli um þau tólf gildi sem 1.500 manns á þjóðfundinum 2009 völdu til að efla með sjálfum sér eða til að breyta samfélaginu til betri vegar,“ segir Gunnar Hersveinn, rithöfundur og heimspekingur, sem situr nú við skriftir á bók sem Skálholtsútgáfan gefur út í haust um gildin tólf.

„Ég upplifði stemninguna sem á þjóðfundinum ríkti og það var ný reynsla og spennandi að leitað væri að visku fjöldans. Því er óvenjulegt að skrifa bók sem búið er að velja efnið í, en mitt hlutverk er að finna nýja nálgun á þessi gildi og tengja inn í framtíðina til endurreisnar samfélagsins,“ segir Gunnar Hersveinn og bætir við að bókin muni nýtast bæði einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum.

„Ég veit að fyrirtæki og stofnanir fóru af stað eftir þjóðfundinn og vildu innleiða gildin í starf sitt og því verður þetta handbók til þess líka, en samt sem áður opin því ekkert er nokkurn tímann endanlegt og eilífðarverkefni að vinna með þessi gildi. Því eiga lesendur að skapa um þau umræðu og bæta einhverju við,“ segir Gunnar Hersveinn.

Gildin sem nutu mest fylgis á þjóðfundinum voru heiðarleiki, jafnrétti, virðing, réttlæti, kærleikur, ábyrgð, frelsi, sjálfbærni og lýðræði. Einnig fjölskyldan, jöfnuður og traust.

„Þessi gildi töldu þjóðfundarfulltrúar að hefði skort hingað til og heiðarleiki valinn mikilvægastur. Svona hópur af gildum er svo alltaf valinn tímabundið; eitthvað sem samfélagið þarfnast næstu árin, og mitt markmið að finna eitthvað nýtt í kringum þau í staðinn fyrir að telja upp það sem áður hefur verið sagt,“ segir Gunnar Hersveinn sem hefur langa reynslu af skrifum bóka um gildi og hefur áður skrifað bækurnar Gæfuspor – gildin í lífinu og Orðspor – gildin í samfélaginu.

„Samt er vandasamt að skrifa bók sem á líka að heppnast, en ég tel mig hafa ágætan grunn og hef reynt að æfa mig í að skrifa á skiljanlegu máli. Ég nota ákveðna aðferð til að nálgast þetta, tengi hugtökin saman og reyni að finna mælikvarða og hindranir svo að gildin virki sem best.“

Hann segir ekki hafa komið á óvart að heiðarleiki hafi lent efstur á blaði.

„Ég hef skoðað vel hvaða gildi hafa verið vinsælust í gegnum tíðina og þar hefur heiðarleiki alltaf verið verið mjög ofarlega á baugi. En við segjum oft heiðarleiki þótt við kunnum hvorki né vitum hvernig við eigum að innleiða hann, rækta með okkur eða efla hann. Bókin er því ætluð til hjálpar þeim sem vilja stíga skrefið lengra. Þá mun ég einnig fjalla um önnur gildi sem mér finnst vanta, eins og nægjusemi, því gildi þjóðfundarins voru algjör grunnhugtök þótt ánægjulegt hafi verið að sjá sjálfbærni og jafnrétti þeirra á meðal,“ segir Gunnar Hersveinn, sannfærður um að saman getum við gert Ísland að betri stað til að lifa á.

„Það er vel hægt að bæta samfélagið og markmið með bókinni er að vera verkfæri þeirra sem hafa áhuga á einmitt því. Fyrir aðeins fimm árum þótti hallærislegt að vilja gera eitthvað til að bæta samfélagið en ég vona að sá tími sé liðinn. Þá snerist allt um að bæta sjálfan sig og ná árangri í lífinu fyrir sig, en kenningin í bókinni segir að enginn verði fullþroska maður fyrr en hann stígur út úr innsta hring og vill gera eitthvað fyrir aðra.“ **thordis@frettabladid.is**

**AFMÆLI**



**Eiríkur Örn Norðdahl** ljóðskáld er 32 ára.



**Hreimur Örn Heimisson** tónlistarmaður er 32 ára.



**Björn K. Leifsson** líkamsræktarfrömuður er 51 árs.



**Ruud van Nistelrooy** knattspyrnumaður er 34 ára.

# Eiga lífrænar vörur og Tal

**VIÐSKIPTI** Auður 1, fagfjárfestingarsjóður Auðar Capital, hefur keypt fyrirtækin Yggdrasil og Vera líf af einkafjármagnssjóðnum Arev NI, sem rekinn var af verðbréfafyrirtækinu Arev. Yggdrasill og Vera líf sinna heildsölu og smásölu á lífrænt ræktuðum og heilsusamlegum vörum.

Meðal þekktra vörumerkja sem Yggdrasill flytur inn eru Rapunzel, Dr. Hauschka snyrtivörur frá Þýskalandi og barnamatur undir merkjum Holle frá Sviss.

Þetta er fimmta fjárfesting Auðar 1. Það á fyrir Mann lifandi og Biovörur auk fjarskiptafyrirtækisins Tals. - jab



**GÓÐGÆTI HJÁ YGGDRASIL** Fjárfestingarsjóður Auðar Capital hefur keypt fyrirtækið Yggdrasil, sem sérhæfir sig í lífrænum vörum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu*

**Ásgerðar Sigurbjörnsdóttur**
Byggðavegi 86, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildarinnar í Kópavogi, Karitas, hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustu og deildar 11E á Landspítalanum fyrir veittan stuðning og aðhlynningu.

**Haraldur Magnússon**
**Sigurbjörg Haraldsdóttir** — **Þorvaldur Rafn Kristjánsson**
**Anton Haraldsson** — **Sverrir Haraldsson**
**Magnús Orri Haraldsson** — **Sigurbjörn Haraldsson**
**og barnabörn.**

---

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulega bróður og frænda,*

**Sigurjóns Kristjánssonar**
Stóragarði 5, Húsavík.

**Kristbjörg Kristjánsdóttir og frændsystkini.**

---



*Sonur minn, bróðir og mágur,*

**dr. Kjartan G. Ottósson,**
prófessor við háskólann í Osló,

lést mánudaginn 28. júní.

**Gyða Jónsdóttir**
**Óttar Ottósson**
**Helga R. Ottósdóttir** — **Stefán S. Guðjónsson**
**Geirlaug Ottósdóttir** — **Grímur Guðmundsson**
**Theodór Ottósson** — **Árný Elíasdóttir**
**Helga Ehlers** — **Reinhard Wolf.**

---



*Elsku yndislegi frændi og vinur,*

**Ragnar Þ. Guðmundsson,**
bóndi á Nýhóli, Fjöllum,

sem lést fimmtudaginn 25. febrúar, verður jarðsettur laugardaginn 3. júlí kl. 13.00 frá Víðihóli, Fjöllum.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðrún Garðarsdóttir**
**Unnur Sig. Gunnarsdóttir**
**Þorbjörg Júlíusdóttir.**

---



*Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vinarhug og sendu minningarkort við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigursteins H. Hersveinssonar,**
rafeindavirkjameistara og kennara,
Sóltúni 12, Reykjavík.

**Ingibjörg Kolbeinsdóttir**
**Margrét Árný Sigursteinsdóttir** — **Sigurður Leifsson**
**Þórir Sigursteinsson** — **Birna Einarsdóttir**
**Gunnar Hersveinn** — **Friðbjörg Ingimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Matthildar Þórhallsdóttur**
húsfreyju í Ártúni, Grýtubakkahreppi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki lyflækningardeildar 1 Sjúkrahússins á Akureyri og Kvenfélaginu Hlín.

**Fyrir mína hönd og annarra vandamanna,**
**Sveinn Sigurbjörnsson.**

---



*Innilegar þakkir fyrir þá vináttu og hlýhug sem okkur hefur verið sýnd við andlát elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Grétars G. Vilmundarsonar**
Drafnarstíg 2a, Reykjavík.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki krabbameinslækningadeildar og líknardeildar LSH fyrir einstaka umönnun. Einnig viljum við færa Karitas heimahlynningu kærar þakkir.

**Inga Erlingsdóttir**
**Margrét Grétarsdóttir** — **Tómas Örn Sigurbjörnsson**
**Vilborg Grétarsdóttir** — **Gunnar Valdimarsson**
**Erla Rún Grétarsdóttir** — **Hafþór Rúnar Sigurðsson**
**Andri Már og Ari Fannar Tómassynir**
**Ísabella og Orri Gunnarsbörn.**

---



*Móðir okkar,*

**Svava Antonsdóttir**
frá Kjarvalsstöðum í Hjaltadal,

verður jarðsungin frá Hóladómkirkju laugardaginn 3. júlí og hefst athöfnin kl. 14.

**Ásta Hallgrímsdóttir**
**Grímur Hallgrímsson**

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Páls Gestssonar,**
skipstjóra frá Siglufirði, Tjarnarbóli 6, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Landspítalans á deild 11 E og hjúkrunarþjónustu Karítas fyrir frábæra umönnun.

**Anton Valur Pálsson**
**Rakel Guðný Pálsdóttir** — **Gunnlaugur Ingimundarson**
**Svanbjörg Pálsdóttir** — **Mia Bergström**
**Sjöfn Pálsdóttir** — **Þórhallur Sigurðsson**
**Kristjana Pálsdóttir** — **Andrés Bjarnason**
**Gestur Pálsson** — **Linda Guðlaugsdóttir**
**Árni Valur Antonsson** — **Marleen van Geest**
**Björg Finnbogadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Magna Gunnarsdóttir**
húsfreyja, Egilsstöðum 3,

lést á Sjúkrahúsinu á Egilsstöðum, sunnudaginn 27. júní. Útför hennar fer fram frá Egilsstaðakirkju, laugardaginn 3. júlí kl. 14.00. Jarðsett verður í heimagrafreit á Egilsstöðum.

**Jón Egill Sveinsson**
**Sveinn Jónsson** — **Jóhanna Illugadóttir**
**Gunnar Jónsson** — **Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir**
**Egill Jónsson** — **Anna Guðný Eiríksdóttir**
**Þröstur Jónsson**
**Róbert Jónsson**
**Björn Jónsson** — **Annamaria Cusenza**
**barnabörn og barnabörn.**

---



*Elskuleg dóttir mín, systir, mágkona og frænka,*

**Aðalheiður Erna Arnbjörnsdóttir,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 28. júní. Útförin fer fram frá Kristskirkju Landakoti þriðjudaginn 6. júlí kl. 15.00.

**Fjóla Einarsdóttir**
**Einar Ó. Arnbjörnsson** — **Runa Kerstin Arnbjörnsson**
**Arnbjörn H. Arnbjörnsson** — **Bergþóra Karlsdóttir**
**og bræðrabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

# SÝNDU ÞÍNAR BESTU HLIÐAR

Ljósmyndasamkeppni Panasonic og Vísis



**1. VERÐLAUN**

**PANASONIC G2**
Glæný og byltingarkennd myndavél með útskiptanlegum linsum og snertiskjá.



**2. VERÐLAUN**

**PANASONIC TZ10**
Hágæða myndavél með 12x aðdrætti, GPS og fjölmörgum möguleikum.



**3. VERÐLAUN**

**PANASONIC BD65**
Vandaður Blu-ray spilari með minniskortarauf til að skoða ljósmyndirnar úr myndavélinni.





Taktu þátt í ljósmyndasamkeppni. Deildu þínum bestu myndum með okkur og þú átt möguleika á glæsilegum verðlaunum. Að auki er þráðlaus Panasonic KXTG1311 sími dreginn út í hverri viku.

Skilafrestur til **21. ágúst 2010.**
Allar nánari upplýsingar á visir.is.



Panasonic

vísir.is ...ég sá það á Vísi




# Að falla í stafi

**BAKÞANKAR**
**Charlotte Böving**

Ég hef oft velt fyrir mér orðtakinu að falla í stafi. Merkingin rekur rætur sínar til þess þegar tunna dettur í sundur. Stafirnir (viðurinn) losna frá járngjörðinni og tunnan fellur í parta.

**BÖRN** falla gjarnan í stafi; augun verða stór og þau líta út fyrir að stara á eitthvað í fjarska eða jafnvel djúpt innan í sér. Eða kannski sjá þau ekki neitt? Heldur upplifa andartak þar sem tíminn stendur í stað. Þau taka sér pásu frá lífinu.



**AÐ FYLGJAST MEÐ** barni sem fellur í stafi er dásamlegt. Að því gefnu að þú sért ekki kennari þess, óþolinmótt foreldri eða eldra systkini sem reynir að slíta barnið laust úr þessum augnabliks dvala. Stundum af pirringi, stundum í stríðni.

**SEINNA Á LÍFSLEIÐINNI**, þegar við höfum orðið þörf fyrir litlar pásur frá lífinu, kunnum við ekki lengur að taka þær. Við förum í jóga og hugleiðslu, skokkum og stundum garðyrkju, allt í leit að bara augnabliks friði frá vandamálum heimsins. Við höfum gleymt að falla í stafi, þess í stað stafar af okkur stressi yfir öllu sem við ætlum að komast yfir.

**ÞEGAR ÉG FYLGIST MEÐ** litlu tveggja ára stelpunum mínum tveimur falla í stafi (sérstaklega er önnur þeirra lunkin í þeirri list) hef ég fundið mér möguleika á að „falla“ með. Ég reyni að fylgja henni þangað sem hún virðist horfin. Það er erfitt, því heilabúið æpir eftir aðgerðum: „Þetta er tímasóun – þú þarft að ná að gera svo margt – þú getur ekki bara setið og glápt út í loftið – þú lítur út eins og asni með opinn munn og starandi augu – hugsaðu þér nú ef einhver er að fylgjast með þér“ – og svo framvegis.

**EN MEÐ DAGLEGUM** æfingum er ég orðin betri.

**TILFINNINGIN** er ekki ósvipuð lýsingunni af tunnunni í upphafi: Það er líkt og maður falli í sundur, eða aðeins burt frá sjálfum sér. Maður fær pásu frá eigin hugsunum. Þetta verður líkast heilagri stund. Eftir þessa innsýn finnst mér að það ætti að banna með lögum að trufla börn sem falla í stafi. Þannig fengjum við hugsanlega öll mikið betri hvíld.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ÍSLENSKA
HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN
2010



# HAMBORGARAFABRIKKAN ER KOMIN Í HAGKAUP



**GRILLHAMBORGARAR FABRIKKUNNAR**

*Í pakkanum eru tveir Fabrikkuborgarar, tvö ferhyrnd Fabrikkubrauð, Fabrikkusósa, salt og pipar.*



**GRÍSARIF FABRIKKUNNAR**

*Elduð grísarif í Barbíkjúsósu Fabrikkunnar. Grísarifin eru forelduð og þarf aðeins að hita.*



**HAMBORGARABRAUÐ FABRIKKUNNAR**

*Fabrikkubrauðið er fyrsta ferhyrnda Fabrikkubrauðið í heiminum.*



**KOKTEILSÓSA FABRIKKUNNAR**

*Kokteilsósa Fabrikkunnar er engin venjuleg kokteilsósa. Hún er betri.*



**FABRIKKU SÓSAN**

*Fabrikkusósan er hamborgarasósa Fabrikkunnar. Hún hentar vel með öllum mat.*

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**!**

### Klukkan 20 í Grafarvogskirkju

*Styrktartónleikar verða klukkan 20 í Grafarvogskirkju í kvöld þar sem safnað er til að styrkja Ellu Dís, sem er langveik fjögurra ára gömul stúlka. Það kostar 2.000 krónur inn á tónleikana og rennur sú upphæð beint í sjóð Ellu Dísar. Einnig hefur verið komið af stað símasöfnun þar sem hægt er að hringja inn og styrkja um þrjár upphæðir. Númerin eru 907-3701 fyrir 1.000 krónur, 907-3702 fyrir 2.000 krónur og 907-3703 fyrir 3.000 krónur.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Djasshátíð undir Eyjafjöllum*

Hin árlega djasshátíð, Jazz undir fjöllum, verður haldin í Skógum undir Eyjafjöllum í sjöunda sinn laugardaginn 3. júlí. Mikill metnaður hefur verið lagður í dagskrána og verða alls fimm tónleikar á hátíðinni í ár.

Í Skógarkaffi verður boðið upp á lifandi og fjölbreytta dagskrá laugardaginn 3. júlí frá klukkan 13-17. Þar mun stíga á stokk stór hópur framúrskarandi tónlistarmanna. Fjögur bönd munu spila fyrir gesti á laugardeginum, Tríó Sigurðar Flosasonar, Kvartett Andrésar Þórs, Kvartett Kjartans Valdemarssonar og Dúó Sigurðar og Kjartans.

Aðaltónleikar hátíðarinnar fara síðan fram í félagsheimilinu Fossbúð á laugardagskvöldinu. Ragnheiður Gröndal og Egill Ólafsson syngja þar lög Sigurðar Flosasonar við ljóð Aðalsteins Ásberg Sigurðssonar. Hljóðfæraleikarar með



**SYNGUR Í SVEITINNI** Ragnheiður Gröndal mætir.

söngvurunum verða þeir Sigurður Flosason, Kjartan Valdimarsson og Matthías Hemstock.

Fyrri hátíðir hafa fengið frábæra aðsókn og góða dóma. Aðgangur er ókeypis í Skógarkaffi en er 1.500 krónur í Fossbúð á laugardagskvöldinu.

### > Ekki missa af ...

Hljómsveitin Hjaltalín hefur nú lagt af stað í þriggja vikna langa tónleikaferð um Ísland. Ferðin hefst 30. júní í Búðardal og lýkur 17. júlí á LungA hátíðinni á Seyðisfirði. Söngkonan Lára Rúnarsdóttir ásamt hljómsveit mun sjá um upphitun á völdum stöðum ásamt því að Snorri Helgason mun fylgja Hjaltalín í Flatey. Meðal annarra áfangastaða sem hljómsveitin mun koma við á eru Ísafjörður, Þingeyri, Patreksfjörður, Skagaströnd, Akureyri, Siglufjörður og Mývatn.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

23.06.10 - 29.06.10




**1** **Eyjafjallajökull** Ari Trausti og Ragnar Th.




**2** **Vegahandbókin 2010** Ýmsir höfundar



**3** **25 gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu** - Reynir Ingibjartsson




**4** **Aldrei framar frjáls** Sara Blædel




**5** **Risasyrpa -** Með allt í botni



**6** **Íslenska plöntuhandbókin -** Hörður Kristinsson




**7** **Volcano Island** Sigurgeir Sigurjónsson




**8** **Makalaus - kilja** Tobba Marinós




**9** **Góða nótt yndið mitt - kilja** Dorothy Koomson




**10** **Hafmeyjan - kilja** Camilla Läckberg

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


# ANDLEGA NAKINN Í TEXTUM

**Steinn Kárason hefur nýlega gefið út fyrstu plötu sína. Platan inniheldur 12 lög og er á mjög persónulegum nótum. Steinn sjálfur segir að einlægni hennar sé í líkingu við að standa andlega nakinn frammi fyrir áhorfendum sínum.**

„Ég er mjög ánægður með árangurinn! Það er frekar stór áfangi að ljúka við svona verk. Í raun stærri atburður í lífinu en ég átti von á. Þessi atburður tekur meira pláss í lífi mínu en ég hafði gert ráð fyrir enda mjög einlægt verk,“ segir Steinn Kárason.

Steinn gaf nýlega út sína fyrstu plötu, Steinn úr djúpinu. Platan inniheldur tólf lög eftir Stein sjálfan. Einnig á hann sjálfur átta texta á plötunni sem eru skrifaðir á mismunandi tímabilum.

„Platan er mjög persónuleg fyrir mig. Textarnir mínir rista mjög djúpt í mínu sálarlífi og nafn plötunnar er margrætt. Ég læt það í hendur hlustenda að ráða í merkingu nafnsins,“ segir Steinn. „Sumt er mjög einlægt af minni hálfu og með þessu er ég að mörgu leyti að afhjúpa sjálfan mig og standa andlega nakinn frammi fyrir áhorfendum mínum.“

Steinn hefur með sér stóran her söngvara og má þar nefna Pál Rósinkranz, Hreindísi Ylvu Garðarsdóttur Holm, Írisi Guðmundsdóttur, Hauk Hauksson og Guðmund F. Benediktsson. Að auki sér Ingi Gunnar Jóhannsson um bakraddir. „Söngvararnir voru valdir sérstaklega með það í huga að þeir myndu henta hverju lagi sem best,“ segir Steinn. Ýmsir þekktir hljóðfæraleikarar koma einnig að plötunni og má þar nefna Sigurgeir Sigmundsson, Jón Ólafsson, Hjörleif Valsson, Vilhjálm Guðjónsson og Hilmar Sverrisson auk þess sem Steinn sjálfur spilar á munnhörpu og gítar í nokkrum lögum. Útgáfu og dreifingu sér Steinn einnig um sjálfur.

linda@frettabladid.is



**STEINN KÁRASON** Gefur út plötu með einlægum textum sem skrifaðir eru á mismunandi tímabilum lífs hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




*Stefanía Jörgensdóttir*

*Í blóma lífsins*

**málverkasýning í listasal Garðabæjar**

**Garðatorgi 7, 26. júní – 6. júlí 2010**

*Sýningin er opin alla daga frá kl. 14 til 18.*

*Sjá einnig www.gardabaer.is*




**VINSÆL** Færri komust að en vildu á síðustu tónleika Mannakorna í Háskólabíói.

# Mannakorn snýr aftur í Háskólabíó

**Hljómsveitin Mannakorn hélt tónleika í Háskólabíói laugardaginn 15. maí síðastliðinn. Uppselt var á tvenna tónleika á skotstundu og komust færri að en vildu.**

**Tónleikunum var vel tekið af áhorfendum og hljómsveitin fékk mikið lof fyrir spilamennskuna. Þóttu Mannakorn sýna að þau hafa engu gleymt.**

**Vegna fjölda áskorana hefur verið ákveðið að endurtaka leikinn með öðrum ferilstónleikum í Háskólabíói laugardaginn 16. október.**

**Miðasala hefst á morgun 1. júlí kl. 10 á Miði.is og öllum sölustöðum Miði.is. Miðaverð er 4.400 kr og eingöngu er selt í númeruð sæti.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 1. júlí 2010**

### ➜ Tónleikar

**12.00 Hádegistónleikar** verða í **Hallgrímskirkju** í dag kl. 12.00, en tónleikarnir eru þeir fyrstu í sumartónleikaröð Hallgrímskirkju. **Friðrik Vignir Stefánsson** og **Eygló Rúnarsdóttir** flytja bæði orgelverk og kirkjuleg sönglög frá ýmsum tímum.



**20.00** Í kvöld verða útitónleikar á vegum **Inspired by Iceland**, en tónleikarnir fara fram í **Hljómskálagarðinum**. Þeir áttu að fara fram undir Eyjafjöllum en vegna veðurs voru þeir færðir. Tónleikarnir eru öllum opnir og eru án endurgjalds. Nánari upplýsingar um dagskrá tónleikanna má finna á www.inspiredbyiceland.is.



**20.00** Á **Kaffi Rósenberg** munu **Elíza Newman**, **Gísli Kristjánsson** og hljómsveitin **Of Monsters and Men** flytja ljúfa tóna kl. 20.00 í kvöld. Aðgangseyrir er 500 krónur.

**21.00** Á **Bar 11** (áður Cultura), að Hverfisgötu 18, verða tónleikar á vegum **Jazzklúbbsins Múlans**. Á tónleikunum spilar **Kvartett Matthías Hemstock**, en tónleikarnir hefjast kl. 21.00 og er 1500 króna aðgangseyrir, 1000 krónur fyrir námsmenn.

**21.00** Á **Græna Hattinum**, Akureyri, spila **Ljótu Hálfvitarnir**. Tónleikarnir hefjast kl. 21.00.

### ➜ Hátíðir

**17.00** Á **Höfn í Hornafirði** er árleg Humarhátíð haldin til heiðurs humrinum. Á dagskrá hátíðarinnar má finna sýningar listamanna – „**Mixed media**“, en sýningarnar verða í **Miklagarði**. Opnun sýninganna verður kl. 17.00. Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar má finna á www.rikivatnajokuls.is

### ➜ Tónlistarhátíð



**20.00** Tónlistarhátíðin **Funk í Reykjavík** hefst í dag og verða af því tilefni tónleikar á **Nasa** þar sem **Jimi Tenor**, **Samúel Jón Samúelsson Big Band** og **dj-lucky** koma fram. Tónleikarnir hefjast kl. 20.00 og er aðgangseyrir 1000 krónur.

### ➜ Leiðsögn

**15.00** Leiðsögn verður um **Nesstofu** í dag og mun **Áslaug Björk Ingólfsdóttir** lóðsa gesti um húsið sjálft og fræða þá sem vilja um húsið, sögu þess og staðsetningu. Aðgangur er ókeypis og hefst leiðsögnin kl. 15.00.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**





## Sylt
**Fjölskyldutjald 4 manna**

2 svefnherbergi
Stærð með fortjaldi 460 x 210 x 190
5869206

**14.990**
~~18.295~~

**2 SVEFN-HERBERGI**

## Sylt
**Fjölskyldutjald 6 manna**

2 svefnherbergi
Stærð með fortjaldi 450 x 210 x 185
5869207

**19.990**
~~24.895~~

# ÚTILEGAN Á
# BETRA VERÐI



**JAKKI 4.999**

**BUXUR 3.999**

**Vindsett m/öndun**
dömu til í gráu og rauðu, herra til grá og blá, (barnastærðir rautt og grátt jakki 3999 buxur 3999)
5868030-5868088



**8.999**

**Powerstrets flíspeysa**
5863743-5863747

TRUENORTH

**7.999**

**Powerstrets flíspeysa**
sva/beige/rauð
5863725-5863727



**ÓMISSANDI Í ÚTILEGUNA**

**1.999**

**Flís poncho**
Flís slá til í beige, hvítu, svörtu og fjólubláu
5863823

**Tjaldborð og bekkjasett**
2bekkir og borð
stærð 113 x 68 x 72 sm
3899360

**14.990**
~~16.495~~





**1.890**

**Garðstóll**
Cancun með örmum og háu baki
3899071

**Tjald 3 manna Santa Barbara**
Innra lag: öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag: 190T polyester
Stærð með fortjaldi
130 x 210 x 210 sm
5869205

**7.990**
~~9.890~~



**Svefnpoki**
Oulu, 1,4kg -8°C
3000045



**3.590**
~~4.390~~

Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga
Gildir til 5. júlí

Gildir ekki af öðrum tilboðum og að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

ALLT
PALLAEFNI
**TAX FREE**



# TAX FREE!
# Pallaefni

## TAX FREE AF ÖLLU FÚAVÖRÐU TIMBRI FYRIR SÓLPALLINN

**GILDIR EINNIG AF LERKI, SKJÓLVEGGJUM OG VATNSKLÆÐNINGU!**

Vinsælasta **pallaolía** á Íslandi

3 ltr. **2.990**




Jotun pallaolía 3 ltr.
Vinsælasta pallaolían á Íslandi.
7049123-33-37

**100 bör, 1300W**
**5 metra slanga**

Hábrýstidæla
Nilfisk C.100
3 ltr.
Vnr. 5254240
**NILFISK**

**13.995**
~~15.995~~



**25%** **afsláttur**



Festingar & vinklar

SIMPSON Strong-Tie

Timbur-
miðstöðin
**Grafarholti**
opið til 18:00
alla daga

**Látum verkin tala!**

Sjá afgreiðslutíma um land allt www.husa.is

**HÚSASMIÐJAN**



HELGI BJÖRNS



THE CHEMICAL BROTHERS

## > Í SPILARANUM

Helgi Björns & reiðmenn vindanna - Þú komst í hlaðið
Moses Hightower - Búum til börn
The Chemical Brothers - Further
Markús & The Diversion Sessions - Now I Know

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## TÍMAVÉLIN DON'T YOU WAN'T ME BABY SLÆR Í GEGN

# HL í fyrsta skipti á toppinn



- Allir þekkja lagið Don't You Want Me Baby með hljómsveitinni Human League. Lagið fór á topp bandaríska Billboard-listans 3. júlí árið 1982.
- Bretar voru langt á undan Bandaríkjamönnum að uppgötva snilld lagsins enda var það á toppi breska listans um jólin 1981.
- Smáskífa lagsins hefur selst í meira en 1,4 milljónum eintaka í Bretlandi og er í 25. sæti yfir farsælustu smáskífur breska listans.
- Lagið kom út á Dare, sem er þriðja plata Human League, en sú fyrsta sem fór á toppinn í Bretlandi.
- Human League þurfti að bíða í fjögur ár eftir að ná öðru lagi á toppinn í Bandaríkjunum. Það var lagið Human árið 1986.
- Don't You Wan't Me Baby er hringitónn karakters Brad Pitt í kvikmyndinni Oceans 13.
- Lagið heyrist einnig í hinni stórbrotnu He's Just Not That Into You.
- Doug í King of Queens söng einu sinni fyrsta erindi lagsins í þættinum.
- Human League er enn þá starfandi og skrifaði undir nýjan útgáfusamning í fyrra við Wall of Sound-útgáfuna.



## >Plata vikunnar

**Ýmsir - Hitaveitan**

★★★★

„Kimi Records gefur sumarsafnplötuhugtakinu aukið vægi með fjölbreyttri og kraftmikilli plötu."



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# Svalt popp frá Svíþjóð

Ferill hinnar 31 árs gömlu sænsku Robin Miriam Carlson, eða Robyn eins og hún kallar sig, er orðinn bæði langur og ævintýralegur. Hún kom fyrst fram í sænska sjónvarpinu þegar hún var tólf ára og söng þá m.a. lag sem hún hafði samið sjálf. Þegar hún var 15 gerði hún plötusamning og 1997 þegar hún var 18 sló hún í gegn í Bandaríkjunum með plötunni Robyn is Here og danspoppsmellunum Show Me Love og Do You Know (What It Takes).



Árið 2008 var fjórða platan hennar, Robyn, gefin út á alþjóðlegum markaði og innihélt m.a. smáskífurnar Cobrastyle, Konichiwa Bitches og With Every Heartbeat sem hún gerði með Andreas Kleerup. Síðan hefur leið hennar legið upp á við. Á undanförnum árum hefur Robyn m.a. sungið inn á plötur með Basement Jaxx og Röyksopp og tónlistin hennar hefur smám saman orðið meira spennandi. Hún er líka komin með ágætt tónleikaband og fékk t.d. sænsku Grammy-verðlaunin í fyrra fyrir bestu tónleikaframmistöðu ársins 2008.

Fyrir skömmu kom út ný plata með Robyn. Hún heitir Body Talk Pt. 1 og er sú fyrsta í seríu, en Body Talk Pt. 2 er væntanleg í haust. Og þetta er fín plata. Full af grípandi poppsmellum með ferskum hljómi og flottum söng. Á meðal þeirra sem vinna með Robyn á nýju plötunni eru Klas Åhlund, Röyksopp og snillingurinn Diplo sem er þekktastur fyrir að hafa leikið stórt hlutverk á MIA-plötunum Arular og Kala.

Body Talk Pt. 1 hefur fengið dúndur góða dóma, m.a. 8,5/10 hjá Pitchfork og 4/5 hjá bæði Spin og The Guardian.







**SEXTÁN ÁRA FERILL** Það erfitt að trúa því að hljómsveitin Korn sé búin að vera til í meira en sextán ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Korn ýtir á reset-takkann

**Von er á níundu plötunni frá hljómsveitinni Korn í júlí. Fyrsta platan kom út fyrir sextán árum og nú vilja meðlimir Korn byrja upp á nýtt og finna gamla hljóminn aftur.**

„Hvers vegna læturðu mig ekki í friði?" öskrar söngvarinn Jonathan Davis örvinglaður í fyrsta smáskífulagi væntanlegrar plötu Korn. Platan er númer níu í röðinni, heitir Korn III: Remember Who You Are og lagið heitir Oildale (Leave Me Alone). Meðlimir Korn líta svo á að þeir séu að endurræsa hljómsveitina með plötunni og hverfa aftur til tónlistarinnar sem heyrðist á fyrstu plötunni frá 1994 og Life is Peachy frá 1996.

Söngvarinn Jonathan Davis og félagar eru ekkert að grínast með endurræsinguna. Þeir fengu til liðs við sig upptökustjórann Ross Robinson, sem vann með þeim á fyrstu tveimur plötunum. Þá kusu

> Við viljum bara ná andrúmsloftinu aftur og að tónlistin sé ekki ofunnin. Við viljum bara lemja tónlistinni í andlitin á fólki eins og við gerðum 94, 95 og 96."
>
> JONATHAN DAVIS SÖNGVARI KORN

þeir að taka plötuna upp á segulband og sniðganga nýjustu tækni og tól sem upptökubransinn hefur upp á að bjóða. Davis hefur látið hafa eftir sér að platan sé einföld að því leyti að hún sé ekki eins hlaðin og fyrri plötur og að andrúmsloftið skipti mestu.

Ýmislegt gekk á við upptökur á plötunni. Ross Robinson er þekktur fyrir brjálað skap sitt og hann lét nýjan trommara Korn, Ray Luzier, oft heyra það. Robinson átti til að öskra, sparka og berja í trommusettið þegar hann var ekki sáttur við Luzier, en trommarinn hefur látið hafa eftir sér að hann hafi langað að kyrkja upptökustjórann. Luzier fékk ekki að nota taktmæli við upptökurnar og var það gert til að láta hann skynja hindranirnar sem Korn hefur þurft að yfirstíga. Furðuleg krafa.

Korn III: Remember Who You Are átti upprunalega að vera konseptplata. Textarnir áttu að snúast um fimm merki um hnignun mannsins: trúarbrögð, eiturlyf, peninga, völd og tíma. Það gekk hins vegar ekki sem skyldi og Davis samdi því texta um hvernig líðan hans var hverju sinni. Eins og gefur að skilja eru því textarnir ekkert sérstaklega jákvæðir, enda Davis alltaf verið hálfgerður fýlupúki.

Davis segir að hljómsveitin hafi ekki reynt að gera framhald af fyrstu og annarri plötu Korn. „Við viljum bara ná andrúmsloftinu aftur og að tónlistin sé ekki ofunnin," segir hann. „Við viljum bara lemja tónlistinni í andlitin á fólki eins og við gerðum 94, 95 og 96."

atlifannar@frettabladid.is

# Interpol frumsýnir umslagið

Hljómsveitin Interpol hefur frumsýnt umslag væntanlegrar plötu, sem kemur út 7. september.

Platan fylgir eftir Our Love to Admire sem kom út árið 2007. Nýja platan er jafnframt síðasta plata Interpol sem bassaleikarinn Carlos Dengler spilar inn á, en hann hætti í hljómsveitinni skömmu eftir að hún varð tilbúin.

Interpol hefur einnig upplýst lagalista plötunnar. Hljómsveitin hefur þegar sent frá lagið Lights en hin lögin á plötunni heita Success, Memory Serves, Barricade, Always Malaise (The Man I Am), Safe Without, Try It On, All Of the Ways og The Undoing. Það er óhætt að segja lagatitlarnir hljómi allir mjög „Interpol-lega".



**NÝJA PLATAN** Furðulegt umslag og ekkert líkt þeim fyrri.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > ROBIN WILLIAMS Í BATMAN?

Leikarinn góðkunni mun vera að sækjast eftir hlutverki í þriðju Batman-myndinni sem leikstjórinn Christopher Nolan er að leggja lokahönd á undirbúning að. Sækist hann eftir að leika The Riddler, vonda kallinn í myndinni, en viðurkennir að það sé erfitt að toppa frammistöðu Heaths Ledger sem Jókerinn í síðustu mynd.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Kutcher og Heigl saman á ný í Killers

Rómantíska gamanmyndin Killers var frumsýnd hér á landi í gær og eru það leikarnir Katherine Heigl og Asthon Kutcher sem leika aðalhlutverkin. Myndin fjallar um Spencer Aimes sem vinnur sem leynilegur morðingi hjá bandarískum yfirvöldum og lifir góðu piparsveinalífi. Þegar hann síðan kynnist Jen Kornfeldt verður hann yfir sig ástfanginn, giftist, breytir um lífsstíl og flytur í úthverfin. Þremur árum seinna finnur hann út að leigumorðingjar eru búnir að hreiðra um sig í hverfinu með hann sem skotmark. Morðingjarnir geta verið hver sem er í hverfinu og nú þurfa hjónin að beita öllum brögðum til að lifa af og halda tengdafjölskyldunni í skefjum.

Katherine Heigl er meðal annars þekkt úr sjónvarpsþáttaröðinni Grey's Anatomy og rómantísku gamanmyndinni Knocked Up. Ashton Kutcher hefur leikið í mörgum rómantískum gamanmyndum, nú síðast í myndinni Valentine's Day. Hann er einnig þekktur fyrir að vera giftur leikkonunni Demi Moore.



**KILLERS** Rómantísk gamanmynd sem er frumsýnd um helgina.



**LEONARDO DICAPRIO** Leikur víking í næstu mynd Mels Gibson.

## Leikur víking

**Leikarinn Leonardo DiCaprio mun bregða sér í hlutverk víkings í næstu mynd sinni sem leikstýrt er af Mel Gibson. Myndin hefur ekki enn fengið nafn en leikarinn hefur þegar skrifað undir samning og viðurkennir að sig hafi ávallt langað að leika víking í kvikmynd. „Víkingar eru mestu ofbeldismenn sögunnar og ég held að þeim hafi aldrei verið gerð nógu góð skil í kvikmynd áður.“**





## ERU KRISTEN OG ROBERT PAR?

Bella þarf að velja á milli ástarsambands við vampíruna Edward og vinskapar við varúlfinn Jacob í The Twilight Saga: Eclipse, þriðju myndinni í vampíruseríunni. Í raunveruleikanum hefur verið þrálátur orðrómur um ástarsamband **Roberts Pattison**, sem leikur Edward og **Kristen Stewart**, sem leikur Bellu, utan hvíta tjaldsins og hafa þau hvorki neitað eða staðfest sögusagnirnar. Þykja þau passa einstaklega vel saman og spekingar telja að svona blossi á hvíta tjaldinu geti ekki verið leikinn. Nú síðast við kynningar á nýju myndinni þóttu Stewart og Pattison láta vel hvort að öðru og döðruðu mikið á blaðamannafundi.



**HA?** Hill og Brand virðast hissa.

## Hill og Brand toppa listana

Gamanmyndin Get Him to the Greek með Jonah Hill og Russell Brand í aðalhlutverkum er aðsóknarmesta kvikmynd Bretlands þessa stundina. Myndin halaði inn 1.569.556 pund um síðustu helgi og skaust þar fram úr Sex and The City 2 og Killers sem verma nú annað og þriðja sæti listans.

# Ástarþríhyrningur í þriðju Twilight

**Þá heldur sagan áfram. Hin geysivinsæla saga um ástalíf vampíranna. Þriðja myndin í seríunni, The Twilight Saga: Eclipse, var frumsýnd hér á landi í gær. Beðið hefur verið eftir myndinni með eftirvæntingu og eru íslenskir Twilight-aðdáendur þeir fyrstu í heiminum sem fá að líta þriðju myndina augum.**

Kristen Stewart og Robert Pattison bregða sér enn á ný í hlutverk Bellu Swan og Edward Cullen, en þau hafa skotist upp á stjörnuhimininn eftir vinsældir fyrri myndanna tveggja. Í þessari mynd er að venju spilað á ást, rómantík, drama og spennu á meðan fylgst er með þríeykinu Bellu, Edward og varúlfinum Jacob, sem leikinn er af Taylor Lautner, kljást við vampírur og aðrar verur. Einnig stendur Bella frammi fyrir því ap þurfa að taka erfiða ákvörðun. Hún þarf að velja á milli þess að verða ódauðleg með vampírunni Edward eða dauðleg með Jacob.

**1** Robert Pattison toppaði lista tímaritsins HEAT yfir kynþokkafyllstu karla í heimi í ár.

**6** Kristen Stewart komst í 6. sæti á lista tímaritsins FHM yfir kynþokkafyllstu konur árið 2010.

Önnur myndin í Twilight seríunni, New Moon, sló aðsóknarmet þegar hún var frumsýnd í nóvember á síðasta ári í Bandaríkjunum og er þess að vænta að þriðja myndin geri slíkt hið sama. Chigago Sun Times gefur þessari mynd helmingi lakari dóm en mynd númer tvö og gagnrýnendur hjá Hollywood Reporter og Variety eru einnig jákvæðari gagnvart þessari mynd. Spurning hvort aðdáendur vampíruseríunnar séu jafn æstir í þetta sinn og hvort myndin Eclipse slái fleiri met en sú fyrri.

Tvær myndir eru væntanlegar í viðbót upp úr fjórðu og síðustu bókinni og á að frumsýna þær árin 2011 og 2012.

alfrun@frettabladid.is


BROSANDI ALLAN HRINGINN

Veitingastaðir á öllum hótelum • Alltaf stutt í sund • Vingjarnleg þjónusta

Gistiverð frá 5.000 kr. á mann • Fimmta hver nótt frí






13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar
4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum • 6 Neskaupstaður
7 Egilsstaðir 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000


# Law með Scorsese

Breski leikarinn og sjarmörinn Jude Law hefur slegist í leikarahóp nýjustu myndar Martins Scorsese, Hugo Cabret. Law mun leika við hlið frægra manna á borð við Ben Kingsley, Ray Winstone og Sacha Baron Cohen í þessari mynd sem gerð er eftir samnefndri metsölubók frá höfundinum Brian Zelsnick. Myndin fjallar í grófum dráttum um munaðarleysingja sem býr á lestarstöð og reynir að leysa gátuna um lát föður síns.

Kvikmyndin er fyrsta þrívíddarmynd Óskarsverðlaunahafans Scorsese og hófust tökur á henni í London í vikunni. Áætluð frumsýning myndarinnar er í desember 2011.



NORDICPHOTOS/GETTY

**ÞRÍVÍDDARMYND Í BÍGERÐ** Jude Law mun leika í nýrri kvikmynd Óskarsverðlaunahafans Martins Scorsese sem verður frumsýnd á næsta ári.

# Útsala

## Útsalan hófst í morgun

# 40%

## Afsláttur

Menn + Konur, Laugavegi 7



## Andersen & Lauth

Reykjavik

established 1934

## >KYLIE SYNGUR FRÍTT

**Kylie Minogue** heiðrar samkynhneigða aðdáendur sína í Madríd á Spáni um helgina, þar sem hún mun troða upp á tónleikum, án þess að taka við greiðslu. Tónleikarnir verða á hátíð samkynhneigðra í Madríd, en hátíðin laðar að sér mörg þúsund manns á ári hverju.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Bateman reitir nördana til reiði

Gamanleikarinn Jason Bateman náði að reita mikinn fjölda tölvunörda til reiði í síðustu viku þegar hann fékk að fara fram fyrir röð af fólki sem beið fyrir utan Apple verslun til að kaupa nýjasta iPhone símann.

Um tvö þúsund manns biðu í röð fyrir utan verslunina til að geta fest kaup á símanum og sumir höfðu beðið alla nóttina. „Þetta var fáránlegt. Fólk varð mjög reitt því þetta var út í hött. Hann kom um klukkan fimm um morguninn og beið í röðinni eins og við hin, en um klukkan tíu var hann leiddur inn í verslunina af starfsfólki verslunarinnar,“ var haft eftir sjónarvotti sem hafði beðið í röð frá því um klukkan þrjú um nóttina.

Bateman segist þó ekki hafa orðið var við reiði viðstaddra og tjáði sig um málið á Twitter síðu sinni. „Það baulaði enginn á mig. Það sagði enginn orð. Starfsmaður verslunarinnar sótti mig úr röðinni til að hlífa mér við ljósmyndurum sem þarna stóðu. Ég var sáttur við að bíða í röð. Ég vildi óska að ég hefði beðið áfram í röðinni.“



NORDICPHOTOS/GETTY

**EKKERT GRÍN** Jason Bateman vakti reiði manna með því að fara fram fyrir röð fólks sem beið eftir því að geta keypt nýjan iPhone síma.



**KATY PERRY** Notaðist við internetið til að velja rappara í nýja lagið sitt.

# Hundafaðir valinn

Söngkonan Katy Perry viðurkennir að hún hafi þurft að notast við Netið til að finna út hvaða rappara hún vildi fá með sér í nýja lagið sitt, California Gurls. Eftir að hafa lesið allt sem alfræðivefsíðan Wikipedia bauð upp á um rapparann Snoop Dog ákvað hún að hann væri sá eini rétti í verkið.

„Ég wikipedi-aði alla upprunalegu Vesturstrandar rapparana og velti því fyrir mér hver væri bestur og hver væri kirsuberið á toppinn. Það var augljóslega Snoop,“ sagði söngkonan í viðtali. „Hann gerði Drop It Like It´s Hot fyrir nokkrum árum, hann gerði Sexual Seduction – hann er ennþá Hr. Gin&Juice, ég meina maðurinn eldist ekki. Hann er Hundafaðirinn!“ **- ls**

# Alex elskar pönkið

Sænski leikarinn Alexander Skarsgård hefur slegið rækilega í gegn í hlutverki vampírunnar Erics í sjónvarpsþáttunum True Blood.

Í nýlegu viðtali var hann spurður að því hvernig tónlist hann hafi gaman af að hlusta á og sagðist leikarinn helst hlusta á gamalt pönk. „Ég er mjög hrifinn af pönk- og rokktónlist, og þá sérstaklega bresku og sænsku pönki. Ég er mikill aðdáandi Buzzcocks, the Adverts og the Chameleons. En uppáhalds sænska hljómsveitin mín er hin goðsagnakennda hljómsveit Ebba Grön sem var vinsæl á áttunda áratugnum. En ég get líka mælt með nýjum og upprennandi tónlistarmönnum frá Svíþjóð eins og Fever Ray, Mattias Alkberg og Miike Snow. Þetta eru allt frábærar hljómsveitir sem gaman er að hlusta á,“ sagði sænski sjarmörinn.



**PÖNKARI** Sænski leikarinn Alexander Skarsgård hefur gaman af gamalli pönktónlist.

# Vinkonur gera það gott í Danmörku

**Vinkonurnar Ingibjörg og Eva Dögg skipa stílista– og myndatökuteymið Purple Masturbation. Þær halda úti netdagbók með verkefnum sínum sem þær ákveða og stílisera í sameiningu. Stelpurnar hafa komið sér á framfæri með því að skrifa á klósettveggi út um allan heim.**

„Þetta byrjaði þegar við vorum að sauma saman peysur og selja á myspace. Í viðtali áttuðum við okkur á því að okkur vantaði nafn á teymið. Í einhverju gríni ákváðum við Purple Masturbation og héldum okkur síðan við það,“ segir Ingibjörg Torfadóttir.

Ingibjörg og vinkona hennar, Eva Dögg Rúnarsdóttir, skipa stílista- og myndatökuteymið Purple Masturbation. Þær eru búsettar í Danmörku og halda úti netdagbók með myndum úr myndatökum á síðunni www.purplemasturbation.blogspot.com.

„Við ákveðum yfirleitt í sameiningu í hvaða anda verkefnin eiga að vera. Fáum innblástur af Netinu og útfærum þetta svo eftir okkar hugmyndum,“ segir Ingibjörg. „Eva sér svo um hár og make-up ásamt því að stílisera en ég sé um myndatöku og vinnslu mynda.“ Samkvæmt stelpunum vinna þær mjög vel saman í teymi og hafa þær unnið saman í nokkur ár.

Ingibjörg tekur sveinspróf í ljósmyndun nú í sumar en hún hefur bæði lært ljósmyndun hér heima og úti í Danmörku. Einnig lærði hún fatahönnun í eitt ár í Mílanó. Hún hefur unnið mörg verkefni bæði í Danmörku og hér heima. Eva Dögg er lærður fatahönnuður. Hún starfaði áður við merkið Red Issue en starfar nú við hönnun á merkinu Envy fyrir fataverslunina Samsøe & Samsøe. Báðar hafa þær svo starfað sjálfstætt að hönnun fyrir sig sjálfa og ýmis merki í Danmörku.

Stelpurnar auglýsa síðuna á mjög áhugaverðan hátt. Þær ganga um með tússpenna á sér og skrifa á klósettveggi skemmtistaða og almenningsklósetta sem þær heimsækja. Áhugaverðar setningar með slóð á vefsíðuna má því sjá á ótrúlegustu stöðum. „Fólk fer á klósettið og les það sem er fyrir framan það. Ef það sem við skrifum er áhugavert eru miklar líkur á því að það kíki á síðuna og sjái það sem við erum að gera,“ segir Eva Dögg. Þessi auglýsingaherferð vinkvennanna hefur svo sannarlega borgað sig þar sem þær eru nú um þessar mundir í New York að vinna að lenydardómsfullu verkefni.

**linda@frettabladid.is**



**PURPLE MASTURBATION** Eva Dögg málar og stíliserar og Ingibjörg tekur myndirnar og vinnur þær.

MYND/INGIBJÖRG TORFADÓTTIR



**SKRIFA Á VEGGI** Stelpurnar skrifa á klósettveggi út um allan heim til að koma sér á framfæri.

MYND/INGIBJÖRG TORFADÓTTIR

# Tónlistarferillinn Pearl Jam að þakka

„Ég kenni útrásarvíkingunum og íslensku krónunni um að Pearl Jam hafi ekki ennþá komið til landsins,“ segir Magni Ásgeirsson söngvari og aðdáandi rokksveitarinnar Pearl Jam.

Magni og nokkrir valinkunnir tónlistarmenn eru að skipuleggja tónleika til heiðurs Pearl Jam á Sódómu annað kvöld. „Það er eiginlega þeim að þakka, og þá helst söngvaranum Eddie Vedder, að ég fór út í þennan bransa, ja, þakka eða kenna,“ segir Magni.

Pearl Jam gaf það út á dögunum að Ísland væri á óskalista sínum yfir staði til að sækja heim en lengi hefur staðið til að fá sveitina til landsins. „Ég veit til þess að margir hafa reynt að fá Pearl Jam hingað og rétt fyrir hrunið var það nánast í höfn, en svo fór sem fór og íslenska krónan ekki þessum mönnum bjóðandi,“ segir Magni en hann hefur verið aðdáandi sveitarinnar frá því hann var 12 ára og platan Ten kom út. „Ég fór á tónleika með þeim í Danmörku fyrir um tveimur árum síðan. Það var í fyrsta sinn sem þeir spiluðu í Danmörku frá slysinu á Hróarskelduhátíðinni árið 2000. Það voru magnaðir og tilfinningaþrungnir tónleikar,“ segir Magni og heldur í vonina um að sveitin komi hingað fyrr en seinna.

Að sögn Magna munu áhorfendur fá að heyra allt frá ballöðum að rokklögum sveitarinnar á tónleikunum en spurður um sitt uppáhaldslag með Pearl Jam vefst honum tungu um tönn. „Ég get ómögulega valið eitt lag því fyrir mér er platan Ten eitt stórt frábært lag. Pearl Jam er hljómsveit sem gerir þetta fyrir tónlistina en ekki peninginn.“ **- áp**



**ELDHEITUR AÐDÁANDI** Magni Ásgeirsson ásamt hljómsveit heldur tónleika til heiðurs Pearl Jam annað kvöld á Sódómu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Útsala

ZARA

**ÚTSALAN HEFST Í DAG**

Smáralind sími: 522-8344 · Kringlan sími: 522-8320

www.zara.com

# Britney sögð óhæf móðir

Lífvörðurinn Fernando Flores, sem kærði söngkonuna Britney Spears fyrir kynferðislegt áreiti á vinnustað, hefur nú einnig sakað hana um slæma meðferð á sonum sínum tveimur, Sean Preston og Jayden James.

Flores segir söngkonuna í miklu andlegu ójafnvægi og að hún hafi eitt sinn hýtt Sean Preston með belti. „Britney vill vera góð móðir en Flores telur að hún sé ekki í nægilega góðu ástandi til að taka ábyrgð á drengjunum. Flores sagði að söngkonan hafi eitt sinn komið æðandi í áttina að honum og heimtað að hann léti hana fá beltið sem hann bar um sig. Hann lét hana fá það en elti hana aftur inn í húsið þar sem hann sagðist hafa séð Britney hýða Sean Preston með beltinu fyrir að hafa óhlýðnast sér,“ var haft eftir ónefndum heimildarmanni. Samkvæmt sama heimildarmanni eiga barnaverndaryfirvöld að vera að rannsaka málið.



**SLÆM MÓÐIR?** Fyrrum lífvörður Britney Spears sakar hana um að hafa hýtt annan son sinn með belti. NORDICPHOTOS/GETTY




**Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** Leikarinn frægi Mel Gibson er að skilja við barnsmóður sína, Oksönu Grigorievu, sem sakar hann um að hafa gengið í skrokk á sér. NORDICPHOTOS/GETTY

# Mel Gibson neitar að hafa lamið barnsmóður sína

**Skilnaðir í heimi fræga fólksins eru sjaldan á rólegu nótunum og nú er leikarinn og leikstjórinn Mel Gibson í sviðsljósinu. Hann hefur slitið samvistum við barnsmóður sína, rússnesku söngkonuna Oksönu Grigorievu, og skiptast þau á að úthúða hvort öðru í fjölmiðlum vestanhafs.**

Fyrr í vor gaf Gibson út þá yfirlýsingu að parið, sem á eina 7 mánaða dóttur saman, hefði vaxið hvort frá öðru og eru þau hinir verstu óvinir í dag ef marka má útspil þeirra í kringum sambandsslitin. Nú hefur hin rússneska Oksana meðal annars sakað Gibson um að ganga í skrokk á sér, brjóta í sér tennur og gefa sér heilahristing í janúar síðastliðnum. Gibson hefur á móti sakað Oksönu um að hafa hrist barn þeirra.

Hann neitar öllum ásökunum hennar og segir hana einungis vera að skemma mannorð hans. Oksana hefur einnig sakað Óskarsverðlaunahafann um að gefa henni ekki nógu stórar upphæðir í meðlagsgreiðslur en hún býr í milljón dollara höll leikarans með bíl og þjónustufólk. Lögfræðingar söngkonunnar segja hana vera mjög hrædda við Gibson og að hún sé nú búin að fá nálgunarbann á hann og vilji ekki að hann eigi nein samskipti við dóttur þeirra.

Gibson og Oksana byrjuðu saman fyrir rúmu ári, um sama leyti og leikarinn skildi við eiginkonu sína til 28 ára, Robyn Gibson. Söngkonan var til málamynda hjá útgáfufyrirtæki Gibsons og voru margar sögusagnir um framhjáhald Gibsons með henni áður en skilnaðurinn við eiginkonuna varð opinber. Hún á fyrir barn með breska leikaranum Timothy Dalton.

# Börnin spila leikskólasöngva

„Það kom út bók fyrir mörgum árum sem var eins nema með erlendum lögum. Sú bók vakti mikla lukku þannig að það var tilvalið að gera þetta með íslenskum lögum núna,“ segir Ævar Guðmundsson, eigandi bókaútgáfunnar Krydd í tilveruna.

Barnabókin Syngjum Saman, er komin í flestallar bókabúðir landsins. Hún inniheldur tólf vinsæl íslensk lög með textum og áföstu rafknúnu píanói. Nóturnar í bókinni eru litaðar og tölusettar sem auðveldar börnunum að spila lögin. Auk þess örvar þetta færni við að tengja saman liti og tölur ásamt því að örva áhuga barna á tónlist og hæfileika á því sviði.

„Við fórum á fund með leikskólakennurum sem völdu lögin sem eru í bókinni. Þetta eru allt lög sem börnin þekkja og syngja í leikskólanum sínum,“ segir Ævar. Lög eins og Krummi svaf í klettagjá, Ef væri ég söngvari, Lagið um stafina og Heims um ból sem börnin þekkja vel eru meðal þeirra sem eru í þessari bók.

„Vinnan við bókina tók 18 mánuði. Við vildum gera þetta vel og allir vönduðu sína vinnu mjög vel,“ segir Ævar. Foreldrar þekkja eldri bókina og finnst skemmtilegt að geta fært börnum sínum kunnuglegar bækur.

Einar Baldvin Arason og Freymar Þorbergsson hönnuðu bókina og Anna Málfríður Sigurðardóttir píanókennari aðstoðaði við uppsetningu laga. - ls




**SYNGJUM SAMAN** Skemmtileg og líflegt bók með 12 íslenskum barnalögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 3.30 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| KILLERS LÚXUS | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |
| GROWN UPS LÚXUS | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| THE A-TEAM | kl. 8 - 10.40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3D íslenskt tal | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| TOY STORY 3 3D enskt tal/ ótextað | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 8 - 10.25 | 12 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ROBIN HOOD | kl. 9 | 12 |
| SNABBA CASH | kl. 6 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 8 | L |
| THE A-TEAM | kl. 10 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| GROWN UPS | 5.50, 8 og 10.10 | 10 |
| THE A-TEAM | 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| STREET DANCE-3D | 4 | 7 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4 | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA | kl. 3:20 - 6 - 8 - 8:30 - 10:40 - 11 | 12 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 8 - 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 | 12 |
| THE LOSERS | kl. 10:40 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 8 | 12 |
| THE LOSERS | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | 16 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 3:20 - 5:40 - 10:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) - 10:20(3D) | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 - 10:35 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl tal | kl. 5:40 | L |
| TOY STORY 3 ensku tal | kl. 5:40 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 9 | 12 |


Opið
11 til 21
Sumarútsala
Allt að
70%
afsláttur af völdum vörum
Rýmum fyrir nýjum vörum
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI



BT
4 daga afmæl
DVD botnverð
1.499
2.499
1.499
2.499
Fartölvur
SÝNINGAREINTÖK
MEÐ ALLT AÐ
50%
afslætti
Fylgir
BOÐSMIÐI
Takmarkað magn
1.499
2.399
1.499
2.399
Nintendo
Takmarkað magn
Fylgir
Sports Resort og Motion plús fylgir
20.000kr. afsláttur
34.999
54.999
Playstation3
Takmarkað magn
20.000kr. afsláttur
120GB
49.999
69.999
Örbylgjuofn
Djók verð
sinbo örbylgjuofn
700W. 17L.
Tíma og styrkstillir
Snúningsdiskur
7.999
14.999
Samlokugrill
Nordica samlokugrill
1.999
4.999
DVD spilari
7000kr. afsláttur
SCOTT
DVD spilari
HDMI, USB og kortalesari
Vegghengjanlegur
11.999
18.999
Heimabíó
15000kr. afsláttur
SCOTT
Heimabíó
2.1 kerfi 120W music power
Upptaka af CD á USB - HDMI
24.999
39.999
Wii tilboð
Fjöldi titla á tilboði
3.999
Fartölva
Geggjað tilboð
Fylgir
BOÐSMIÐI
119.999
144.999
TOSHIBA
Toshiba T135-S1305
Intel Pentium Dual-Core SU4100
3GB DDR3-1066MHz memory
13.3" WXGA HD TruBrite LED 720p
Intel GMA 4500M Graphics
320GB 5400rpm SATA
802.11b/g/n þráðlaust net
3x USB 2.0 ; 1x HDMI; 1x VGA
Kortalesari ,Vefmyndavél
Með tölvu
14.999
19.999
Sjónvarpsflakkari
1TB
Verbatim
sjónvarpsflakkari 1TB
VE47536
Spilar kvikmyndir, tónlist og ljósmyndir
1080I upscaling
LAN, USB 2.0
10.000kr. afsláttur
24.999
34.999
DVD tilboð
799
Hver mynd
Yfir 20 titlar á 799
Ljósmyndaprentari
Þráðlaus
hp invent
Ljósmyndaprentari
Hraðvirkur og öflugur
Með þráðlausu netkorti og USB 2.0 tengi.
11.999
18.999



ishátíð BT
Knight and Day
Frumsýnd
7. júlí
Fylgir
BOÐSMIÐI
Sjónvörp
SÝNINGAREINTÖK
MEÐ ALLT AÐ
50.000 KR.-
afslætti
Takmarkað magn
Tiger-inn er kominn
Stærsta nýjungin í Tiger Woods leiknum þetta árið er Ryder bikarinn, en leikmenn geta nú tekið þátt í þessari stærstu keppni golfsins.
11.999
Myndavélar
SÝNINGAREINTÖK
MEÐ ALLT AÐ
50%
afslætti
Lego Harry Potter
Í Lego Harry Potter er farið í gegnum söguþræði fyrstu fjögurra ára um Harry Potter. Þú getur spilað sem Harry potter, Ron Weasley, Hermoine Granger eða 100 aðrar sögupersónur sem koma fram í leiknum.
11.999
Ljósmyndaskanni
Geggjað tilboð
17.999
27.999
ion
Ljósmyndaskanni
Skannar ljósmyndir og slides. Einfaldur hugbúnaður fylgir
Skannar í hárri upplausn, 5.1 MP (3600 DPI)
Tengist með USB við tölvuna, 1-2 sek að skanna
DJ græja
50% afsláttur
Truflað verð
ion
Fullkomin USB DJ græja
Crossfader
Bass og treble
Hugbúnaður fylgir
12.999
24.999
Hátalarar
50% afsláttur
ion
Hágæða USB tölvuhátalara
20W RMS
Segulvarðir
Upptökuhugbúnaður – jack og rca input
9.999
19.999
Tölvuleikir
Tveir sjóðheitir
9.999
11.999
Sjónvarpsflakkari
Með sjónvarps-upptöku
Verbatim
Full HD sjónvarpsflakkari
VE47540
Spilar kvikmyndir, tónlist og ljósmyndir
1080i upscaling
Innbyggður DVB-T tuner.
HDMI, LAN, USB 2.0
20.000kr. afsláttur
39.999
59.999
40" 3D sjónvarp
Fyrsta 3D LED tæki í heiminum!
SAMSUNG
Samsung 40" 3D LED
SAUE40C7705WS
FullHD 3D LED
1920 x 1080
6.000.000:1
200Hz
Internet, upptaka og afspilun á USB, Skype o.m.fl
397.999
Fylgir
16.999
Singularity
Singularity er fyrstu persónu skotleikur gerður af snillingunum hjá Raven fyrirtækinu. Leikurinn gerist á dularfullu eyjunni „Kartoga-12"þar sem Rússar hafa verið að gera tilraunir með hin ýmsu vopn
10.999
Vefmyndavél
720P HD upptaka
Microsoft
MICROSOFT CINEMA HD VEFMYNDAVÉL
Microsoft HD cinema
True 720P
Autofocus
Digital míkrafónn
7.999
12.999
Xbox 360 tilboð
yfir 30 titlar á lækkuðu verði
3.999
BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is

## > Darri lánaður til Hamars

Körfuknattleiksmaðurinn öflugi Darri Hilmarsson mun ekki leika með KR næsta vetur. Hann hefur verið lánaður til Hamars í eitt ár. „Hann vill fá að spila meira til að bæta sig enn frekar. Við skildum það sjónarmið og ákváðum því að lána hann í eitt ár. Við fáum hann svo enn sterkari til baka," sagði Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR. Darri hefur oftar en ekki verið sjötti maður í KR-liðinu og átt margar magnaðar innkomur í liðið á síðustu tveimur árum.



sport

sport@frettabladid.is

**BÖÐVAR GUÐJÓNSSON, FORMAÐUR KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR KR:** SEGIR ALLT Á RÉTTRI LEIÐ Í VESTURBÆNUM

# *Í viðræðum við Finora og Pavel líklega áfram*

Það hefur vakið nokkra athygli að körfuknattleikslið KR sé ekki búið að ráða þjálfara þó svo það sé kominn júní. Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, segir að menn í Vesturbænum séu ekkert að fara á taugum og allt þokist í rétta átt.

„Okkur liggur ekkert á. Það er enn langt í mót. Við höfum verið í viðræðum við Victor Finora í talsverðan tíma og þær viðræður eru enn í gangi. Ég er að vonast til þess að það mál gangi upp," sagði Böðvar en Finora þjálfaði þrjá yngri flokka hjá KR í fyrra á meðan eiginkona hans, Jenny, spilaði með kvennaliði félagsins.



„Jenny er búin að fá vinnu úti í Bandaríkjunum þannig að hann kæmi einn ef hann kemur. Við viljum að hann taki við karlaliðinu og þjálfi áfram yngri flokkana. Hann kæmi þá í fullt starf hjá okkur. Í fullkomnum heimi værum við búnir að ganga frá þessu en ég er samt alveg rólegur."

Böðvar segir íslenska þjálfara ekki vera í myndinni sem stendur. Friðrik Ragnarsson er á meðal þeirra íslensku þjálfara sem eru á lausu en Böðvar segist ekkert hafa rætt við hann.

Nokkrar breytingar verða á KR-liðinu milli ára en félagið hefur fengið Hreggvið Magnússon frá ÍR og svo verður Pavel Ermolinskij væntanlega áfram í herbúðum liðsins. Pavel kom afar sterkur inn í lið KR í fyrra og það eru mjög góð tíðindi fyrir Vesturbæinga ef hann verður áfram.

„Hann er að vinna í því að fá sig lausan frá félaginu sínu úti. Hann vill koma og taka eitt gott ár hjá okkur eins og Jón Arnór og Jakob gerðu. Ég myndi segja að það væru svona 99 prósent líkur á því að Pavel spili áfram í Vesturbænum næsta vetur," sagði Böðvar ákveðinn.



**DAVID SILVA** Spilar í ensku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Leikmannamál Man. City:

## Silva til City

**FÓTBOLTI** Manchester City gekk í gær frá kaupum á Spánverjanum David Silva frá Valencia fyrir 27 milljónir punda. Hann gerði fimm ára samning við félagið.

„Það var kominn tími til að finna mér nýja áskorun og ég er himinlifandi yfir því að fá að spila með Manchester City. Ég tel að enska úrvalsdeildin sé ein sú besta í heimi og ég vil hjálpa City að vinna titla á næstu árum," sagði Silva en hann er 24 ára gamall.

Valencia hefur nú misst tvo sterka leikmenn á skömmum tíma en fyrr í mánuðinum gekk David Villa í raðir Barcelona.

Man. City var ekki eina liðið sem vildi fá þennan magnaða spænska leikmann í sínar raðir því bæði Man. Utd og Chelsea höfðu einnig sýnt honum áhuga.

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, hefur reyndar verið lengi spenntur fyrir leikmanninum en nú er ljóst að Silva spilar tæplega undir stjórn Skotans sem á ekki mörg ár eftir í bransanum. - esá

# Aðstaðan eins og hjá stóru félagi í Þýskalandi

**Landsliðsmaðurinn Ingimundur Ingimundarson mun skrifa undir samning við dönsku meistarana í AaB frá Álaborg fyrir helgi gangi allt að óskum. Aðstaðan er frábær segir Ingimundur. Hann er þegar farinn að leita sér að íbúð.**

**HANDBOLTI** Varnaruxinn úr Breiðholtinu, Ingimundur Ingimundarson, verður orðinn leikmaður dönsku meistaranna AaB áður en vikan er öll. Ingimundur sat á samningafundi með forráðamönnum félagsins í gær og fór beint í kjölfarið að skoða íbúðir á svæðinu.

„Það er voða lítið sem á eftir að ganga frá. Þeir vilja fá læknisskoðun og skoða myndir sem voru teknar af hnénu á mér en ég meiddist aðeins undir lok síðasta tímabils. Þeir vilja sjá það til öryggis en ég ætti að fljúga í gegnum læknisskoðun. Ég ætla samt ekki að fagna neinu fyrr en allt er frágengið," segir Ingimundur rólegur.

Varnarmaðurinn hefur undanfarin ár spilað í Þýskalandi en hefur nú ákveðið að söðla um. Hann er að ganga í raðir mjög öflugs félags þar sem vel er staðið að öllum hlutum.

„Mér líst rosalega vel á allt hjá félaginu. Aðstaðan er alveg frábær og þetta er það langbesta sem ég hef kynnst á mínum ferli. Það eru bara stóru félögin í Þýskalandi sem hafa svona toppaðstöðu. Höllin er frábær og það er bara allt til fyrirmyndar hjá félaginu. Virkilega vel staðið að öllu og umgjörðin persónuleg sem er ánægjulegt," segir Ingimundur en hann segir að félagið sé ekkert moldríkt.

„Þetta félag hefur ekkert farið varhluta af kreppunni frekar en aðrir, en stendur samt vel. Liðið varð meistari og það skipti félagið miklu að komast í úrslitaleikinn. Nú bíður Evrópukeppnin og spennandi tímar."



**STERKUR** Ingimundur hefur skipað sér á bekk með öflugustu varnarmönnum heims á síðustu árum.
FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

Baráttan í dönsku deildinni stefnir í að verða spennandi á næstu leiktíð. Hún mun ekki bara standa á milli AaB og hins nýja ofurfélags AG København þar sem Guðmundur Guðmundsson er íþróttastjóri.

„Bjerringbo og Kolding eru líka afar sterk. Þetta ætti að geta orðið mjög spennandi og ég hlakka til að vera með í vetur fari svo að þetta gangi allt saman eftir. Það bendir flest til þess en maður veit aldrei hvað getur gerst," segir Ingimundur Ingimundarson, tilvonandi leikmaður AaB.

henry@frettabladid.is



**LAUS VIÐ FRAKKA** Guðmundur þarf ekki að hafa áhyggjur af Frökkum í riðlakeppni HM 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

HM í handbolta 2011:

## Ísland í efsta styrkleikaflokki

**HANDBOLTI** Frábær árangur íslenska karlalandsliðsins á síðustu mótum hefur séð til þess að Ísland verður í efsta styrkleikaflokki er dregið verður í riðla fyrir HM föstudaginn 9. júlí.

Ísland er þar í góðum félagsskap með Frakklandi, Króatíu og Póllandi. Þetta þýðir að Ísland getur ekki mætt þessum þjóðum í sjálfri riðlakeppninni.

HM fer fram í Svíþjóð og fá heimamenn að velja sér riðil þegar dregið verður.

Þeir munu spila sína heimaleiki í Gautaborg og Danmörk mun væntanlega spila í Malmö svo Danir eiga auðvelt með að fjölmenna á leiki liðsins í keppninni. - hbg

**HM 2011**

**Styrkleikaflokkar:**

1: Ísland, Frakkland, Króatía, Pólland.
2: Danmörk, Spánn, Svíþjóð, Noregur.
3: Serbía, Austurríki, Þýskaland, S-Kórea.
4: Ungverjaland, Túnis, Rúmenía, Slóvakía
5: Egyptaland, Argentína, Alsír, Brasilía
6: Kína, Japan, Ástralía, Bahrain.

Víkingar styrkja sig:

## Hollendingur til Víkings

**FÓTBOLTI Hollendingurinn Rabin Faber gekk í gær til liðs við 1. deildarlið Víkings og samdi við liðið út leiktíðina. Hann er 24 ára varnarmaður sem hefur leikið með yngri landsliðum Hollands.**

**„Hann getur leikið bæði sem miðvörður og bakvörður og það verður gott að fá meiri samkeppni í liðið," segir Leifur Garðarsson, þjálfari Víkings, sem segir að aðdragandinn að þessu hafi verið langur.**

**„Við vorum að vinna í þessum málum í vetur en hann gat ekki losnað áður en félagaskiptaglugginn lokaðist í vor. Við höfum haldið þessu opnu síðan þá og gengum frá þessu nú," sagði Leifur. Faber fær leikheimild með Víkingi þegar glugginn opnast á ný 15. júlí næstkomandi.**

**Víkingur er sem stendur í þriðja sæti 1. deildarinnar.** - esá

Bjarni Guðjónsson, fyrirliði KR, segir kærkomið að fá frí frá Pepsi-deildinni og taka þátt í Evrópukeppni:

# Við ætlum okkur að komast áfram í keppninni

**FÓTBOLTI** KR tekur á móti norðurírska liðinu Glentoran á KR-velli í kvöld en um er að ræða fyrri leik liðanna í 1. umferð undankeppni Evrópudeildar UEFA.

Glentoran varð í þriðja sæti í norður-írsku deildinni síðasta vetur en deildarkeppninni þar lauk 1. maí síðastliðinn og hefst ekki aftur fyrr en 7. ágúst. Gestirnir frá Norður-Írlandi ættu því ekki að vera í jafn góðu formi og KR-liðið. Liðið hefur aðeins leikið einn æfingaleik fyrir Íslandsferðina en þá tapaði Glentoran fyrir velsku meisturunum í TNS, 2-0.

„Við vitum lítið um liðið en vitum þó að þetta er klassískt breskt félag. Spilar 4-4-2 sem beitir löngum boltum upp í hornin. Þaðan á boltinn svo að koma fyrir markið," segir Bjarni Guðjónsson, fyrirliði KR, en hann segir ekkert annað en sigur í kvöld koma til greina.

„Við ætlum að komast áfram í þessari keppni. Ég myndi telja að þessi lið séu frekar áþekk og möguleikar okkar eru góðir. Stefnan er að vinna þennan leik og halda svo markinu hreinu á útivelli. Það er ágætis leið í þessari keppni. Það þýðir samt að við verðum að sækja á heimavelli."



**GÓÐIR MÖGULEIKAR** Bjarni Guðjónsson segir að Glentoran og KR séu áþekk að styrkleika.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KR stóð sig afar vel í Evrópukeppninni í fyrra. Sló út gríska liðið Larissa og var ekki fjarri því að slá svissneska liðið Basel síðan út. Eftir það komst liðið á mikla siglingu í deildinni hér heima.

„Þetta var mjög skemmtilegt í fyrra og þátttakan í keppninni kom okkur í gang. Menn fengu sjálfstraust við að sjá að þeir ættu í fullu tré við atvinnumannalið. Vissulega förum við í gang í fyrra eftir Evrópukeppnina en við hugsum ekki of mikið um það. Þó það sé klisjukennt þá hugsum við bara um einn leik í einu," segir Bjarni. henry@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# *Frosið* lambakjöt frá Kaupfélagi Skagfirðinga Frábært verð í Bónus




KS FROSIÐ LAMBALÆRI SNYRT
**998 KR.KG.**




KS LAMBA-SIRLOIN SNEIÐAR
**998 KR.KG.**




KS LAMBA-LÆRISSNEIÐAR
**1259 KR.KG.**




KS LAMBA-FILLET
**2698 KR.KG.**




KS FROSIN LAMBASVIÐ
**194 KR.KG.**
NÚ MEÐ 35% AFSLÆTTI / MERKT VERÐ Á 298 KR. KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur



**TVEIR GÓÐIR** Wayne Rooney og Steven Gerrard gekk illa á HM í Suður-Afríku eins og öðrum leikmönnum enska landsliðsins. NORDIC PHOTOS/GETTY

Rooney og Gerrard:

## Drógu þátttöku í móti til baka

**FÓTBOLTI** Móti sem átti að halda viku eftir að HM lýkur hefur verið frestað þar sem Wayne Rooney og Steven Gerrard fannst báðum óviðeigandi að taka þátt á þessum tímapunkti.

Mótið heitir A:3K og þar áttu sex þekktir knattspyrnumenn að koma saman og keppa sín á milli í hinum ýmsu þrautum.

„Við höfum fullan skilning á ákvörðun leikmannanna," sagði einn forráðamanna mótsins. Aðrir sem áttu að taka þátt voru David Villa, Didier Drogba, Cesc Fabregas og Cristiano Ronaldo. „Við hefðum getað skipt þeim út fyrir aðra leikmenn en ákváðum að gera það ekki þar sem við teljum þetta vera sex bestu leikmenn heimsins."

Áætlað er að mótið fari fram í júní á næsta ári. - esá

VISA-bikar karla:

## FH tekur á móti KA í kvöld

**FÓTBOLTI Klukkan 18 í kvöld fer leikur FH og KA í 8 liða úrslitum VISA-bikars karla fram. Leikurinn var færður vegna þátttöku FH í Evrópukeppninni. FH vann Keflavík í síðustu umferð en KA, sem er í áttunda sæti 1. deildarinnar, vann Grindavík eftir vítaspyrnukeppni.** - hþh



**JOHAN CRUYFF** Saknar töfranna í brasilíska landsliðinu. NORDIC PHOTOS/AFP

Johan Cruyff um Brasilíu:

## Ekki peninganna virði

**FÓTBOLTI** Hollendingurinn Johan Cruyff, einn besti knattspyrnumaður sögunnar, segist ekki tíma að borga sig inn á leiki með Brasilíu á HM í Suður-Afríku.

„Ég myndi ekki borga til að sjá Brasilíu spila. Hvar er það brasilíska landslið sem við þekkjum allir? Það er horfið," sagði hann.

„Ég man eftir leikmönnum eins og Gerson, Tostao, Falcao, Zico og Socrates. Nú sé ég bara menn eins og Gilberto, Melo, Bastos og Julio Baptista. Hvar eru brasilísku töfrarnir? Ég skil af hverju [landsliðsþjálfarinn] Dunga valdi suma leikmenn en það vantar skapandi leikmenn á miðjuna. Ég á ekki von á því að nokkur maður tími að borga sig inn á leiki Brasilíu," sagði Cruyff.

Holland og Brasilía mætast í fyrsta leik fjórðungsúrslitanna á HM á morgun. - esá

Valur og Breiðablik unnu bæði í Pepsi-deild kvenna í gærkvöldi líkt og Þór/KA sem heldur pressunni áfram:

# Við bíðum bara eftir mistökum hinna

**FÓTBOLTI** Þór/KA vann KR 4-0 í leik liðanna í Pepsi-deild kvenna í gærkvöldi. Mörkin komu öll í fyrri hálfleik, tvö frá Vesnu Smiljkovic, eitt frá Mateju Zver og eitt frá Elvu Friðjónsdóttur.

„Það er aldrei auðvelt að spila á móti KR," sagði Dragan Stojanovic, þjálfari Þórs/KA, léttur á því spurður hvort leikurinn hefði ekki verið neitt mál fyrir stelpurnar hans.

„Við byrjuðum mjög vel og skoruðum strax eftir nokkrar mínútur. Svo skoruðum við þrjú í röð og afgreiddum leikinn eiginlega," sagði Dragan sem var sérstaklega ánægður með sóknarleikinn en ekki alveg jafn ánægður með varnarleikinn.

„Við gerðum nánast allt rétt í sókninni í fyrri hálfleiknum. Ég er ánægðastur með hvað við náðum að nýta styrkleika okkar vel. Við erum með fljóta framherja og við gáfum réttar og góðar sendingar á þá í leiknum," sagði Dragan.

„Við féllum svo aðeins til baka í seinni hálfleiknum sem er kannski eðlilegt, það er erfitt að sækja allan leikinn," sagði Dragan en liðið er nú einu stigi á eftir Blikum sem unnu Hauka 4-1 í gær og fjórum stigum á eftir Val sem vann Grindavík í gær 2-0 með tveimur mörkum Bjarkar Gunnarsdóttur. Þá vann Stjarnan 5-1 sigur á FH og Afturelding vann Fylki 2-1.

„Valur og Breiðablik mætast í næstu umferð, við bíðum bara eftir okkar tækifæri. Við höldum áfram að vinna í okkar leik og bíðum bara eftir mistökum hinna liðanna," sagði Dragan.

Valur er í efsta sætinu með tuttugu stig eftir átta umferðir. Breiðablik kemur næst með sautján en Þór/KA er með sextán stig. Næst koma Stjarnan, KR og þá Grindavík. - hþh




**MARK** Breiðablik skorar hér í gærkvöldi en það vann öruggan sigur á Haukum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Var ekki erfið ákvörðun

**Bjarni Fritzson mun spila með Akureyri á næsta tímabili. Bjarni segir að hann muni geta einbeitt sér enn betur að handboltanum og náminu fyrir norðan. Hann valdi Akureyri fram yfir FH og óspennandi tilboð frá Danmörku.**

**HANDBOLTI** Markahæsti leikmaður N1-deildarinnar á síðustu leiktíð, Bjarni Fritzson, mun flytja búferlum til Akureyrar í sumar. Hann mun á morgun skrifa undir eins árs samning við Akureyri handboltafélag sem hefur síðasta tímabil verið í samband við hann strax eftir síðasta tímabil þegar Bjarni lék með FH. Hann hefur spilað 39 landsleiki.

„Ég hef verið í sambandi við stjórnina alveg síðan þá og gamli þjálfarinn minn í fjórða flokki er einn þeirra sem höfðu hönd í bagga," sagði Bjarni við Fréttablaðið í gær.

Bjarni var einnig valinn í lið mótsins í N-1 deildinni og er kærkomin viðbót fyrir lið Akureyrar. Nokkrir leikmenn hafa horfið á braut, Jónatan Magnússon, Árni Þór Sigtryggsson og Andri Snær Stefánsson þar á meðal. Liðið spilaði oftar en ekki með rétthentan mann í hægra horninu á síðasta tímabili og er hinn örvhenti Bjarni því hvalreki á fjörur liðsins.

„Ég flyt norður með alla fjölskylduna, það verður að taka þetta alla leið. Það heillar mig mjög mikið og ég hef alltaf haft áhuga á að búa utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta gerðist ekki á einum degi en var á endanum ekki erfið ákvörðun. Það er fínt að prófa þetta áður en strákurinn minn byrjar í grunnskóla og svona," sagði Bjarni sem hafði úr fleiri tilboðum að velja.

Nokkur lið úr N1-deildinni vildu fá Bjarna til sín sem og lið í Danmörku. „Á endanum var þetta bara val á milli FH og Akureyrar. Það eru fjölmargar ástæður fyrir því að ég valdi Akureyri og þetta verður skemmtileg tilbreyting. Það er gaman að prófa eitthvað nýtt, maður þroskast við að breyta um aðstæður," segir Bjarni.




**EINFALDARA OG ÞÆGILEGRA** Bjarni hlakkar til að spila fyrir norðan þar sem hann segir að lífið verði bæði einfaldara og þægilegra en í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Síðasti vetur í Reykjavík var mjög erfiður hjá mér, það var mikið að gera á öllum vígstöðum. Ég var í krefjandi námi en ég tel að með þessum flutningi geti ég einfaldað lífsmunstrið og því sinnt þeim hlutum sem skipta mestu máli enn betur. Lífið verður einfaldara og þægilegra og ég kem kannski frekar suður í frí," sagði Bjarni.

Honum líst vel á liðið hjá Akureyri og ekki síst umgjörðina. „Hún er almennt talin best þarna ásamt umgjörðinni hjá FH. Það er svo gaman að spila fyrir fullu húsi í hverri umferð. Það eru ungir og sprækir strákar í liðinu í bland við einhverja jaxla," sagði Bjarni. Atli Hilmarsson mun þjálfa liðið.

Bjarna var einnig boðið að fara til Danmerkur. „Landsliðið úti er ansi erfitt og samningarnir lélegir og óspennandi, í það minnsta fyrir mig. Ég er ekki að rífa mig frá því sem ég hef hérna heima fyrir einhverja hálf atvinnumennsku," sagði Bjarni.

hjalti@frettabladid.is



**ROY HODGSON** Tekur við Liverpool í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Massimo Moratti, forseti Inter:

## Roy fullkominn fyrir Liverpool

**FÓTBOLTI** Roy Hodgson verður næsti knattspyrnustjóri Liverpool. Að mati Massimo Moratti, forseta Inter sem Hodgson stýrði áður, er Hodgson fullkomin ráðning fyrir Liverpool.

Þegar Hodgson tók við Inter var allt í rjúkandi rúst hjá félaginu, það var á botni deildarinnar og ýmis vandamál utan vallar spruttu upp. Hodgson stýrði liðinu til Evrópusætis eftir að hann tók við á miðju tímabili og árið eftir til úrslitaleiksins í UEFA-keppninni og þriðja sætis í Serie-A deildinni.

„Roy Hodgson er mikilvægur maður í sögu Inter. Hann bjargaði okkur á réttum tíma," sagði Moratti við The Mirror. „Þegar hann kom inn voru vandamál úti um allt. Þetta leit ekki vel út. Það kom ekkert fát á hann, hann var rólegur og hélt okkur rólegum," sagði Moratti en einmitt vegna vandamálanna utan vallar telja margir að Hodgson sé góð ráðning fyrir Liverpool.

Moratti hélt áfram. „Hann forðaði okkur frá stórslysi á mikilvægum tímapunkti. Allir hjá Inter minnast hans fyrir það." - hþh

Cristiano Ronaldo hrækti í átt að myndatökumanni eftir tapið gegn Spáni:

# Niðurbrotinn og óhuggandi

**FÓTBOLTI** Cristiano Ronaldo tók tapinu ekki vel þegar portúgalska landsliðið féll úr leik á HM í Suður-Afríku eftir 1-0 tap fyrir Spáni í 16 liða úrslitunum í fyrrakvöld.

Eins og svo oft áður kom myndatökumaður upp að Ronaldo eftir leik og fylgdi honum eftir. Í þetta sinn kærði sá portúgalski sig ekkert um athyglina og skipaði honum að fara. Þegar myndatökumaðurinn hunsaði þessi fyrirmæli hans gerði Ronaldo sér lítið fyrir og hrækti í átt til hans. Myndir af því fóru út um alla heimsbyggð.

Eftir leikinn neitaði Ronaldo að ræða við fréttamenn og benti einungis á þjálfarann Carlos Queiroz.

„Ég er niðurbrotinn og algerlega óhuggandi," var haft eftir honum á heimasíðu hans síðar um kvöldið. „Ég finn fyrir óendanlegri sorg."

Hann neitaði því að hann hefði verið að gagnrýna Queiroz með því að beina spurningum fréttamanna til hans. „Ég var ekki í neinu ástandi til að svara spurningum en Carlos Queiroz var á blaðamannafundi. Því benti ég á hann. Ég veit að ég er fyrirliði landsliðsins og hef alltaf gegnt þeim skyldum sem því fylgja og mun gera það áfram."

Portúgal fékk aðeins eitt mark á sig í keppninni en skoraði að sama skapi aðeins í einum leik – í 7-0 sigri á Norður-Kóreu.

Liðið gerði markalaus jafntefli við Fílabeinsströndina og Brasilíu í riðlakeppninni og tapaði svo fyrir Spáni 1-0.



**RONALDO** Þótti ekki standa undir væntingum í Suður-Afríku. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Við þurfum að fá meira út úr sókninni," sagði varnarmaðurinn Ricardo Carvalho. „Við beittum bara skyndisóknum og það þurfti meira til að vinna leik eins og þennan. Við vörðumst vel en náðum ekki að skapa okkur nægilega mörg færi þó svo að við værum með marga frábæra leikmenn til þess."

Ronaldo var einn aðalmaðurinn í sóknarleik Portúgals og skoraði eitt mark á mótinu. - esá

Forseti Nígeríu hundfúll:

## Setti landsliðið í bann í tvö ár

**FÓTBOLTI Forseti Nígeríu, Goodluck Jonathan, hefur ákveðið að setja knattspyrnulandslið landsins í tveggja ára keppnisbann eftir afleitt gengi á HM í Suður-Afríku. Nígería varð í neðsta sæti B-riðils og hlaut aðeins eitt stig í keppninni.**

**„Goodluck Jonathan forseti hefur ákveðið að draga landsliðið úr öllum alþjóðlegum keppnum næstu tvö árin svo hægt verði að koma hlutunum í skikkanlegt lag," sagði einn ráðgjafi forsetans við fjölmiðla þar í landi.**

**Knattspyrnusamband landsins mun hafa verið leyst upp og ný bráðabirgðastjórn skipuð. Víst þykir að Alþjóða knattspyrnusambandið, FIFA, muni eitthvað hafa að athuga við þetta enda ríkja strangar reglur sem banna afskipti stjórnvalda af knattspyrnumálum í aðildarlöndum sambandsins.** - esá




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**73** golfklúbbar eru starfræktir undir merkjum Golfsambands Íslands. Flestir eru þeir á Suðurlandi eða sextán. Á höfuðborgarsvæðinu eru þeir níu.

**14** kylfur mega vera í pokanum þegar spilaður er 18 holu hringur. Séu þær fleiri er dæmt víti á kylfinginn. Fyrir kylfu sem skemmist við eðlilegan leik má setja inn varakylfu. Þetta á þó ekki við ef kylfa er brotin í bræðiskasti.

## Eimskipsmótaröðin 2010

**Karlaflokkur**

| | |
|---|---|
| 1 Hlynur Geir Hjartarson GK | 3129.38 |
| 2 Kristján Þór Einarsson GKJ | 2655.00 |
| 3 Sigmundur Einar Másson GKG | 2431.88 |
| 4 Arnar Snær Hákonarson GR | 2259.38 |
| 5 Axel Bóasson GK | 2182.50 |
| 6 Guðmundur Ágúst Kristjánsson GR | 2081.25 |
| 7 Sigurþór Jónsson GK | 1800.00 |
| 8 Tryggvi Pétursson GR | 1790.62 |
| 9 Ólafur Björn Loftsson NK | 1779.38 |
| 10 Björgvin Sigurbergsson GK | 1500.00 |

**Kvennaflokkur**

| | |
|---|---|
| 1 Valdís Þóra Jónsdóttir GL | 4132.50 |
| 2 Ólafía Þórunn Kristinsd. GR | 2685.00 |
| 3 Ingunn Gunnarsdóttir GKG | 2362.50 |
| 4 Tinna Jóhannsdóttir GK | 2362.50 |
| 5 Signý Arnórsdóttir GK | 2062.50 |
| 6 Þórdís Geirsdóttir GK | 1818.75 |
| 7 Eygló Myrra Óskarsdóttir GO | 1702.50 |
| 8 Ingunn Einarsdóttir GKG | 1665.00 |
| 9 Berglind Björnsdóttir GR | 1612.50 |
| 10 Jódís Bóasdóttir GK | 1425.00 |

## Hollráð Hinna

### Hvað ber að hafa í huga í keppni?

Nú eru meistaramót klúbbanna fram undan og ekki úr vegi að rifja upp nokkur atriði sem keppendur skyldu hafa í huga. Hinrik Gunnar Hilmarsson, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur, ráðleggur kylfingum að hafa eftirfarandi í huga:

1. Ávallt mæta til leiks þegar þið hafið skráð ykkur til keppni annars geta keppendur lent í því að vera færri í ráshóp en aðrir á vellinum sem hefur mikla bið í för með sér.
2. Hjálpa meðspilurunum að leita og gera það með sama áhuga og væri þetta ykkar eigin bolti.
3. Vanda sig sem skrifarar, fylgjast með og fara vel yfir skorin og undirrita áður en skorkorti er skilað.
4. Kynna sér vel staðarreglurnar – þær geta verið mismunandi eftir völlum og breytast ört á þessum tíma, til dæmis varðandi hreyfingar og fleira.
5. Sýnið öðrum leikmönnum tillitsemi, standið kyrr og hafið hljótt meðan aðrir slá.



# Gríðarlegt álag á völlunum

**Ólafur Þór Ágústsson er elsti starfandi golfvallarfræðingur landsins. Hann segir íslenska golfvelli vera frambærilega en álagið á þeim sé gríðarlega mikið.**

„Mamma og pabbi voru á kafi í íþróttinni og ætli við bræðurnir höfum ekki verið viðloðandi íþróttina að einhverju leyti síðan ég var níu ára,“ segir Ólafur Þór Ágústsson, vallarstjóri hjá Golfklúbbnum Keili.

Ólafur Þór nam golfvallarfræði við Elmwood College, rétt fyrir utan St. Andrews í Skotlandi, árið 1994. Hann var fyrsti Íslendingurinn til að nema þessi fræði. „Ég var alltaf að vinna á golfvellinum þegar ég var yngri og mér fannst hlutirnir ekki vera gerðir af nógu mikilli festu og kunnáttu. Mér fannst eins og það væri alltaf verið að reyna að finna upp hjólið,“ segir Ólafur Þór, sem ákvað að láta slag standa og skráði sig í skólann.

Námið í Elmwood College tók þrjú ár, eitt ár í skólanum sjálfum en tvö ár í fjarnámi. „Svo fór ég að vinna í Þýskalandi eftir fyrsta árið og vann á golfvelli í Hameln í átta mánuði, ætli ég hafi því ekki unnið sem vallarstjóri í tæp fimmtán ár,“ segir Ólafur Þór.

„Ég hef rosalega gaman af þessu starfi, það er alltaf eitthvað að gerast. Golfvöllur er lifandi hlutur þar sem allt þarf að standast tímans tönn og það þarf sífellt að laga og dytta að. Eitt af því sem er svo skemmtilegt við starfið er að við getum ekki alltaf stjórnað náttúrunni en ég reyni að undirbúa okkur fyrir komandi áföll.“

Um 1.350 meðlimir eru í Keili og eins og gefur að skilja fær Ólafur Þór oft að heyra að eitthvað megi betur fara á vellinum. „Það hafa allir sínar skoðanir á því hvernig eigi að gera hlutina. Það eru 1.350 skoðanir og jafn margir sérfræðingar,“ segir vallarstjórinn. Í upphafi hafi hann tekið það nærri sér þegar fólk var að kvarta eða koma með ábendingar en nú hafi hann bara gaman af því. „Það tók langan tíma að búa til skráp – það kallast víst reynsla í þessu.“

Golf nýtur æ meiri vinsælda hér á landi og þessa fáu mánuði sem hægt er að stunda íþróttina eru vellirnir þéttsetnir frá morgni til kvölds. „Það er svo sérkennilegt með golfið hér á landi að þó að það sé bara hægt að spila það fáa mánuði á ári höfum við þó tækifæri til að spila miklu meira en fólk erlendis á ársgrundvelli. Úti ferðu út á völl klukkan tvö eða þrjú á daginn til að ná átján holum en hér getur þú farið út seint um kvöld. Úti eru vellirnir heldur ekki í fimm mínútna fjarlægð heldur þarftu stundum að keyra langan veg til að komast á völlinn,“ segir Ólafur Þór.

„Íslenskir kylfingar spila meira golf en kylfingar í öðrum löndum. En þetta er stutt tímabil. Við reynum að halda völlunum góðum í fimm mánuði á ári og það er gífurlegt álag á þeim, eitthvað sem þekkist ekki í öðrum löndum. Álagið hér er með mesta móti.“

Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan Ólafur nam golfvallarfræðin í Skotlandi. Fyrir þremur árum höfðu um fjörutíu Íslendingar sótt einhverja golfvallarmenntun í Elmwood College. „Þetta hefur ýtt við okkur hinum, menn vinna meira saman nú og læra hver af öðrum. Við höfum verið að færa þetta upp á hærra plan og það er allt orðið betra, fræ, áburður og vélakostur. Það hefur margt breyst á þessum fimmtán árum, fólk spilar mun meira golf og við höfum fleiri tæki og tól til að halda völlunum í góðu standi.“

Ólafur Þór segir að hér sé verið að rækta gras nánast við haustaðstæður allt árið um kring. „Miðað við það erum við með ótrúlega góða velli. Golfvellirnir eru oftast komnir í frábært stand í byrjun júní. Það er sérstakur karakter í íslensku völlunum og það er töluvert frábrugðið að spila hér en í Flórída eða á Spáni. Helstu einkenni íslensks golfs er veðrið, það er opið golf og lítið um tré. Við höfum strandvelli, sem eru harðir. Grastegundirnar og umhverfið gera vellina svona. Umhverfið og aðstæður hér á landi munu aldrei verða þannig að golfvellirnir hér verði eins og á Spáni. Vellirnir okkar eru hins vegar sambærilegir við það sem gerist í Norður-Skotlandi.“ kristjan@frettabladid.is

## Margfalt betri í golfi

Ólafur Þór á ekki langt að sækja golfáhugann. Foreldrar hans léku golf þegar hann var að alast upp. Faðir hans, Ágúst Húbertsson, er framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Keilis og bróðir hans, Húbert, er vallarstjóri hjá Golfklúbbi Vatnsleysustrandar. Þrátt fyrir að bræðurnir séu að vinna á völlum sem eru nánast hlið við hlið er að sögn Ólafs ekki mikill rígur á milli þeirra. „Húbert er að gera gífurlega góða hluti í Vogum og völlurinn þar hefur tekið stakkaskiptum. Hann hefur rifið þetta upp þannig að eftir er tekið. Hann hlýtur að fá eitthvað stærra að gera,“ segir Ólafur. „Við erum báðir á kafi í vinnu og höfum ekki tíma til að skjóta hver á annan. Það er ótrúlegt en satt en þegar við hittumst í matarboðum imprum við aðeins á þessu en samt frekar lítið.“ Spurður hver þeirra feðga sé bestur í golfi stendur ekki á svarinu: „Þeir eru langt á eftir mér í því. Það er það sem ég get sagt. Ég er margfalt betri en þeir í golfi.“



**FEÐGAR Í GOLFI** Ólafur Þór Ágústsson, Ágúst Húbertsson og Húbert Ágústsson. Golfið á hug þeirra allra. Ólafur segist vera margfalt betri en bróðir hans og faðir í golfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**EINFALT MEÐ EINARI**

# Vipp eru auðveldari með sjö járni en fleygjárni

**Einar Gunnarsson** PGA golfkennari Stykkishólmi



Þegar kylfingur er kominn að flötinni kemur oft að því að vippa. Kylfingar þurfa að vippa þegar þeim finnst þeir ekki geta púttað vegna of þykks eða óslétts grass á milli boltans og flatarinnar. Margir kylfingar vippa alltaf með sömu kylfunni en betra er að huga svolítið að aðstæðum áður en kylfa er valin til að vippa með. Að vippa með 7 járni er auðveldari framkvæmd en að vippa með fleygjárni. Góð regla í vippum er að láta boltann fljúga lágt, einn til tvo metra inn á flötina og rúlla honum að holunni. Ef þessi regla er viðhöfð skiptir máli hve langt inni á flötinni holan er miðað við vippið sem verið er að framkvæma. Ef stutt er í holuna er æskilegt að nota fleygjárn en ef holan er langt inni á flötinni væri til dæmis 7 járn. Gott er að finna sér þrjár kylfur til að vippa með t.d. 7 járn, 9 járn og fleygjárn; æfa vippin vel með þeim og velja svo kylfu allt eftir aðstæðum þegar á völlinn er komið.






**GOLF & HEILSA**



# Hversu mikil áhrif hefur skert hreyfigeta í hálsi á golfsveifluna?

**Magni M. Bernhardsson**, kíróprakтор með sérhæfingu í golfmeiðslum jafnt sem íþróttameiðslum.

„Hálsinn er gríðarlega vanmetið hryggsvæði þegar kemur að því að hafa nægilegan hreyfanleika fyrir golfsveifluna. Til að undirstrika mikilvægi þess að hafa nægan hreyfanleika í hálsinum, ímyndaðu þér hvernig væri að spila golf með hálsríg.

Algeng mistök iðkenda með skertan hreyfanleika í hálsi er til dæmis, styttri sveifla, að missa stöðuna auðveldlega, og óstöðugt höfuð yfir boltanum. Þess vegna er algengt að sjá hliðarhreyfingar og oft aðeins á efri hluta líkamans. Við eigum að geta snúið höfðinu í 90 gráður til hægri og vinstri, það er að geta horft yfir skyrtu saumana á öxlum og jafnt báðum megin. Ef þetta er vont eða ómögulegt, þá ert þú með skerta hreyfigetu í hálsinum.“



MAGNÚS LÁRUSSON



Magnús og Anna Jódís:

# Settu vallarmet á tveimur völlum

Magnús Lárusson úr Golfklúbbnum Kili og Anna Jódís Sigurbergsdóttir úr Golfklúbbnum Keili settu bæði vallarmet á Bárarvelli og Víkurvelli á 36 holu móti Arionbanka sem haldið var um síðustu helgi. Magnús lék Bárarvöll á 69 höggum eða þremur undir pari, af gulum teigum og Víkurvöll á 70 höggum, eða tveimur undir pari. Anna Jódís lék Víkurvöll á 83 höggum af rauðum teigum og Báruvöll á 81 höggi. - kh

# útsala

# 30 til 70 prósent

# afsláttur

ÚTILÍF

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 50747 06/10

## > Will Ferrell

„Ég hef einungis verið fyndinn í 74% tilvika. Já, það er nærri lagi. 74% tilvika.“

***Old School er á dagskrá Stöðvar 2 Bíó í kvöld kl. 22.20, en þar fara Will Ferrell og félagar á kostum.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR FER BRÁTT Í VAMPÍRUHAM

# *Hiti, sviti og suðurríkjaþokki*



Að kvöldi þjóðhátíðardagsins fékk ég boð um að mæta í blóðugt vampírupartí á skemmtistað hér í borg. Tilefnið var ekki að halda upp á afmælið hans Jóns Sig. Nei, fólkið ætlaði að fagna því að sjónvarpsþættirnir True Blood væru komnir aftur á skjáinn. Ég hef aldrei séð þessa þætti. En þegar fólk safnast saman, borðar blóðugar steikur og drekkur Bloody Mary, til að fagna sjónvarpsþætti á miðju sumri þá hlýtur eiginlega eitthvað að vera varið í hann.

Svo ég fylltist forvitni og ákvað að gera könnun. Hafði samband við nokkra góða vini sem ég veit að eru forfallnir aðdáendur og bað þá að segja mér af hverju við hin, sem erum ekki lent í vampírufárinu, erum að missa.

Það tók mig ekki langan tíma að komast að því að kynþokki hefur mikið með málið að gera. Í þáttunum er nefnilega mikið um stinnar geirur og rassa. Í brennidepli er óhemju þokkafull karlkynsvampíra sem tryllir bæði konur og karlmenn. Þessi sænski „sex on legs“, eins og einhver kallaði hann, á líka vinkonu sem heitir Pam sem er víst brjálæðislega svöl í „orðsins fyllstu merkingu“. Hvað skyldi það þýða? Og forvitni mín jókst.

Fyrir utan það hvað leikararnir eru kynþokkafullir þykja þættirnir vel skrifaðir, raunverulegir og æsispennandi. Vampírurnar búa innan um venjulega fólkið og eru sjálfar áhugaverðar persónur, margar hverjar snarklikkaðar en jafnvel stundum góðar, ekki bara vondar og blóðþyrstar eins og hann Drakúla gamli. Sögusviðið er smábær í Louisina-fylki, sem gerir stemninguna enn heitari og sveittari.

Vampíruvinir mínir náðu alveg að selja mér þá hugmynd að ég verði að leggjast yfir þessa þætti. Nú fer ég beint í að redda mér spólu og tek hana með mér í sumarfríið. Eins gott að það er enn þá bjart úti á nóttunni!

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.20** Family Guy SKJÁREINN



▶ **20.35** The Closer STÖÐ 2



▶ **21.05** Nýgræðingar SJÓNVARPIÐ



▶ **21.55** Pepsímörkin 2010 STÖÐ 2 SPORT



▶ **22.20** Old School STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hvaða Samantha?** (31:35) (Samantha Who?)
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Dalabræður** (1:10) (Brödrene Dal) Norsk þáttaröð um bræður sem slá öll met í klaufaskap. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Réttur er settur** (1:10) (Raising the Bar) Bandarísk þáttaröð um gamla skólafélaga úr laganámi sem takast á fyrir rétti.
**20.20 Castle** (7:10) (Castle) Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans.
▶**21.05 Nýgræðingar** (151:169) (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
**21.30 Trúður** (9:10) (Klovn III) (e)
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) Dularfullur atburður veldur því að fólk um allan heim dettur út í tvær mínútur og sautján sekúndur, og sér um leið í svip hvernig líf þess verður eftir hálft ár. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.05 Berlínaraspirnar** (7:8) (Berlinerpoplene) (e)
**23.55 Mótókross** Þáttur um Íslandsmótið í mótókrossi.
**00.25 Fréttir (e)**
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar, Harry and Toto.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Logi í beinni**
**11.50 Amazing Race** (11:11)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (2:25)
**13.45 La Fea Más Bella** (192:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (193:300)
**15.15 The O.C.** (15:27)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar, Harry and Toto, Litla risaeðlan.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (5:22)
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.09 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (9:24)
**19.40 How I Met Your Mother** (6:24)
**20.05 Matarást með Rikku** (9:10) Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga.
▶**20.35 The Closer** (1:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.
**21.20 Fringe** (20:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.
**22.05 The Wire** (5:10)
**23.05 Twenty Four** (22:24)
**23.50 Monk** (1:16)
**00.35 Lie to Me** (3:22)
**01.20 The Legend of Evil Lake** Suður-Kóreisk hrollvekja af bestu gerð.
**02.55 Secuestro Express** Hörkuspennandi mynd frá Venesúela.
**04.20 The Closer** (1:15)
**05.05 The Simpsons** (5:22)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## 2 SPORT besta sætið

**18.10 Norðurálsmótið** Sýnt frá Norðurálsmótinu en þar sýna listir sínar drengir í 7. flokki í knattspyrnu.
**18.40 Travelers Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**19.35 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**20.00 Shell-mótið** Að þessu sinni verður fjallað um Shell-mótið sem haldið var í Vestmannaeyjum en þar sýndu listir sínar drengir í 6. flokki í knattspyrnu.
**20.40 Sterkasti maður Íslands** Sýnt frá keppninni um Sterkasta mann Íslands árið 2010.
**21.10 Herminator Invitational** Sýnt frá Herminator Invitational mótinu í golfi sem haldið var í Vestmannaeyjum annað árið í röð.
▶**21.55 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport, þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa, verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.
**23.10 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## 2 SPORT 2 enski boltinn

**07.00 4 4 2**
**07.45 4 4 2**
**08.30 4 4 2**
**09.15 Úrúgvæ - S-Kórea** HM 2010
**11.10 Bandaríkin - Gana** HM 2010
**13.05 Þýskaland - England** HM 2010
**15.00 Argentína - Mexíkó** HM 2010
**16.55 Holland - Slóvakía** HM 2010
**18.50 16 liða 6** HM 2010
**20.45 Paragvæ - Japan** HM 2010
**22.40 Spánn - Portúgal** HM 2010
**00.35 4 4 2**
**01.20 4 4 2**
**02.05 4 4 2**
**02.50 4 4 2**
**03.35 4 4 2**
**04.20 4 4 2**
**05.05 4 4 2**
**05.50 4 4 2**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Óstöðvandi tónlist**
**16.00 Rachael Ray**
**16.45 Dr. Phil**
**17.30 Sumarhvellurinn** (3:9) (e) Fjörugur skemmtiþáttur þar sem allt getur gerst.
**17.55 America's Next Top Model** (10:12) (e)
**18.40 H2O** (14:26)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (15:46)
**19.30 Matarklúbburinn** (4:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran grillar gómsæta rétti sem kitla bragðlaukana. Hrefna er með skemmtilegar og spennandi uppskriftir sem hún kryddar með nýjum hugmyndum
**19.55 King of Queens** (20:22)
▶**20.20 Family Guy** (7:14) Teiknimyndasería með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
**20.45 Parks & Recreation** (9:24) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Eftir að veggmynd í ráðhúsinu er eyðilögð reyna Leslie og samstarfsfólk hennar að koma með hugmynd að nýrri veggmynd.
**21.10 Royal Pains** (11:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um ungan lækni sem slær í gegn sem einkalæknir ríka fólksins í Hamptons.
**22.00 Law & Order** (10:22)
**22.50 Jay Leno**
**23.35 In Plain Sight** (2:15) (e)
**00.20 Bass Fishing** (4:8) (e)
**01.05 King of Queens** (20:22) (e)
**01.30 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**20.30 Hrafnaþing**
**21.00 Eitt fjall á viku**
**21.30 Birkir Jón**
**22.00 Hrafnaþing**
**22.30 Hrafnaþing**
**23.00 Eitt fjall á viku**
**23.30 Birkir Jón**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## 2 BÍÓ

**06.10 Transformers**
**08.30 Murderball**
**10.00 Buena Vista Social Club**
**12.00 Cats & Dogs**
**14.00 Murderball**
**16.00 Buena Vista Social Club**
**18.00 Cats & Dogs**
**20.00 Transformers**
▶**22.20 Old School**
**00.00 Across the Universe**
**02.10 Badassssss!**
**04.00 Old School**
**06.00 Beverly Hills Cop**




% EINFALDUR BLEKSPRAUTUPRENTARI SEM HENTAR VEL SMÆRRI FYRIRTÆKJUM



Office Jet 6000
Verð áður 24.900 kr
Verðtilboð 19.920 kr

Eiginleikar:
• Hentar smærri fyrirtækjum sem vilja hámarks prentgæði
• Hámarks litagæði með allt að 50% lægri tilkostnaði

Settu þig í samband við Fyrirtækjaþjónustu Pennans í S: 540-2050 eða fyrirspurn@penninn.is til þess að fá frekari upplýsingar.

Prentarinn er jafnframt fáanlegur í eftirtöldum verslunum Pennans:

Austurstræti 18, Hallarmúla 2, Kringlunni norður, Smáralind, Mjódd Álfabakka 14 b, Strandgötu 31 Hafnarfirði, Hafnarstræti 91-93 Akureyri, Dalbraut 1 Akranesi, Sólvallagötu 2 Keflavík, Hafnarstræti Ísafirði, Bárustíg 2 Vestmannaeyjum.

www.penninn.is
S: 540-2000

2010 Preferred Partner

Tilboðið gildir 1-15 júlí

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

### Matarást með Rikku



Þátturinn Matarást með Rikku er kominn í sannkallað sumarskap. Í kvöld sækir Rikka heim blaðakonuna og tískusérfræðinginn Mörtu Maríu Jónasdóttur sem ætlar að grilla kjúkling og útbúa gómsætt kjúklingasalat. Í þessum skemmtilegu þáttum heimsækir Friðrika Hjördís Geirsdóttir þjóðþekkta Íslendinga, sem eiga það sameiginlegt að eiga í misjafnlega löngu en í öllum tilfellum alveg eldheitu ástarsambandi við matargerð. Rikka mun fylgjast með þessum sælkerum undirbúa eitt af sínum margrómuðu matarboðum.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Wire

### Stöð 2 kl. 22.05

Fimmta syrpan í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Framtíð lýðræðis
**14.03** Allir í leik
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** Bláar nótur í bland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**19.00** List og losti
**19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins: Því miður, skakkt númer
**22.55** Íslendingar og stríðið: Landneminn í Reykjanesi
**23.45** Heimsókn til listamanna
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur

**20.15 Grey's Anatomy** (3:17) Komið er að fjórðu seríu Grey's Anatomy. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Allir nema aumingja George, sem féll á lokaprófinu og verður nú að slást í hóp með nýju læknanemunum – sem eru laglega blautir á bak við eyrun

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Gossip Girl** (14:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York

**22.30 Mercy** (10:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey

**23.15 Ghost Whisperer** (20:23) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview

**00.00 True Blood** (2:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn mótlæti íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana

**01.00 Grey's Anatomy** (3:17)

**01.45 The Doctors**

**02.30 Fréttir Stöðvar 2**

**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** Only Fools and Horses **12.40** My Hero **13.10** My Hero **13.40** My Family **14.10** My Family **14.40** The Weakest Link **15.30** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Last of the Summer Wine **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Hotel Babylon **19.20** Spooks **20.10** Whose Line Is It Anyway? **20.40** Doctor Who **21.25** Last of the Summer Wine **21.55** Whose Line Is It Anyway? **22.25** Hotel Babylon **23.15** Spooks

## DR 1

**12.00** Chris på chokoladefabrikken **12.30** Rig ved et tilfælde **13.00** Sommertid **13.30** Søren Ryge direkte **14.00** That's So Raven **14.25** Svampebob Firkant **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Landet for længe siden **15.30** Fandango med Sebastian og Chapper **16.00** Sommerminder **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** By på Skrump **17.30** Ønskehaven **18.00** Jamie Oliver i Italien **18.25** Sommervejret **18.30** Så for sommer **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret **19.40** München **22.15** Höök **23.10** Naruto Uncut **23.30** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Sommerhuset **12.50** Skjergardsmat **13.20** Ut i naturen **13.50** Billedbrev **14.00** Verdensserien i sandvolleyball **16.00** Oddasat **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Det kongelige slott **18.30** Ekstremsportveko **18.50** Tradisjonshandverk **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Pressa **21.05** Kveldsnytt **21.20** Vår aktive hjerne **21.50** Rebus **23.00** Munter mat **23.25** Blues jukeboks

## SVT 1

**12.40** Vi är alla Abrahams barn **13.30** Vinnarna **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Engelska Antikrundan **15.45** Så såg vi sommaren då **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Grön glädje **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Mitt i naturen **18.30** Djursjukhuset **19.00** Grey Gardens **20.40** Syndens lag **21.35** Allsång på Skansen **22.35** Uppdrag Granskning **23.35** Woodstock 1969




## GOTT Á GRILLIÐ



*„Það er nú bara íslenskt lambakjöt. Einfalt og gott!“*

Jón Hjalti Ásmundsson, tæknilegur framkvæmdastjóri Frumherja.

# 14 ára samdi hvatningarlag fyrir afa

Hilmar Tryggvi Finnsson var einungis 14 ára gamall þegar hann samdi lag til afa síns sem ber nafnið The Day og er aðallag söfnunar til styrktar Mænuskaðastofnunar. Tryggvi Ingólfsson, afi Hilmars, datt af hestbaki fyrir fjórum árum og lamaðist frá hálsi og niður.

Hilmar samdi lagið sama dag og hann fékk fréttirnar af slysi afa síns, en þeir eru mjög nánir. „Ég hafði aldrei samið lag áður en hef alltaf verið mikið að leika mér með hljóðfæri. Ég veit eiginlega ekki hvað gerðist en ég bara settist niður með gítarinn og lagið varð til. Var eiginlega ekkert að hugsa en ég skrifaði bara allt sem mér datt í hug,“ segir Hilmar og viðurkennir að það hafi verið miklar tilfinningar í gangi á þessum tíma. „Ég var með orð læknanna, um hversu miklar líkur voru á að hann myndi lifa af og hvernig lífi hann myndi lifa, í höfðinu. Ég er að biðja um að hann fái að halda sínu lífi og njóta þess sem koma skal í laginu.“

Hilmar er í hljómsveitinni Porterhouse með föður sínum, Finni Bjarka Tryggvasyni, og Þorbjörgu, systur hans. Þau munu gefa út diskinn Spinal Chords í tengslum við söfnunina en það er Eurovisionlagahöfundurinn Örlygur Smári sem sá um upptökur á plötunni.



**SAMDI LAG TIL AFA** Hilmar Tryggvi Finnsson samdi lag til afa síns sem lamaðist frá hálsi og niður.

Útgáfufagnaður og myndlistarsýning verða í Gallerý Ormi á Hvolsvelli kl. 16.00 laugardaginn 3. júlí.

„Ég hef ekki enn þá sungið lagið fyrir afa og fær hann að heyra það á laugardaginn í fyrsta sinn. Ég hlakka til að sjá viðbrögðin,“ segir Hilmar og viðurkennir að hann sé smá stressaður fyrir stóru stundinni.

Til að styrkja söfnunina er hægt að hringja í númerið 908 7070 og þá renna 3.000 krónur af símareikningi beint til Mænuskaðastofnunar og plata sveitarinnar með laginu, The Day, verður send heim til viðkomanda. - áp



**LÁRÉTT**
**2.** faðmlag, **6.** fíngerð líkamshár, **8.** erlendis, **9.** atvikast, **11.** skóli, **12.** sjúga, **14.** sáldur, **16.** tveir eins, **17.** frostskemmd, **18.** eyrir, **20.** guð, **21.** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fyrst fædd, **3.** núna, **4.** greftrunar, **5.** arr, **7.** galli, **10.** skammstöfun, **13.** verkur, **15.** rekald, **16.** ósigur, **19.** holskrúfa.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** knús, **6.** ló, **8.** úti, **9.** ske, **11.** fg, **12.** totta, **14.** svarf, **16.** tt, **17.** kal, **18.** aur, **20.** ra, **21.** próf.
**LÓÐRÉTT: 1.** elst, **3.** nú, **4.** útfarar, **5.** sig, **7.** ókostur, **10.** etv, **13.** tak, **15.** flak, **16.** tap, **19.** ró.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. 4. maí 2011.
2. Ólöf Jara Skagfjörð.
3. David Villa.









ÓLAFUR ARNALDS: KEMUR FRAM Í BRIDGEWATER HALL MEÐ SINFÓNÍU

# Deilir sviði með Johnny Greenwood úr Radiohead

„Ég er búinn að vera hér síðan á sunnudaginn til að æfa og þetta er mjög flott. Gaman að spila í svona stórum sal,“ segir tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds. Hann frumflytur plötu sína … and they have escaped the weight of darkness fyrir fullum sal í The tónleikahöllinni Bridgewater Hall í Manchester í kvöld. Höllin er talin vera ein af þremur bestu tónleikahöllum í Bretlandi og tekur 2.400 manns í sæti. Gítarleikari hljómsveitarinnar Radiohead, Johnny Greenwood, flytur einnig eigið verk sig sama kvöld en hann er aðaltónskáld sveitar breska ríkisjónvarpsins BBC. Ólafur er að fylgja eftir útgáfu plötunnar sem kom út í Bretlandi í maí.

Ólafur er mikill aðdáandi hljómsveitarinnar Radiohead og telur hana vera eina af hans áhrifavöldum í raftónlist. „Ég var að heyra verkið hans Johnny Greenwood í dag og það er flott en pínu skrýtið verk fyrir strengjasveit. Er eiginlega ekki búin að ákveða hvað mér finnst um það,“ segir Ólafur, en Fréttablaðið náði tali af honum í pásu á milli æfinga daginn fyrir tónleikana. Hann var nokkuð rólegur yfir tónleikunum enda vanur að koma fram fyrir fullu húsi.

Ólafur verður með fullskipaða sinfóníuhljómsveit á bak við sig í kvöld í fyrsta sinn á ferlinum. „Þetta verður alveg magnað og það er eiginlega búið að vera hálf óraunverulegt að heyra þetta færa tónlistarfólk flytja tónlistina mína. Það er alveg svakalega flott, eiginlega bara geðveikt,“ segir Ólafur en hann endurútsetti plötuna fyrir heila sinfóníuhljómsveit og mun sjálfur spila á píanó í lögunum ásamt því að vera með tæki og tól á sviðinu til að setja „rafelementin“ í tónlistina. „Það er líka mjög spennandi að sjá sinfóníuhljómsveit spila með elektróniskum trommuóktum undir.“

alfrun@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



### ANDRÉ DE RIDDER BAUÐ ÓLAFI

Tónlistarstjórinn André de Ridder fékk Ólaf til að koma fram á tónleikunum eftir að hann hreifst af tónleikum hans í Berlín fyrir tveimur árum. De Ridder er frægur fyrir að blanda saman klassískri tónlist og poppi, en hann hefur séð um að útsetja tónlist fyrir hljómsveitir á borð við Blur, Gorillaz og Radiohead og er mjög virtur í þessum geira. **Johnny Greenwood** er einn af stofnmeðlimum Radiohead og heilinn á bak við stóran hluta hljóðheims hljómsveitarinnar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tónlistargúrúið **Dr. Gunni** vinnur nú að nýju borðspili sem er byggt á Popppunktsþáttunum. Slíkt spil kom út fyrir nokkrum árum og er ófáanlegt í dag. Talsvert dýrara er að láta framleiða borðspil í dag, en bjöllur og annað sérsmíðað glingur þarf að kaupa utan að með sorglega veikri krónu. Sama króna hjálpaði reyndar til þegar síðasta spil kom út, enda sterаþrútin og hress eftir því. Aðdáendur tónlistarspila ættu þó ekki að þurfa að örvænta þar sem neytendavitund Gunna er til staðar og rúmlega það þannig að hann okrar væntanlega ekki á kaupendum …



Talandi um Popppunkt þá nýtur spurningaþátturinn alltaf jafn mikilla vinsælda, en hann er sýndur í Sjónvarpinu um þessar mundir. Útgáfa tvö af Gunna og **Felix** stendur í stykkinu og þátturinn vinsælasta sjónvarpsefni landsins. Reyndar fyrir utan útsendingar frá fótboltamóti sem fer fram í Suður-Afríku um þessar mundir og einokar nánast lista Capacent yfir vinsælustu dagskrárliði Sjónvarpsins. Aðeins Popppunkti og Taggart tekst að narta í hæla takkaskóna.

Tónleikarnir á vegum Inspired by Iceland-átaksins hafa verið færðir í Hljómskálagarðinn vegna slæmrar veðurspár að Hamragörðum. Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum þá kemur Óskarsverðlaunahafinn **Glen Hansard** fram á tónleikunum, en hann er búinn að vera á landinu í nokkra daga. Hann hefur ekki setið með hendur í skauti heldur sást syngja og leika á gítar á Laugaveginum á mánudagskvöld. Nokkur hópur fylgdist með Hansard, en engum sögum fer af því hversu mikið hann þénaði. - afb



# Yngstu leikhústæknimenn landsins

Leikritið Sellófan, eftir Björk Jakobsdóttur, var frumsýnt í Iðnó á fimmtudaginn var og vakti ungur aldur tæknimanna sýningarinnar nokkra athygli sýningargesta.

Frændurnir Ásgrímur Gunnarsson og Auðunn Lúthersson sjá um hljóð- og tæknivinnu fyrir sýninguna en þeir eru aðeins sextán og sautján ára gamlir. Þeir hafa þó ekki langt að sækja hæfileikana því auk þess að hafa verið viðriðnir leikhúsheiminn um hríð er Ásgrímur sonur leikkonunnar Bjarkar Jakobsdóttur og leikarans Gunnars Helgasonar. „Þetta er mjög skemmtilegt starf. Við lentum reyndar í smá óhappi á frumsýningunni þegar leikkonan gleymdi nokkrum línum sem gerði okkur mjög stressaða. Við náðum þó að redda okkur með því að vera fljótir að hugsa,“ segir Ásgrímur, en þetta er í fyrsta sinn sem þeir félagar taka að sér tæknivinnu sem þessa.

„Þetta er alveg ótrúlega spennandi starf og það er alltaf gaman að fá að vinna í leikhúsi og fylgjast með leikurum að starfi. Við erum báðir með brennandi áhuga á leiklist og það er frábært að fá að skyggnast svolítið á bak við tjöldin. Þetta er mikil ábyrgð en við erum tveir saman í þessu sem gerir þetta auðveldara,“ útskýrir Auðunn.

Á veturna stunda frændurnir nám við Verslunarskólann og Menntaskólann í Reykjavík en í sumar starfa þeir báðir við Götuleikhúsið. Aðspurðir segjast þeir alltaf hafa haft mikinn áhuga á leiklist. „Maður fær góða útrás fyrir þessari athyglissýki hér í Götuleikhúsinu og við stefnum báðir að því að fara í leiklistarnám í framtíðinni,“ segir Auðunn að lokum. - sm



**HRESSIR FRÆNDUR** Ásgrímur Gunnarsson og Auðunn Lúthersson eru aðeins sextán og sautján ára gamlir. Þeir starfa sem hljóð- og tæknimenn við sýninguna Sellófan sem sýnt er í Iðnó. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Einstök upplifun

Náttúran og dýralíf Íslands er að vakna til lífsins eftir vetrardvala en þú veist ekki í hvaða ævintýrum þú getur lent fyrr en þú lætur á það reyna. Það er sama hvert þú ferð, útivistarfatnaðurinn frá **ZO•ON** er hannaður til að láta þér líða vel við allar aðstæður.



**RATA**

Þriggja laga útivistarjakki með Diamondium filmu. Hannaður til að mæta íslenskri veðráttu. Jakki fyrir útivistarfólk sem gerir kröfur.



**HLÍFA**

Þriggja laga Soft shell jakki, vatns-og vindheldur með góðri útöndun. Hentar vel sem innra og ytra lag.



**STIKA**

Hágæða göngubuxur, hannaðar fyrir erfiðar aðstæður. Vatnsfrá- hrindandi, quick dry efni. Göngubuxur fyrir kröfuharða.

**ZO•ON útivistarfatnaður fæst í nýrri verslun okkar í Bankastræti**
og í Kringlunni en auk þess í öllum helstu verslunum með útivistarfatnað á Íslandi.

ZO•ON ICELAND

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Á rúnti um landið

Hljómsveitin Hjaltalín hélt af stað í tæplega þriggja vikna ferðalag sitt um landið í gær. Fyrstu tónleikarnir voru í Búðardal í gærkvöldi en í kvöld spilar sveitin á Hótel Flatey. Tíu tónleikar til viðbótar verða svo haldnir á ferðalaginu um landið. Sveitin ætlar sér þó ekki að vera á tveimur stöðum í einu og gerir sérstaklega grein fyrir því á Facebook-síðu sinni að atriðið á síðarnefndu tónleikunum sé upptaka sem verði varpað á tjald. Upptakan var gerð um miðjan júní þegar tími gafst á milli æfinga sveitarinnar með Sinfóníuhljómsveitinni. *- þeb*



### Geiri með í lokadansi

Lög sem banna nektardans tóku gildi á miðnætti. Af því tilefni var dansinn stiginn af krafti í gærkvöldi á nektarstaðnum Goldfinger í Kópavogi. Eigandi staðarins, Ásgeir Davíðsson, sagðist í samtali við visir.is í gærkvöld, myndu hlaupa til á hárréttu andartaki og hylja viðkvæmustu staði líkama dansara sinna með laufblöðum svo allt færi löglega fram.



### Mest lesið visir.is

1. „Ég er ekkert reiður út í þann sem skvetti á mig“
2. Lést eftir árekstur við dauðadrukkna „Melrose Place” stjörnu
3. Taldi hraunmolann uppsprettu ógæfu
4. Maðurinn sem slasaðist í Járnblendiverksmiðjunni er látinn
5. Snælandsvídeó á hálum ís
6. Harmar umræðu um bíl





# Útsölur!










